



ÁRSSKÝRSLA 2021

Gerenda-
meðvirkni

'Eg stend með
þér og trúi

sláfunar
menning

#metoo

#GÖÐU
STRÁKARNIR



ÖFGAR

Skrímsla

Herdrula

Ritstjórn:

Tölfræðivinnsla og texti í tölfræðihluta:

Anna Þóra Kristinsdóttir

Texti í textahluta:

Hjálmar Gunnar Sigmarsson
Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir

Prófarkalestur:

Eygló Árnadóttir

Forsíða:

Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir

Umbrot og prentun:

Prentmet Oddi



Efnisyfirlit

Um ársskýrslur Stígamóta	5
Stofnun og hugmyndafræðilegur grunnur að starfi Stígamóta.....	6
#metoo 2021: Þegar við fórum að tala um gerendur ofbeldis.....	8
Sjálfs hjálparstarfið	11
Fjáröflun	14
Vitundarvakning	17
Samstarf og samráð.....	27
Skipulag Stígamóta	30
Tölulegar upplýsingar	33
Grunnupplýsingar.....	34
Lýðupplýsingar um brotþola	40
Um ofbeldisverkin.....	44
Afleiðingar kynferðisofbeldis.....	53
Kynjamunur á kynferðisofbeldi og afleiðingum þess fyrir brotþola....	58
Upplýsingar um þá einstaklinga sem beittu kynferðisofbeldi.....	65
Kærð mál	77
Aðstandendur	79

Um ársskýrslur Stígamóta

Í þessari ársskýrslu segir frá 32. starfsári Stígamóta. Gerð er grein fyrir hugmyndafræðinni að baki starfinu, sjálfshjálparstarfinu, fjáröflun, fræðslu, forvörnum og pólitískri samfélagsvinnu. Síðast en ekki síst eru teknar saman tölulegar upplýsingar ársins. Grunninn að skipulagðri gagnasöfnun lagði dr. Guðrún Jónsdóttir, stofnandi Stígamóta. Þau tölulegu gögn, sem safnað hefur verið, hafa reynst mikilvægt hjálpartæki við að greina umfang, eðli og afleiðingar kynferðisofbeldis. Í gögnin hefur verið vitnað í mörgum þingmálum, fjölda skólaritgerða á öllum skólastigum, í blaðagreinum og fjölmiðlaumfjöllun auk þess sem þau eru starfsfólki Stígamóta leiðarljós við forgangsroðun pólitískra verkefna.

Stofnun og hugmyndafræðilegur grunnur að starfi Stígamóta

Stofnun Stígamóta

Þann 8. mars 1989, á Alþjóðlegum baráttudegi kvenna, ákváðu íslenskar konur frá fjölda kvennasamtaka og félaga að helga daginn baráttunni gegn kynferðisofbeldi á Íslandi. Sjaldan hefur myndast eins víðtæk samstaða um nokkurt mál meðal íslenskra kvenna. Forsaga þessarar samstöðu gegn kynferðisofbeldi var nokkurra ára starf ýmissa sjálfboðaliðahópa kvenna að þessum málum og höfðu þær forgöngu að ofangreindu samstarfi. Þessir hópar voru: *Barnahópur Kvennaathvarfsins*, *Ráðgjafarhópur um nauðgunarmál*, *Kvennaráðgjöfin* og *Vinnuhópur gegn sífjaspellum*. Hóparnir kynntu starfsemi sína á fjölmönnum baráttufundi sem haldinn var í Hlaðvarpanum þennan dag, en þar var ákveðið að stofna *Samtök kvenna gegn kynferðisofbeldi*.

Af áralöngu starfi sjálfboðaliðahópanna var ljóst að spurningin var ekki hvort þörf væri fyrir frekari þjónustu, heldur hvernig væri best hægt að mæta henni. Fyrsta verkefni samtakanna var því að koma á ráðgjafar- og upplýsingamiðstöð fyrir konur og börn sem höfðu verið beitt kynferðisofbeldi, og byggja starfið á starfsreynslu og hugmyndafræði ofangreindra sjálfboðaliðahópa. Í kjölfarið var farið fram á styrk frá ríkinu og fékkst fjárveiting til starfsins í fjárlögum ársins 1990. Stígamót, staðurinn þar sem stígar mætast og þaðan sem leiðirnar geta verið margar, hóf síðan starfsemi sína 8. mars 1990. Á enga er hallað þó tekið sé fram að dr. Guðrún Jóns-

dóttir, félagsráðgjafi, hin eldri sé heilinn á bak við tilurð Stígamóta. Hún hafði þekkinguna, eldmóðinn, hugmyndirnar og kraftinn til þess að hrífa með sér alla kvenna-hreyfinguna og skapa það einstaka úrræði sem Stígamót hafa orðið.

Hugmyndafræðilegur grunnur

Frá upphafi hefur starfið á Stígamótum byggst á hugmyndum kynjafræðinnar um kynferðisofbeldi. Í þeim kenningum er skýringanna fyrst og fremst leitað í samfélagsgerðinni, þ.e. í valda- og stöðumismun. Karlar eru oftast en ekki í valdastöðu gagnvart konum og börnum, ófatlað fólk í valdastöðu gagnvart fötlðu fólki, innlendir gagnvart fólki af erlendum uppruna o.s.frv. Þær kenningar falla best að reynslu þeirra sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi og skýra jafnframt þá staðreynd að það eru, samkvæmt okkar tölum, í miklum mæli karlar sem beita konur og börn kynferðisofbeldi. Samkvæmt þessum hugmyndum er kynferðisofbeldi ógnvænlegasta form kynjamisréttis.

Á Stígamótum er litið svo á að þeir sem beita ofbeldinu noti það sem stjórnþæki til þess að ná valdi yfir þolanda sínum. Markmiðið er að lítillækka, ráða yfir og hafa taumhald og vald yfir þeirri manneskju sem beitt er ofbeldinu. Áhrif og afleiðingar kynferðisofbeldis eru ekki aðeins tengdar þeim sem því eru beitt. Vitundin um þetta form ofbeldis hefur



Í september var haldin glæsileg kveðjuveisla fyrir Guðrúnu okkar Jónsdóttur. Vegna Covid var henni frestað um rúmt ár og í staðinn slegið til hátíðar á þessu ári. Þar kom saman fyrrum samstarfsfólk, vinir og baráttusystur úr kvennahreyfingunni til að fagna stórbrotnum ferli Guðrúnar, sem var talskona Stígamóta í rúm 20 ár.

áhrif á upplifun allra kvenna á því hvað það er að vera kona, og tilvist þess takmarkar einnig frelsi kvenna.

Kynjafræðilegar kenningar marka einnig viðhorf og grunngildi í starfi með þeim sem hafa verið beitt kynferðisofbeldi, hvort heldur er í einstaklingsstarfi eða sjálfs-hjálpahópum. Femínísk viðhorf fela í sér þau megingildi að líta ekki á þau sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi sem varnarlaus fórnarlömb eða sjúklinga, heldur einstaklinga sem hafa lifað af ógnandi ofbeldi og búa þess vegna yfir miklum styrk. Jafnframt lítum við svo á að viðbrögð einstaklinga við kynferðisofbeldi og afleiðingar þess á líf þeirra séu eðlileg viðbrögð við óeðlilegum aðstæðum.

Starfsemin

Vinnan á Stígamótum skiptist í grunninn í tvennt, þjónustu fyrir brotabola kynferðisofbeldis annars vegar og hins vegar fjölbreytt pólitískt samfélagsstarf. Áherslan í þjónustunni við brotabola er að gera einstaklinga meðvitaða um eigin styrk, aðstoða þá við að nota hann til að breyta eigin lífi og að sjá ofbeldið í félagslegu samhengi en ekki sem persónulega vankanta. Fólk sem leitar til Stígamóta ræður sjálft ferðinni, hve mikinn stuðning það vill og í hve langan tíma. Aðstandendur, svo sem foreldrar,

makar og vinir, geta einnig fengið stuðning og ráðgjöf á Stígamótum.

Frá upphafi hafa Stígamót lagt kapp á það að þróa starfsemina á þann veg að ólíkir hópar brotabola upplifi sig velkomna, og má það meðal annars nefna karla, fatlað fólk, hinsegin fólk og fólk af erlendum uppruna. Jafnframt hafa Stígamót boðið upp á ráðgjöf á ýmsum stöðum utan höfuðborgarsvæðisins í samstarfi við sveitarfélög á þeim svæðum. Öll ráðgjafarþjónusta Stígamóta er ókeypis og því á færi allra að sækja hana, óháð efnahag.

Pólitískt starf Stígamóta er hugsað sem framlenging af þjónustu við brotabola. Þannig notum við þekkingu sem við fáum frá brotabólum til að stuðla að vitundarvakningu í samfélaginu og gera samfélagsbreytingar í þágu brotabola. Þetta gerum við með margskonar fræðslu, námskeiðahaldi, forvarnaverkefnum og samstarfi við önnur félagasamtök og stjórnvöld.

#metoo 2021: Þegar við förum að tala um gerendur ofbeldis

- Hugleiðingar um viðburðaríkt ár -

Það er óhætt að segja að umræðan um kynferðisofbeldi hafi sprungið út árið 2021. Á Stígamótum höfðum við í upphafi árs talsverðar áhyggjur af því að umræða um kynferðisofbeldi hafði alveg dottið niður í Covid-faraldrinum. Mælingar á fjölmiðlaumræðu sýndu að árið 2020 var talsvert sjaldnar fjallað um kynferðisofbeldi, nauðganir og kynferðislega áreitni en árin áður. Vissulega hafði ofbeldi gegn konum verið í deigluinni, vegna þess að vitað er að samfélagsleg einangrun og kreppa eins og sú sem kom með Covid-faraldrinum eykur iðulega á heimilisofbeldi og annað kynbundið ofbeldi. Umræða um heimilisofbeldi hafði því verið kröftug og fengið nauðsynlega athygli.

Þöggun

Í byrjun apríl urðu síðan miklar vendingar. Umræða fór af stað á samfélagsmiðlum um að þekktur fjölmiðlamaður hefði beitt tvær konur ofbeldi og verið væri að þagga málið niður. Fljótlega steig umræddur maður fram og tók viðtal við sjálfan sig í sínum eigin þætti, þar sem hann sór af sér allar sakir og kallaði umræðuna rægingarherferð. Samúðarbylgja flæddi yfir manninn og fjölmiðlar fylltust af umfjöllun um það hvernig



slúður getur eyðilagt mannorð fólks. Örstuttu síðar bárust svo fregnir af því að tvær konur hefðu lagt fram kæru á hendur manninum vegna ofbeldis.

Gerendameðvirkni

Femínistar bentu á hve þjóðfélagið er meðvirk með gerendum, enda flestir tilbúnir að trúa manninum varðandi sakleysi hans og kjaftasögur. Hugtakið gerendameðvirkni varð skyndilega útbreitt. Aktívistum og fagfólki í ofbeldismálum er tamt að tala um gerendameðvirkni en margir aðrir heyrðu þarna um þetta fyrirbæri í fyrsta sinn.

Þessi vangeta almennings til að trúa því að „góðir strákar“ gætu beitt ofbeldi hristi sannarlega upp í þolendum og aktívistum. Í stríðum straumum stigu nú brotapolar fram með sögurnar sínar, oftast á Twitter, en nú sjálfar undir nafni og nafngreindu jafnvel gerendurnar. Þannig fór af stað ný #metoo bylgja sem var engu kraftminni en sú fyrri. Í #metoo bylgjunni árið 2017 steig fram fjöldi kvenna og gerði grein fyrir því hve útbreiddur vandi kynferðisofbeldi og -áreitni væri. Þær stigu fram í krafti fjöldans, og persónur og leikendur skiptu ekki öllu máli – heldur það hve algengt og alvarlegt slíkt ofbeldi væri. Í nýju bylgjunni voru komin andlit



á þolendur – og ekki síður gerendur en það var nýr veruleiki.

Flestum okkar finnst þægilegast að hugsa um kynferðisofbeldi sem gerendalausan vanda – eins konar hamfarir sem skella óvart á óheppnum þolendum þessara brota. En raunin er sú að á bakvið hvern brotapolu er einstaklingur sem hefur beitt ofbeldi. Við heyrum sjaldnast frá gerendum ofbeldis, þeir taka almennt ekki ábyrgð og koma ekki fram í fjölmiðlum til að iðrast gjörða sinna. Því þótti mörgum óþægilegt þegar konur lýstu brotum sem þær höfðu orðið fyrir og lýstu gerendum svo nákvæmlega að flestir gátu áttað sig á því um hvern ræddi. Háfleygar umræður um mannorðsmorð, dómstól götunnar og norna-veiðar fóru af stað.

Slaufunarmenning?

Aktivistahópar gerðu nú þá kröfu að menn sem hefðu beitt ofbeldi ættu ekki jafn greiðan aðgang að sviðsljósinu



og áður. Þolandi steig fram og birti eigin sögu og aðrar um vinsælan tónlistarmann, sem í kjölfarið sagði sig úr sýningu í Þjóðleikhúsinu og hætti við aðra viðburði. Hann gekkst við því opinberlega að hafa "farið yfir mörk" einnar konu - eins og hann orðaði það sjálfur en talaði ekki um kynferðisofbeldi eða hinar konurnar. Þá stóð hópurinn Öfgar fyrir því að safna saman

sögum um annan þekktan tónlistarmann og fara fram á að hann myndi ekki koma fram á Þjóðhátíð í Eyjum. Hópurinn birti ótal sögur um ofbeldi og áreitni mannsins yfir langan tíma en þolendur nutu nafnleyndar í þeim. Þetta jók enn á reiði í samfélaginu og nú fór umræðan um slaufunarmenningu í hæstu hæðir. „Eiga þessir menn aldrei afturkvæmt?“ var sagt og látið í veðri vaka að fólk fengi ekki annan séns eftir „smávægileg mistök“.

Ég trúí þér og styð þig

Á sama tíma mátti finna að stór hluti fólks fór að skilja betur og gera sér grein fyrir þeirri gerendameðvirkni sem einkennir menningu okkar. Fleiri voru tilbúnir að trúa þolendum og lýsa yfir stuðningi við þá opinberlega. „Ég trúí þér og styð þig“ skrifuðu margir við samfélagsmiðla-færslur þar sem brotapolar lýstu reynslu sinni. Það verður að segjast að þetta var nýtt, því fram að því voru algengari viðbrögð að segja t.d. að tvær hliðar væru á öllum málum eða að best væri að taka ekki afstöðu. Að trúa brotapolu skilyrðislaust var magnað skref fram á við og mikill léttir fyrir margt fólk sem sat eitt í þögn og skömm í kjölfar kynferðisofbeldis.



Tónlistarmaðurinn kom að endingu ekki fram á Þjóðhátíð en í kjölfar ákvörðunar Þjóðhátíðarnefndar var útbúinn undirskriftalisti honum til stuðnings þar sem fram kom: „Það er ótækt með öllu að dóm-

stóll götunnar stjórni því hverjir komi fram á viðburðum á Íslandi. Engin kæra liggur fyrir og því er engin rannsókn í gangi.“ Þar endurspeglaðist það algenga viðhorf að kynferðisofbeldi hafi ekki átt sér stað nema málið hafi verið kært og dómstóll skorið úr um sekt gerandans. Því varð mikilvæg vitundarvakning á árinu um það að réttarkerfið hefur ekki getu til að sinna þessu hlutverki sínu. Augljóst var að margir landsmenn stóðu í þeirri trú að „hinn rétti farvegur“ fyrir kynferðisbrotamál væri réttarkerfið. Því var óþægileg afhjúpun að átta sig á því að í raun eru fæst brot kærð og að kerfið fellir niður mikinn meirihluta kærumála án þess að hleypa þeim inn í réttarsal. Þetta getur ómögulega þýtt að upplifun brotapolu af ofbeldi sé ekki réttmæt og flestir sjá þetta hrópandi óréttlæti þegar betur er að gáð.

Strákarnir okkar



Farið var að líða undir lok sumars og mikið vatn hafði runnið til sjávar, en þetta var þó bara byrjunin. Í ágúst birtist grein þar sem Knattspyrnu-samband Íslands var sakað um að þagga niður ofbeldisbrot landsliðsmanna í fótbolta. KSÍ svaraði þessu fljótlega og kannaðist ekki við að ástunda þöggun eða að hafa haft ofbeldisbrot til umfjöllunar.

Formaður sambandsins staðfesti í viðtali við Kastljós að engar tilkynningar hefðu borist KSÍ um ofbeldi landsliðsmanna. Daginn eftir steig þó brotapolu fram og sagði frá tilkynningu sinni til KSÍ (sem vissulega hafði verið sinnt og sett í farveg) og að formaðurinn segði því opinberlega ósatt frá. Fljótlega kom í ljós að minnst fimm þáverandi landsliðsmenn hefðu verið ásakaðir um brot, allt frá hópnauðgun og broti gegn barni til heimilisofbeldis.

Samfélagið brást vægast sagt harkalega við þessum upplýsingum og sættu formaður og stjórn KSÍ mikilli gagnrýni. Fyrst um sinn var eins og vitundarvakning mánaðanna á undan væri að skila sér og að lokum sögðu þau öll af sér. KSÍ hélt aukaárþing þar sem fyrsta konan var kosin formaður knattspyrnusambands í Evrópu. Þegar frá leið urðu þó gagnrýnisraddir í garð femínista og þolenda sífellt háværari og urðu beinlínis fjandsamlegar. Skýrasta birtingarmynd þessa varð þegar hæstaréttarlögmaður

birti á Facebook brot úr lögregluskýrslum konunnar sem kom fram í Kastljósinu – til þess eins að draga úr trúverðugleika hennar, rægja hana og lítillækka. Það sást hve rótgróið feðraveldið er í réttarvörslukerfinu þegar aðstoðarríkissaksóknari líkaði við færslu hæstaréttarlögmannsins, þrátt fyrir að þarna væri verið að brjóta gróflega á friðhelgi einkalífs brotapolans og viðhafa orðfæri sem gerir lítið úr konum.

Margir þjóðþekktir menn höfðu verið afhjúpaðir yfir sumarið en þegar þarna var komið við sögu voru það



Strákarnir okkar sem féllu niður af stallinum – stolt Íslands. Viðbrögð landsliðsþjálfarans og ýmissa annarra út fótboltageiranum gáfu til kynna vanskilning á alvarleika málsins, þeim fannst pirrandi að þurfa að standa í þessu. Tilkallið til þess að vera ósnertanlegir var áþreifanlegt en knattspyrnuhreyfingin var að sætta sig við landsleiki án þeirra leikmanna sem sætt höfðu ásökunum.

Hvenær eiga þeir afturkvæmt?

„Hvenær fá þeir að koma aftur?“ var spurningin sem ómaði frá fólki sem hafði óþol fyrir því að menn væru látnir taka ábyrgð á gjörðum sínum. Einhverjir horfðust í augu við það að „góðir strákar“ og jafnvel „strákarnir okkar“ gætu beitt ofbeldi. En átti það að eyðileggja allan þeirra feril? Kveikur reið á vaðið og bjó til heilan þátt sem fólst í drottningarviðtali við leikara á fertugsaldri sem hafði orðið uppvís af því að senda unglingsstúlkum typpamyndir. Hann lýsti því hvernig þessi „mistök“ hans hefðu orðið til þess að í nokkur ár hefði hann ekki fengið vinnu sem leikari, né nokkra atvinnu yfir höfuð. Hann gekkst við markaleysi í þættinum en tók að öðru leyti enga ábyrgð á gjörðum sínum. Honum hafði verið slaufað að eigin sögn.

Samúðarbylgja flæddi yfir manninn

í kjölfar þáttarins og sjálfsagt aðra gerendur ofbeldis líka.

Femínistar notuðu hugtakið

hannúð um það sem var að

gerast – við sem afurðir feðra-

veldisins ráðum ekki við okkur þegar

kemur að samúð með körlum. Aumingja hann að hafa beitt ofbeldi.



Aukin aðsókn

Öll umræðan sem skapaðist á árinu hafði gríðarleg áhrif.

Stór hluti almennings fór ekki varhluta af vitundarvakningunni og áttaði sig betur á því hve útbreitt vanda-

mál kynferðisofbeldi er, hversu nálægt það er okkur

öllum og að ekki sést utan á geranda að hann hafi beitt

ofbeldi. Jafnframt varð vakning meðal þolenda um að

skila skömminni, leita aðstoðar og vinna úr afleiðingum

ofbeldisins. Þá hefur umræðan rífið upp gömul sár því það

getur verið strembið að heyra samstarfsfólk á kaffistof-

unni eða fjölskyldumeðlimi við kvöldverðarborðið barma

sér yfir því að nú sé komið nóg og að þessi „slaufunar-

menning“ sé komin út í öfgar. Aðsókn á Stígamót rauk

upp og höfum við allt árið unnið hörðum höndum að því

að taka á móti eins mörgu fólki og við getum í viðtöl og

hópa. Við höfum aldrei tekið á móti jafn mörgum nýjum

brotapolum á einu ári og er þá ekki talinn með sá fjöldi

fólks sem var á biðlista hjá okkur um áramótin, en um 200

manns biðu þá eftir að fá úthlutað viðtalstíma. Þetta hefur

skapað talsverðar áskoranir í starfinu en fyrst og fremst er

ánægjulegt að sjá þá miklu vakningu sem hefur orðið um

málaflokkinn.

Sjálfshjálparstarfið

Einstaklingsviðtöl

Einstaklingsmiðaður stuðningur við að ræða ofbeldið, rífa það upp og setja á það orð eru fyrstu skrefin í þá átt að ná tökum á afleiðingum ofbeldisins og áhrifum þess á

sjálfsmýnd þeirra sem því eru beitt. Í ár sóttu 952 einstaklingar viðtöl á Stígamótum, þar af voru 465 nýir brotapolar og 96 nýir aðstandendur. Ítarlegar tölfræðiupplýsingar um

Mikil aðsókn á árinu

Á árinu 2020 var farin sú leið að skrá á biðlista það fólk sem hafði samband til að fá tíma hjá ráðgjafa. Þetta var gert til að tryggja betri þjónustu fyrir brotapolar og tryggja að það væri styttri bið á milli fyrstu viðtala hvers aðila. Í apríl á þessu ári leit biðlistinn vel út og biðin eftir lausum tíma fór að styttnast. Hinsvegar tók umræðan um kynferðisofbeldi mikinn kipp í maí og þróaðist í aðra #metoo-bylgju þar sem konur komu fram með reynslu sína af kynferðisofbeldi. Eins og svo oft áður þegar umræðan um kynferðisofbeldi verður áberandi jókst aðsóknin hjá okkur og á nokkrum vikum þrefaldaðist biðlistinn. Í ljósi stöðunnar var ákveðið að bregðast við með því að ráða ráðgjafa í sumarstörf til að takast á við þessa gífurlegu aukningu. Ráðnir voru fjórir ráðgjafar yfir sumarið, og undir lok sumars fékkst aukafjárveiting frá forsætisráðuneytinu sem hjálpaði Stígamótum að takast á við þessa miklu aðsókn. Um haustið var ákveðið að bæta aftur við ráðgjöfum í hlutastörf, því þörfin var enn mikil. Engu að síður tókst ekki að vinna niður allan biðlistann og undir lok árs voru 200 manns að bíða eftir viðtali.



Hluti af starfshópnum sem stóð vaktina um sumarið.

Námskeið fyrir ungar konur

Til að bregðast við mikilli aukningu á biðlista Stígamóta var á haustmánuðum skipulagt sérstakt sjálfshjálparnámskeið fyrir konur á aldrinum 18-25 ára; um afleiðingar kynferðisofbeldis og hjálp til sjálfshjálpar. Lögð var áhersla á hvernig jákvætt sjálfstal getur ýtt undir betri líðan og sterkari sjálfsmynd. Þemu sem tekin voru fyrir voru: Sagan mín, stuðningur úr umhverfinu okkar, sektarkennd, skömm, sjálfsskaðandi hegðun, gerandinn, sjálfsmynd, valdefling, traust og hvernig hægt er að takast á við reiði, nánd og höfnun. Á hverju námskeiði voru 6-8 þátttakendur og hittist hópurn inn vikulega í 7 vikur, í 3 klukkutíma í senn.

NÁMSKEIÐ FYRIR UNGAR KONUR UM AFLEIÐINGAR KYNFERÐISOFBELDIS

Í haust bjóð Stígamót upp á námskeið fyrir ungar konur á aldrinum 18-25 ára um afleiðingar kynferðisofbeldis og hjálp til sjálfshjálpar. Lögð er áhersla á hvernig jákvætt sjálfstal getur ýtt undir betri líðan og sterkari sjálfsmynd.

UMFJÖLLUNAREFNI

1. tími: Hver er ég – hver er mín saga.
2. tími: Stuðningur í kringum okkur.
3. tími: Sektarkennd, skömm og sjálfsskaðandi hegðun.
4. tími: Gerandinn og að takast á við reiði.
5. tími: Nánd, hræðsla við höfnun og að byggja upp traust.
6. tími: Sjálfsmynd og valdefling.
7. tími: Lokahittingur og samantekt.

ofbeldisbrotin, afleiðingar þeirra, gerendurnar og fleira er að finna í tölfraeðihluta þessarar ársskýrslu.

Sjálfshjálparhópar

Frá upphafi hafa sjálfshjálparhópar verið mikilvægir í starfsemi Stígamóta. Í þessum hópum koma brotaþolar saman til að sækja sér styrk og takast á við erfiðleika sem rekja má til afleiðinga kynferðisofbeldis. Með þátttöku í hópastarfi er einangrun rofin og þátttakendur veita hver öðrum stuðning. Samkennd og trúnaður ríkir í samskiptum þátttakenda og rauði þráðurinn í starfinu er sjálfsefning. Hópunum er kynjaskipt og er reynt að raða í hópa eftir aldri. Sérstakir hópar eru starfræktir fyrir konur með reynslu af væði til að vinna úr afleiðingum þess. Hefðbundnir sjálfshjálparhópar á Stígamótum hittast 12 sinnum, í 2,5 tíma í senn og þátttakendur skuldbinda sig til skyldumætingar.

Árið 2021 voru starfræktir 15 sjálfshjálparhópar með samtals 70 þátttakendum, þar af 2 hópar fyrir karla og 5 námskeið fyrir ungar konur. Um haustið var haldið sérstakt jóganámskeið með áherslu á úrvinnslu áfalla.

Ásamt starfsfólki Stígamóta leiddu 9 leiðbeinendur hópana, en þeir hafa fengið sérstaka þjálfun í því. Jafnframt tóku 2 aðstoðarleiðbeinendur (sem eru í þjálfun) þátt í starfinu með að aðstoða í hópastarfi. Leiðbeinendur hittust mánaðarlega á fundi undir handleiðslu Þórunnar Þórarinsdóttur, ráðgjafa á Stígamótum. Allir hópaleiðarar, sem eru ekki hluti af föstu starfsfólki Stígamóta, sækja handleiðslu hjá Stígamótaráðgjafa að eigin vali á meðan sjálfshjálparhópurinn er starfandi.

Strákarnir á Stígó – sjálfshjálparkvöld fyrir karlkyns brotaþola

Strákakvöld Stígamóta hafa verið haldin síðan 2014 en fyrirkomulagið á þeim þróast í gegnum árin og mæting á þau aukist. Þarna er þeim körlum sem hafa nýtt sér þjónustu Stígamóta gefið tækifæri til að hittast og ræða málín við aðra karlkyns brotaþola, í traustu og öruggu rými. Undanfarin ár hafa kvöldin verið skipulögð sem sjálfshjálparkvöld með valdeflingu og sjálfstyrkingu að markmiði. Fjölbreytt þemu eru tekin til umræðu, aðferðir ræddar og verkfærum deilt. Fimm hefðbundin strákakvöld voru haldin á árinu, en í janúar og febrúar voru tvö kvöld

haldin á Zoom vegna Covid-faraldursins. Fyrirkomulagið á þeim fundum var aðeins öðruvísi og þeir því styttri fyrir vikið. Viðfangsefnin sem tekin voru fyrir í ár voru: Sjálfsmyndin og sjálfsvirðing, ákvörðunin um að láta sér líða betur, heilbrigð sambönd og samskipti, karlar og tilfinningar, og sjálfsmyndhyggja.

Stígamót á staðinn

Verkefnið *Stígamót á staðinn* hefur nú verið starfrækt í nær fimmtán ár. Þá fer ráðgjafi frá Stígamótum 1-2 sinnum í mánuði í ákveðið bæjarfélag og býður brotapolum þar upp á einstaklingsviðtöl. Vegna heimsfaraldurs og sóttvarnaaðgerða voru farnar færri ferðir en stefnt var að, en þess í stað var boðið upp á símaviðtöl og netráðgjöf. Í ár fóru Stígamót 5 ferðir til Ísafjarðar og var þjónustan nýtt af 13 einstaklingum í samtals 23 viðtölum. Auk þess notaði ráðgjafinn ferðirnar til að setjast niður með fulltrúum félagsamtaka og stofnana á svæðinu. Stígamót hófu ráðgjöf á Ísafirði árið 2016 og hefur aðsóknin aukist jafnt og þétt.

Börn og unglingar

Á Stígamótum fara ekki fram viðtöl eða annað sjálfshjálparstarf með börnum nema mál þeirra hafi fengið meðferð barnaverndaryfirvalda. Foreldrar, aðstandendur og fagfólk hringir þó iðulega og leitar ráða um hvernig skuli bregðast við grun um kynferðisbrot gagnvart barni. Þessum hópi er veitt ráðgjöf en jafnframt bent á að hafa samband við viðkomandi barnaverndarnefnd, hringja í 112, hafa samband við lögreglu eða leita ráða hjá Barnahúsi. Ráðgjöf fyrir aðstandendur er veitt á Stígamótum og eru foreldrar barna sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi sérstaklega boðnir velkomnir. Á árinu komu 11 einstaklingar undir 18 ára aldri í viðtöl á Stígamót, vegna mála hjá barnavernd. Vert er að nefna að þó Stígamót taki aðeins á móti fólki yfir 18 ára aldri (nema í þessum undantekningartilfellum) voru tæplega 70% þeirra sem leituðu til Stígamóta á árinu fyrst beitt kynferðisofbeldi áður en þau urðu 18 ára. Á

árinu voru haldnir fundir með starfsfólki barnaverndar nokkurra sveitarfélaga til að kynna nýtt úrræði fyrir unglinga sem Stígamót munu opna fljótlega. Gott var að eiga spjall við þessa fagaðila þar sem ýmis önnur þjónusta Stígamóta var einnig rædd, t.a.m. aðstandendaviðtöl fyrir foreldra barna sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi.

Fjölskyldur, pör og aðstandendur

Kynferðisofbeldi hefur mikil áhrif á fjölskyldu brotþola og aðra aðstandendur. Þess vegna er mikilvægt að þeir séu hluti af lausninni og fái upplýsingar um hvernig hægt er að styðja við brotþola í sínu umhverfi. Stígamót bjóða því bæði brotapolum og aðstandendum ráðgjöf. Stundum kemur fólk í viðtöl sem tengist bæði ofbeldismanni og brotþola nánnum böndum, en slíkar kringumstæður valda oft mikilli togstreitu innan fjölskyldu. Oft koma makar brotþola í aðstandendaviðtöl en það er gríðarlega mikilvægt að makinn trúi brotþolanum og fari ekki í það hlutverk að yfirheyra eða taka stjórnina. Almennt var mikil aukning í viðtölum þetta árið og á það einnig við aðstandendur. Árið 2021 komu 96 aðstandendur á Stígamót, sem er 33% aukning frá árinu áður.

Stígamót bjóða einnig upp á fjölskyldu- og paraviðtöl sem eru frábrugðin venjulegum viðtölum. Þar er rýnt í samskiptamynstur og fjölskyldukerfi sem eru tilkomin vegna kynferðisofbeldis og afleiðingum þess. Mikilvægt er að fólk sé tilbúið að skoða viðbrögð sín og vinna að sameiginlegum markmiðum. Slík ráðgjöf býðst þeim sem hafa verið í viðtölum á Stígamótum og þarf beiðni að koma frá ráðgjafa viðkomandi aðila. Boðið er upp á þrjá tíma en svo metið í sameiningu hvort þörf sé á fleiri viðtölum. Á árinu var þó tímabundið dregið úr paraviðtölum til að anna aukinni eftirspurn eftir þjónustu Stígamóta. Fjölskyldufræðingarnir Karen Linda Eiríksdóttir og Eva Bryndís Pálsdóttir halda utan um þetta starf.

Fjáröflun

Mánaðarlegir styrktaraðilar

Á undanförunum árum hafa mánaðarleg framlög einstaklinga til starfseminnar gert Stígamótum kleift að vaxa og dafna. Í lok árs voru mánaðarlegir styrktaraðilar Stígamóta í kringum 6000 talsins og mynda þeir styrkan fjárhagslegan grunn fyrir samtökin. Þessir styrktaraðilar hafa hjálpað til við að svara aukinni eftirspurn eftir aðstoð við brotaþola kynferðisofbeldis og gert forvarnaverkefni á borð við *Sjúkást* að veruleika. Framlögin eru Stígamótum ómetanleg en heildarframlag þeirra á árinu voru tæpar 102 milljónir króna.

Á árinu gengu rúmlega 1530 manns í hóp mánaðarlegra styrktaraðila, en flestir skráðu sig eftir samtal við götukynni á okkar vegum. Yfir sumarið starfaði frábær hópur ungs fólks á Stígamótum sem stoppaði fólk úti á götu, oft fyrir framan stórverslanir, og átti við það samtal um starfsemi Stígamóta og baráttuna gegn kynferðisofbeldi. Götukynnarnir okkar stóðu sig frábærlega en Covid setti þó strik í reikninginn með tilheyrandi einangrun og sóttkví. Við erum þakklát fyrir bæði eldmóð og dugnað fólksins okkar í götukynningum og þær hlýju móttökur sem það fær hjá almenningi.



Öflugur hópur götukynna sumarið 2021.



Katrín Jakobsdóttir ásamt fulltrúum Stígamóta, Bjarkarhlíðar og Bjarmahlíðar sem öll hlutu styrk frá forsætisráðuneytinu í sumar. Styrkirnir voru hluti af skuldbindingum Íslands í tengslum við átaksverkefnið Kynslóð jafnréttis (Generation Equality Forum). Styrknum til Stígamóta var ætlað að stytta biðlista og efla þjónustu við ungmenni.

Einnig vorum við dugleg að hringja í valda aðila og bjóða þeim að gerast styrktaraðilar og náðist góður árangur í því. Samtals skráðu sig tæplega 500 manns sem höfðu ýmist tekið hluta af sambandsprófi Sjúkást á Facebook eða styrkt samtökin í gegnum herferðina *Styttum biðlistann*. Þá hækkuðu 328 núverandi styrktaraðilar framlag sitt á árinu. Erum við öllu þessu fólki ævinlega þakklát því þau gera Stígamótum kleift að aðstoða fleira fólk og fræða fleiri ungmenni.

Framlög opinberra aðila

Frá stofnun hafa Stígamót fengið rekstrarframlag frá stjórnvöldum í gegnum félagsmálaráðuneytið. Án þessa stuðnings frá ríkinu gætu Stígamót ekki haldið úti ráðgjafþjónustunni fyrir þau mörg hundruð manns sem hana sækja á hverju ári. Á árinu 2021 nam þessi upphæð kr. 82.320.000.

Ár hvert senda Stígamót fjárbeiðni til allra sveitarfélaga á Íslandi og bjóða þeim að taka þátt í baráttunni gegn kynferðisofbeldi með því að styrkja starfsemina. Stígamót og Reykjavíkurborg hafa verið með þjónustusamning til margra ára og nemur framlag borgarinnar nú kr. 12.000.000 á ári. Minni sveitarfélög leggja til lægri upphæðir en á árinu styrktu önnur sveitarfélög Stígamót um samtals kr. 3.000.000.

Stígamót vöktu athygli félagsmálaráðherra og forsætisráðherra á því að efla þyrfti þjónustuna og stytta biðtíma brotþola eftir viðtali, en eftirspurn eftir þjónustu samtakanna hefur aukist gríðarlega undanfarin misseri vegna

mikillar opunar í umræðu um kynferðisofbeldi og nýrrar #metoo bylgju. Fast framlag félagsmálaráðuneytisins hafði ekki hækkað frá árinu 2014 og því varð að brúa talsvert bil. Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra, svaraði kallinu og veitti 15 milljónum króna til Stígamóta til að bregðast við auknu álagi í þjónustu samtakanna og draga þar með úr biðtíma eftir þjónustu. Þá var hluti framlagsins einnig ætlaður til að bæta þjónustu við ungmenni.

Aðrir styrkir

Á árinu kom enn á ný styrkur frá hinum frábæru samtökum *Donor Direct Action* en það eru femínísk sam-



Rósa Sturludóttir kom í sumar og gaf Stígamótum veglega peningagjöf. Var um að ræða pening sem safnaðist í brúðkaupi hennar. Hjónin ákváðu að afþakka gjafir og hvöttu brúðkaupsgesti í staðinn til að styrkja Stígamót. Með þessu vildi hún þakka fyrir þá þjónustu og stuðning sem hún hefur fengið á Stígamótum. Á myndinni er Rósa að afhenda Hönnu ráðgjafa Stígamóta gjöfina.



Stig fyrir Stígamót! Domino's hét þúsund krónum fyrir hvert stig sem Daði og Gagnamagnið myndu fá í Eurovision. Þeim gekk auðvitað þrusuvel, fengu 378 stig og Stígamót fögnuðu hverju stigi sérstaklega vel þetta árið.

tök sem styðja kvennasamtök sem vinna á vettvangi víðsvegar um heim. Styrkurinn er ætlaður í baráttuna gegn vændi og mansali og kom úr sjóði sem heitir *Gloria Steinem Equality Fund To End Sex Trafficking*. Samtals nam styrkurinn rúmum fjórum milljónum króna.

Stígamót njóta mikillar góðvildar meðal almennings, fyrirtækja, félagasamtaka og ýmissa hópa um allt land. Á árinu gáfu nokkrir góðhjartaðir einstaklingar rausnarlega styrki til Stígamóta en alls komu um 2,7 milljónir frá átta manns. Stígamót fóru í átaksverkefni á árinu þar sem hringt var í ýmis fyrirtæki, lítil og stór, og þeim boðið að styrkja starfsemina, en samtals söfnuðust um 2,4 milljónir. Þess fyrir utan gáfu önnur fyrirtæki samtals tæpar þrjár milljónir. Má þarf nefna Marz sjávarafurðir sem styrktu um eina milljón og Eflingu, VR og Læknatorg sem gáfu hver kr. 500.000. Þá gáfu stjórnvöld Stígamótum 1,5 milljón vegna 30 ára afmælis samtakanna árinu áður. Enn fleiri einstaklingar, fyrirtæki, félög og hópar gáfu til starfseminnar og erum

við á Stígamótum þeim öllum óendanlega þakklát, enda verður þessi starfsemi ekki rekin án góðvildar og samtakamáttar.

Styrkir í verkefnið Sjúkást

Sjúkást-verkefnið hefur fengið mikinn meðbyr á undanförnum árum og hefur gengið vel að afla tekna í verkefnið svo það lifi áfram. Í ár fékkst ein milljón úr Lýðheilsusjóði auk þess sem ný áætlun um forvarnir gegn kynferðisofbeldi á vegum stjórnvalda veitir frá og með árinu í ár tvær milljónir í verkefnið árlega til 2025. Síðla árs komu svo tveir mjög veglegir styrkir úr forsætisráðuneytinu sem nýttir verða í Sjúkást-herferðina 2022 og þá sérstaklega í nýtt úrræði sem felst í nafnlausu netspjalli fyrir unglinga. Um var að ræða fimm milljónir í tengslum við *Kynslóð jafnréttis* sem áður var nefnt og svo 12 milljónir í sérstakan styrk fyrir unglingaspjallið. Þökkum við þessum aðilum kærlega fyrir að taka þátt í þessu mikilvæga forvarnastarfi með okkur.

Vitundarvakning

Sjúkást: Er þetta ást?

Sjúkást herferð Stígamóta fór fram dagana 17.-27. maí. Það má með sanni segja að Covid-faraldurinn og allt sem honum fylgdi hafi sett strík í reikninginn varðandi flest sem tengdist Sjúkást þetta árið.

Sjúkást á tímum Covid

Fyrir það fyrsta voru félagsmiðstöðvar og framhaldsskólar mestmegnis lokaðir á vormisseri eða með verulega skerta starfsemi. Því var ákveðið að hafa átakið að mestu leyti á netinu og sleppa allri framleiðslu á varningi á borð við plaköt, póstkort, límmiða o.s.frv. Þetta þýddi einnig að fræðsla á vegum félagsmiðstöðvanna í samstarfi við Samfés myndi falla niður. Sjúkást-teymið leitaði því leiða til að búa til einhverskonar gagnvirkar fræðslu á netinu og varð niðurstaðan: Sambandsprófið, þar sem ungmenni gátu kannað þekkingu sína og metið hvort 12 ólík samskiptamynstur lýstu heilbrigðu, óheilbrigðu eða ofbeldisfullu sambandi. Ofan á að efnistösk og framsetning áttaksins yrði að taka mið af heimsfaraldurinum frestuðust allar upptökur vegna hertra samkomutakmarkana, og þar með herferðin öll. Hún var því ekki tilbúin til keyrslu fyrr en um miðjan maí, eða rúmum tveimur mánuðum seinna en venjulega.

Er þetta ást?

Í átaki ársins var lögð áhersla á að fræða ungt fólk um muninn á heilbrigðum, óheilbrigðum og ofbeldisfullum samböndum, og Sambandsprófið því sett upp á nýrri og endurbættri heimasíðu Sjúkást. Stuðst var við hið vinsæla lag Páls Óskars; *Er þetta ást?* og varð það yfirskrift áttaksins. Lagið hafði gengið í endurnýjun lífdaga stuttu áður í frábærri útgáfu Unnsteins Manúels og Hermigervils.

Allir tónlistarmennirnir lögðu Sjúkást lið með því að leyfa notkun lagsins endurgjaldslaust í efni áttaksins.

Til að vekja athygli á Sambandsprófinu fengu Stígamót til liðs við sig áhrifavaldana Patrek Jamie, Villa Netó, DJ Dóru Júlíu, Emblu Wigum, Kristófer Acox og Helga Ómarsson. Þau sátu bæði fyrir á myndum og tóku þátt í myndbandi þar sem þau veltu fyrir sér ólíkum samskiptaleiðum í samböndum.

20.000 ungmenni tóku prófið

Sett var upp samfélagsmiðlaherferð á Instagram og YouTube þar sem Sambandsprófið var kynnt fyrir markhópnum, 13-19 ára ungmennum, og óhætt er að segja að það hafi gengið framúrskarandi vel því 20.000 manns tóku prófið þá tíu daga sem átakið stóð yfir. Þá nálguðumst við hina ýmsu áhrifavalda sem fjölluðu um Sambandsprófið með einum eða öðrum hætti á Instagram Story, þar á meðal: Fanney Dóra, Binni Glee, Kristín Péturs, Elfgrime, Kara Kristel, Sóli Hólm, Katrín Edda, Hulda B. Waage og mörg fleiri.





Er þetta ást?

Allt mitt er orðið að þínu

SJUKÁST ♥ SJUKAST.IS



Er þetta ást?

Af ást til þín er ég dofinn

SJUKÁST ♥ SJUKAST.IS



Er þetta ást?

Eyði ég deginum með þig á heilanum

SJUKÁST ♥ SJUKAST.IS



Er þetta ást?

Magnað hvað ástin getur gert

SJUKÁST ♥ SJUKAST.IS



Er þetta ást?

Þú heldur á hjarta mínu

SJUKÁST ♥ SJUKAST.IS



Er þetta ást?

Öll tengsl við sjálfan mig rofin

SJUKÁST ♥ SJUKAST.IS

Unglingar gegn ofbeldi

Unglingar gegn ofbeldi er samstarfsverkefni Stígamóta og Samfés, sem hefur það að markmiði að unglingar taki þátt með virkum hætti í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi og kynferðisofbeldi. Starfið hefur verið fyrir unglinga á aldrinum 13-16 ára, en í ár ákváðum við að breikka aldursbilið til að halda í þá reynslu sem hefur myndast innan hópsins og aðalhetjur starfsins nú komnar í framhaldsskóla. Vegna Covid var starfið ekki auglýst í öllum félagsmiðstöðvum líkt og áður, og fóru flestir fundir hópsins fram á Zoom.

Hópurinn mótaði sínar aðgerðir um hvernig fræða mætti jafningjana og fólk í þeirra nærumhverfi um ofbeldi. Ákveðið var að búa til myndband sem fjallaði um kynbundið ofbeldi, og mikilvægi þess að leita sér hjálpar og skila skömminni, en það var tekið upp í samstarfi við UngRÚV. Myndbandið var frumsýnt í beinni útsendingu á Söngkeppni Samfés og birt á samfélagsmiðlum verkefnisins. Myndbandið passaði mjög vel inn í samfélagsumræðuna í kringum aðra #metoo byltinguna sem var á þessum tíma í hámarki.

Hópurinn heldur úti Instagram síðunni @unglingargegnofbeldi og má þar sjá myndbandið og annað efni sem var búið til af hópnum í ár. Bjarklind Björk Gunnarsdóttir aðstoðaði ungmennin og stýrði starfi hópsins, en Unglingar gegn ofbeldi fengu rausnarlegan styrk frá félagsmálaráðuneytinu í gegnum aðgerðateymi stjórnvalda gegn ofbeldi.



Bandamenn - Námskeið fyrir karla sem vilja beita sér í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi

Bandamenn er námskeið fyrir karla og hafa Stígamót boðið upp á það síðan 2018. Meginmarkmið námskeiðsins er að varpa ljósi á hvað karlar geta gert í baráttunni gegn kynferðisofbeldi gegn konum, kynsegin einstaklingum og öðrum jaðarhópum. Farið er yfir m.a. reynslu brotþola kynferðisofbeldis og fjölbreyttar birtingarmyndir kynferðisofbeldis í samhengi við kynjakerfið og valdamisgun. Covid-faraldurinn gerði það að verkum að erfitt var að halda námskeiðið fyrri part ársins.

Í kjölfar #metoo bylgjunnar sem fór af stað í maí á þessu ári var mikil umræða um hvað karlar geta gert til að styðja við málaflokkinn. Í kjölfarið höfðu rúmlega 50 karlmenn samband á nokkrum vikum til að forvitnast um námskeiðið. Einnig höfðu fjölmíðlar samband og mætti Hjálmar Sigmarsson, sem heldur utan um námskeiðið, í nokkur viðtöl. Þrjú námskeið voru haldin um haustið, fyrir samtals 38 karla á öllum aldri. Þetta voru tvö kvöldnámskeið og eitt helgarnámskeið. Hver hópur hittist 2-3 sinnum í samtals 9 klukkustundir, þar sem blandað er saman fyrirlestur, æfingum og umræðum. Þátttakendur segja mikið vægi á þessu tækfæri til að ræða kynferðis-

ofbeldi á brotþolavænum forsendum við aðra karla. Í ár lögðu þátttakendurnir mikla áherslu á að fá hagnýt ráð um hvernig ræða megi þessi mál við aðra karla og fá gerendur í þeirra umhverfi til að taka ábyrgð á ofbeldi sem þeir hafa beitt.

Á þessu ári voru einnig haldnar nokkrar styttri kynningar og vinnustofur með hluta af námsefninu. Má þar nefna vinnustofu fyrir nemendur við Háskólasetur Vestfjarða, þriggja daga námskeið og fyrirlestur á ráðstefnu samtaka í St. Pétursborg í samstarfi við RIKK, tveggja daga námskeið í alþjóðlega jafnréttisskólanum við HÍ - GRÓ GEST, og kynningu á kynjafræðipingi framhaldsskólanema.



Mannréttindadómstóllinn: Níu konur kæra íslenska ríkið

Á alþjóðlegum baráttudegi kvenna þann 8. mars boðuðu 13 kvenna- og jafnréttissamtök til fundar þar sem kynntar voru kærur níu kvenna til Mannréttindadómstóls Evrópu vegna niðurfellinga mála þeirra í réttarvörslukerfinu. Áður en fundurinn var haldinn var ráðist í vitundarvakningu um afdrif kynferðisbrotamála í réttarkerfinu.



Myndband um afdrif nauðgunarmála í réttarkerfinu

Vitundarvakningin hófst á því að í byrjun mars gáfu Stígamót, í samvinnu við kvenna- og jafnréttishreyfinguna á Íslandi, út myndband þar sem afdrifum nauðgunarmála í réttarkerfinu var lýst. Í yfirlýsingu samtakanna samfara útgáfu myndbandsins kom eftirfarandi fram:

Réttarkerfið á að færa okkur réttlæti, tryggja öryggi borgaranna gegn glæpum og dæma til refsingar þá sem brjóta af sér. Það er deginum ljósara að réttarkerfið hefur litla sem enga burði til að vernda konur gegn ofbeldi, sem lýsir sér kannski best í því hvernig mál kvenna sem tilkynna og kæra ofbeldi eru felld niður í stórum stíl áður en þau ná nokkurn tímann inn í dómsal. Þarna er um að ræða kerfisbundið misrétti sem byggir á gömlum hugmyndum og mýtum en hefur tekið sér bólfestu djúpt í öllum ferlum kerfisins.

Ílla haldið utan um tölfraði í réttarkerfinu

Tölurnar um afdrif nauðgunarmála innan réttarkerfisins í þessu myndbandi eru fengnar úr skýrslu sem skrifuð var af Hildi Fjólu Antonsdóttur og Þorbjörgu Sigríði Gunnlaugsdóttur og gefin út árið 2013. Í þessari skýrslu er að finna einu tölfraðilegu samantektina á Íslandi á framgangi mála frá því að þau berast lögreglu, eru send til saksóknara og enda svo í dómsal. Þetta eru því nýjustu

og bestu tölur sem hægt er að fá um ferli mála innan kerfisins. Embætti sem falla undir þessar þrjár meginstoðir réttarkerfisins; lögregla, saksóknarar og dómstólar, gefa alla jafna ekki út tölfraði sem hægt er að bera saman þvert á embættin, og dómsmálaráðuneytið heldur ekki utan um þetta heldur. Íslensk stjórnvöld gefa því ekki út tölfraði þar sem hægt er að skoða hvort framfarir verða í málaflokknum.

Er 13% réttlæti nóg?

Við getum ekki sætt okkur við að 83% nauðgunarmála séu felld niður á leið sinni gegnum kerfið áður en þau komast í dómsal. Við getum ekki sætt okkur við þetta kerfisbundna misrétti sem konur búa við og að ríkið skuli bregðast skyldum sínum til vernda konur gegn ofbeldi. 13% réttlæti er ekki nóg. Við ætlum ekki sætta okkur við þetta og krefjumst breytinga strax!

Fjölmiðlafundur um kærur til Mannréttindadómstóls Evrópu

Þann 8. mars, á alþjóðlegum baráttudegi kvenna og afmælisdegi Stígamóta, var haldinn fjölmiðlafundur í Kassanum í Þjóðleikhúsinu sem einnig var sendur beint út á Facebook Live. Fundurinn var haldinn í nafni 13 kvenna- og jafnréttissamtaka til að vekja athygli á kerfisbundnu misrétti gegn konum í réttarkerfinu og því að níu konur höfðu þegar kært mál sín til Mannréttindadómstóls Evrópu.

Eins og áður hefur komið fram sýna tölur að aðeins 17% tilkynnta nauðgunarmála fara fyrir dóm en restin er ýmist felld niður af saksóknara eða lögregla hættir rannsókn. Ætlunin með að senda kærurnar til Mannréttindadómstólsins er að vekja athygli á kerfisbundnum vanda og láta íslenska ríkið svara fyrir það á alþjóðavettvangi hvers vegna staða kvenna sem brotapolar í ofbeldisbrotum á Íslandi er svo veik sem raun ber vitni.

Mál kvennanna öll felld niður

Konurnar kærðu íslenska ríkið til Mannréttindadómstóls Evrópu fyrir að hafa brotið á rétti sínum til réttlátrar málsmeðferðar. Konurnar eiga það sammerkt að vera brotapolar sem kærðu nauðganir, heimilisofbeldi og/eða kynferðislega áreitni til lögreglu en málin voru felld niður af ákærvaldinu. Að mati íslensku kvennahreyfingarinnar sýna málin hvernig íslenska ríkið brýtur kerfisbundið gegn rétti kvenna sem kæra kynbundið ofbeldi og bregst þannig skyldum sínum til að tryggja rétt kvenna á Íslandi til réttlátrar málsmeðferðar samkvæmt Mannréttindasáttmála Evrópu. Mannréttindadómstóllinn er umsetinn og vísar langflestum málum frá. Væntingum um að fá efnislega niðurstöðu kærendum í hag er því stíllt í hof. Jafnframt er ferlið langt og tekur að jafnaði um 5-6 ár og er því engra niðurstöðna að vænta á næstunni.

Auglýst var eftir konum til að taka þátt í þessu verkefni og bárust á um annan tug mála. Litið var svo á að ef búið væri að áfrýja niðurfellingu til ríkissaksóknara og hann hefði staðfest niðurstöðuna væri búið að tæma úrræði innanlands. Konurnar sem hafa kært íslenska ríkið voru

á aldrinum 17-42 ára þegar þær kærðu brotin og voru flestar kærurnar lagðar fram hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Lögmaðurinn Sigrún Ingibjörg Gísladóttir hjá Rétti fór yfir málin og sendi kærurnar til Mannréttindadómstólsins. Við ítarlega yfirferð hennar komu í ljós ýmsar brotalamir í rannsókn og meðferð málanna innan réttarvörslukerfisins sem varða helst rannsókn lögreglu, mat á sönnunargögnum og túlkun á vilja löggjafans.

Íslenska ríkið brýtur á konum með eftirfarandi hætti

Alvarlegir annmarkar á rannsókn lögreglu:

- Mál fyrntist í höndum lögreglu á meðan það var til rannsóknar vegna þess hve lengi dróast að boða sakborning í skýrslutöku.
- Almenn tók rannsókn lögreglu alltof langan tíma.
- Sakborningar höfðu marga mánuði til að undirbúa sig fyrir skýrslutöku og samræma frásagnir vegna seinagangs lögreglu við rannsókn mála.
- Vitni sem höfðu lykilþýðingu í málum voru ekki boðuð í skýrslutöku og litið var framhjá skýrslum vitna sem studdu við frásögn brotapolar.

Lítið sem ekkert sönnunargildi er lagt í þau sönnunargögn sem til staðar eru í málunum:

- Þau sönnunargögn sem eru konum tiltæk, í málum sem oft gerast bakvið luktur dyr, eru ekki tekin alvarlega, þá einkum vottorð sálfræðinga. Þetta samræmist ekki lagabreytingu á Alþingi (l. nr. 61/2007) þar sem áhersla var lögð bæði á líkamlegar og andlegar afleiðingar.



- Líkamlegir áverkar virðast heldur ekki teljast fullnægjandi. Dæmi voru um að það hefði þótt ósannað að brotapolinn hefði veitt mótspyrnu þrátt fyrir líkamlega áverka.
- Í öðrum tilvikum var litið fram hjá sönnunargögnum á vettvangi, s.s. myndum eða myndbandsupptökum teknum á síma, sem og ummerkjum á borð við brotna glugga.
- Játningar sakborninga voru ekki teknar til greina.
- Neitun sakbornings virðist vega þyngra en framburður brotþola sem studdur er með vitnum og sönnunargögnum, og er það mikil hindrun gegn réttlátri málsmeðferð fyrir brotþola.

Gengið er gegn vilja löggjafans við túlkun laganna:

- Í mörgum málum var einblínt á hvort sakborningur hafi mátt gera sér grein fyrir því að brotþoli hafi ekki veitt samþykki, t.d. sökum ölvunarástands, fremur en á það hvort hann hafi fengið samþykki, eins og lögin kveða á um.
- Þrátt fyrir að í nýrri nauðgunarlöggjöf komi fram að það teljist brot ef blekkingum er beitt til að ná fram samþykki leit saksóknari svo á að ekki væri unnt að ganga lengra í túlkun en eldri lög og fyrri framkvæmd gerði ráð fyrir.
- Í einu máli þótti sannað að um ofbeldi hefði verið að ræða en þar sem ofbeldið þótti ekki nægilega alvarlegt var það talið fyrnt og felld niður.

Kröfur um úrbætur

Á fyrrnefndum fundi gerði kvennahreyfingin kröfur um úrbætur en eins og rakið hefur verið þótti ljóst að ríkið bregst skyldum sínum á kerfisbundinn hátt, sviptir konur

rétti til réttlátrar málsmeðferðar og brýtur gegn rétti kvenna til einkalífs. Þess er krafist að ríkið axli ábyrgð sína og ráðist sé tafarlaust í eftirfarandi úrbætur:

- Að brotþolum sem kæra kynferðisbrot eða ofbeldi í nánum samböndum verði veitt aðild að sakamálinu, ekki síst í því skyni að styrkja réttarstöðu þeirra gagnvart ríkinu. Í dag eru brotþolar einungis vitni í eigin máli og hafa því lítinn rétt á að fylgjast með framgangi málsins eða gera athugasemdir.
- Að auknu fjármagni sé veitt í rannsókn og saksókn mála sem varða kynferðisbrot og ofbeldi í nánum samböndum, í þeim tilgangi að auka gæði málsmeðferðarinnar og stytta málsmeðferðartíma.
- Að dómurum, saksóknurum og lögreglu sé veitt fræðsla um vilja löggjafans varðandi þau ákvæði sem snúa að kynferðisbrotum og ofbeldi í nánum samböndum, og þá sérstaklega um nauðgunarákvæðið sem nú byggir á samþykki.
- Að brotþolar í kynferðisbrotamálum og málum er varða ofbeldi í nánum samböndum hafi rétt á gjafsókn og að ríkissjóður ábyrgist dæmdar bætur í einkamálum gegn tjónvöldum með sambærilegum hætti og kveðið er á um í lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota. Þetta myndi veita brotþolum aukinn möguleika á lagalegri viðurkenningu á því óréttlæti sem þær voru beittar, sé sakamálarannsókn á broti gegn þeim hætt eða mál felld niður.

Samtökin sem boðuðu til fundarins voru: Aflið, Druslugangan, Femínistafélag Háskóla Íslands, Flóra, Kvenfélaga-samband Íslands, Kvennaathvarfið, Kvennahreyfing ÖBÍ, Kvennaráðgjöfin, Kvenréttindafélag Íslands, Róttin, Stíga-mót, W.O.M.E.N. og UN Women á Íslandi.



Vændi – þjónusta og barátta

Á hverju ári hittum við nokkurn fjölda fólks sem hefur reynslu af vændi og leitar til Stígamóta vegna afleiðinga þess. Á Stígamótum vinnum við með brotapolum vændis í ráðgjafarviðtölum og sérstöku hópastarfi. Svanahóparnir eru fyrir konur sem hafa verið í vændi eða eru í vændi og vilja komast út úr því. Hóparnir eru byggðir á fyrirmynd frá Danmörku en sama módel er einnig notað í Noregi. Þeir samanstanda af 4 til 7 konum á öllum aldri sem hittast í 15 skipti yfir ákveðið tímabil. Í hópatímunum er farið yfir þær afleiðingar sem vændi hefur í för með sér en þær eru oftast sambærilegar og af öðru kynferðisofbeldi, nema alvarlegri og þyngri. Í Svanahópunum er lögð áhersla á að efla sjálfstraust, bæta líðan þeirra sem eru í hópunum og rjúfa félagslega einangrun. Þá starfrækja Stígamót *Kristínarsjóð* sem veitir neyðarstyrki til kvenna á leið úr vændi og/eða mansali.

Það er Stígamótum afar mikilvægt að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi í baráttunni gegn vændi og mansali. Stígamót eru aðilar að CAP (*Coalition for the Abolition of Prostitution*), alþjóðlegum samtökum sem eru málsvári 33 samtaka frá fjórum heimsálfum sem sameinast um að sænska leiðin í vændismálum verði innleidd í sem flestum löndum. Sænska leiðin felst í því að draga úr eftirspurn eftir vændi með því að gera kaup á vændi og milligöngu þess saknæma en styrkja réttindi fólks í vændi með því að afglæpavæða söluna. Markmið CAP eru að útrýma kynferðislegri hagnýtingu á konum og stúlkum; vernda og styðja vændisfólk og brotþola mansals í að komast út úr vændi; og styrkja og styðja viðeigandi þjónustu fyrir brotþola vændis. Líkt og undanfarin ár fengu Stígamót styrk úr *Gloria Steinem Equality Fund To End Sex Trafficking* sem var nýttur í þjónustu Stígamóta fyrir einstaklinga sem hafa reynslu af vændi og mansali.

Samfélagsumræða um klám, vændi og OnlyFans

Á vormánuðum skapaðist í samfélaginu mikil umræða um klám og vændi í kjölfarið af því að fólk steig fram í fjölmiðlum með reynslu sína af sölu eigin klámefnis í gegnum miðilinn OnlyFans. Flest lýstu þau reynslu sinni sem jákvæðri og valdeflandi. Í framhaldinu varð mjög hávær orðræða um að hætta ætti að nota orðið *vændi* og taka upp *kynlífsvinna* í staðinn – auk þess sem tala ætti um *kynlífsverkafólk*, og líta á sölu kláms og vændis sem vinnu. Þá var sænska leiðin í vændismálum, þar sem kaup á vændi eru bönnuð, harðlega gagnrýnd og sögð grafa undan mannréttindum og velferð fólks sem selur kynlíf.

fékk gríðarlega dreifingu á samfélagsmiðlum og náði til yfir 55.000 manns.

Óhætt er að segja að málefnið hafi vakið mikla athygli og fór talskona Stígamóta í viðtöl í nánast öllum fjölmiðlum, þ.á.m. í Kastljósi og Silfrinu. Stígamótum þótti ánægjulegt að umræða um klám, vændi og afleiðingar þess fengju sess á besta tíma í stærstu fjölmiðlum landsins, enda er umræðan um klámiðnaðinn oft af skornum skammti. Það er okkur þó áhyggjuefni hve útbreiddar hugmyndir eru um að vændi og klám séu eins og hver önnur vinna – þegar við þekkjum alltof vel afleiðingarnar sem fólk glímir við á meðan og í kjölfarið.

Stígamót hafa um áratuga skeið unnið með fólki sem hefur reynslu af vændi og klámi, og á þeirri reynslu byggja Stígamót afstöðu sína og hugmyndafræði. Stígamót líta á vændi sem ofbeldi og þykir mikilvægt að öll stefnumótun um málaflokkinn taki mið af því. Til að koma með mótvægi inn í umræðuna póstuðu Stígamót færslu á Instagram og Facebook þar sem tiltekin voru ýmis atriði sem byggja á reynslu Stígamóta. Færslan



Steinunn talskona ræðir OnlyFans í viðtali hjá Eddu Falak og Fjólu Sigurðardóttur í hlaðvarpsþættinum Eigin Konur.

Færsla Stígamóta á samfélagsmiðlum um OnlyFans umræðuna:

OnlyFans

Síðustu daga hefur orðið mikil umræða um miðilinn OnlyFans og langar okkur á Stígamótum að leggja orð í belg. Stígamót hafa áralanga reynslu af starfi með fólki sem hefur tekið þátt í kynlífsiðnaði (vændi, klám, webcamming o.s.frv.) með einhverjum hætti, og eru skoðanir okkar og sýn alltaf byggð á þeirri reynslu.

Fólk í vændi/klámi velkomið á Stígamót

Allt fólk með reynslu úr klámi og vændi er velkomið á Stígamót. Til fólks með þessa reynslu: Það skiptir ekki máli hvort þið skilgreinið klámið/vændið sem vinnu eða ofbeldi – ef þið upplifið einhverjar afleiðingar, og viljið fá stuðning og ráðgjöf, eruð þið velkomin. Einnig eruð þið velkomin að koma til að vinna með afleiðingar af öðru kynferðisofbeldi sem þið kunnið að hafa orðið fyrir, s.s. ofbeldi í æsku eða nauðgun. Við gerum engar kröfur um að hætta í klámi/vændi til að fá þjónustu á Stígamótum. Þið komið á ykkar forsendum og við erum hér til ráðgjafar og stuðnings. Markmiðið er bætt líðan.

Afleiðingar sem við sjáum

Á Stígamótum þekkjum við vel afleiðingar sem margt fólk sem hefur verið í klámi/vændi upplifir. Við sjáum hjá okkar fólki oft mjög alvarlegar afleiðingar á borð við áfallastreitu, sjálfskaða og sjálfsvígshugsanir auk þess sem skömm, sektarkennd, kvíði og þunglyndi eru vel þekkt stef. Fólk talar oft um hvað hversu erfitt er að standa vörð um mörkin sín í klámi og vændi. Pressan er oft mikil frá kaupendum og fólk fer langt út fyrir það sem það lagði upp með í upphafi, sem hefur skaðleg áhrif á andlega líðan og sjálfsmynd. Jafnframt eru margir í þessari stöðu að upplifa mikla fjárhagslega pressu og sjá ekki aðra leið en að fallast á það sem beðið er um. Þá eru mörg að lifa tvöföldu lífi þar sem þau vilja ekki að þeirra nánasta fólk viti af kláminu/vændinu, sem eykur enn á lágið.

Auka lag af skömm

Margt fólk í vændi/klámi upplifir auka lag af skömm sem felst í því að finnast þau sjálf algjörlega ábyrg fyrir þeirri stöðu sem það er í sem og þeim andlegu afleiðingum sem þau kunna að finna fyrir. Þeim finnst þau ekki þess verðug að fá hjálp við að vinna úr afleiðingum klámsins/vændisins og eru uppfyll af sektarkennd. Við því viljum við segja að það er alltaf kaupandi til staðar í klámi/vændi sem ber ábyrgð, auk þess sem sumir eru með milligönguaðila sem stýrir ferðinni. Það skiptir ekki máli að manneskjan sem selur kynlíf hafi valið sér sjálf að gera það – skömmin er ekki hennar og hún á allan rétt á að leita sér hjálpar.

Mikilvægt að draga úr eftirspurn

Stígamót styðja ekki verslun með líkama – og þá sérstaklega með líkama kvenna og annarra jaðarsettra hópa. Það að karlar hafi stöðugt aðgengi að líkömum kvenna í krafti peninga er bæði birtingarmynd misréttis og skapar meira kynjamisrétti. Þess vegna styðjum við alltaf lög og stefnumótandi aðgerðir sem draga úr eftirspurn eftir klámi og vændi með því að gera kaupin (sem og dreifingu og milligöngu) ólögleg. Mikilvægur hluti slíkrar stefnumótunar er að styðja við fólk í vændi og klámi til að vinna úr afleiðingum, sem og að fyrirbyggja fátækt.

Kynfrelsi kvenna

Baráttan fyrir kynfrelsi kvenna og yfirráðum kvenna yfir eigin líkama er okkur hjartans mál. Við lítum þó ekki á sölu á kynlífi og kvenlíkömum sem afsprengi kynfrelsis – heldur einmitt það sem stendur í vegi fyrir raunverulegu kynfrelsi. Konur eiga sig sjálfar – þær eru ekki markaðsvörur. Þegar peningar eru komnir í spilið er stutt í að raunverulegu kynfrelsi sé afsalað.

Að neyta kláms

Sem neytandi kláms/vændis geturðu aldrei verið viss um að þú sért ekki að styðja kynferðisofbeldi gegn fullorðnu fólki eða börnum. Fréttir af Pornhub hafa sýnt hvernig þar er allt morandi af mynduðu kynferðisofbeldi, auk mynda sem sendar voru í trúnaði en hefur svo verið dreift víðar. Á OnlyFans eru mörg dæmi þess að manneskjan á bak við reikninginn sé undir lögaldri, auk þess sem kaupandinn getur ómögulega vitað að manneskjan taki þátt í kláminu á eigin forsendum. Besta leiðin til að tryggja að maður taki ekki þátt í ofbeldi, mansali og þvingunum er að neyta ekki kláms.

Fræða fræða fræða!

Klám er orðinn mjög normalíseraður partur af lífi stórs hóps unglinga og ungmenna hér á landi sem annars staðar. Sem samfélag þurfum við að fræða ungmenni um klám og kynlíf, mörk og samþykki. Ungmenni þurfa að geta tekið upplýsta afstöðu til kláms, bæði sem mögulegir neytendur þess og seljendur. Stígamót hafa lagt sitt af mörkum til þessa í gegnum verkefnið Sjúkást en það þarf að gera miklu betur! Ungmenni vilja fræðslu og umræðu – svörum kallinu!

Fræðsla

Fræðsla er mikilvægur partur af þeirri pólitísku samfélagsvinnu sem fram fer á Stígamótum og byggir hún ávallt á þeirri þekkingu sem skapast í starfi okkar með brotaþolum. Covid hafði ekki eins mikil áhrif og árið áður, en stundum þurfti að fresta viðburðum og margt fór fram í gegnum netið. Starfsfólk Stígamóta náði þó að hitta marga fjölbreytta hópa. Nokkrir tugir starfsmanna félagsmiðstöðva fengu fræðslu, bæði í sínum frístundamiðstöðvum en líka í tengslum við Sjúkást-víkuna. Þá fengu ýmsir háskólanemar fræðslu, s.s. Ástráður, félag læknana við HÍ, hjúkrunarnemar við HÍ og nemendur í GRÓ GEST háskóla SP við HÍ. Einnig komu nokkrir hjúkrunarfræðinemar í starfsnemaheimsóknir. Stígamót tók þátt í pallborði á Jafnréttisdögum háskólanna, auk þess að hitta jafnréttisfulltrúa háskólanna á fræðslufundi. Þá tóku Stígamót þátt í hádegisspjalli í femínistavíku MR og málþingi kynjafræðinema í framhaldsskólum eins og oft áður, voru með erindi á strákapingi menntavísindasviðs Reykjavíkurborgar og með vinnustofu á starfsdögum SAMFÉS. Einnig settust ráðgjafar okkar niður með fjölda nemenda úr framhaldsskólum sem voru að vinna verkefni um ýmis málefni, eins og t.d. klámvæðingu.

Eins og flest ár hittum við félagasamtök þar sem starfsemi Stígamóta var kynnt, þ.a.m. Zonta samtökin á Selfossi, Sigurhæðir (sem er þjónusta fyrir brotaþola á Suðurlandi), Birtu (starfsendurhæfing Suðurlands) og Krabbameinsfélag Íslands. Kynningar fyrir samtök erlendis fóru mest í gegnum netið, en þar má nefnda erindi hjá UN Women Nordic liason office og námskeið fyrir samstarfsverkefni rússneskra og finnskra samtaka sem vinna með gerendum ofbeldis í nánnum samböndum. Einnig komu tveir hópar að utan á kynningu á starfsemi Stígamóta; fulltrúar frá pólskum félagasamtökum og hópur framhaldsskólanema frá Kaliforníu.

Bæklingur á 10 tungumálum

Í apríl á þessu ári kom út, í samstarfi við verkalýðsfélagið Eflingu, nýr upplýsingabæklingur um þjón-

ustu Stígamóta á erlendum tungumálum. Tilgangurinn var að gera upplýsingar um þjónustu fyrir brotaþola kynferðisofbeldis aðgengilegar fyrir fleiri hópa, með áherslu á mikilvægi þess að leita sér hjálpar til að takast á við afleiðingar kynferðisofbeldis.

Hlutfall fólks af erlendum uppruna sem leitar aðstoðar á Stígamótum er yfirleitt í kringum 4% en það endurspeglar ekki fjölda innflytjenda á Íslandi, sem er í kringum 15%. Gera má ráð fyrir að kynferðisofbeldi sé jafn algengt gagnvart konum af erlendum uppruna og raunar líkur á að það sé enn algengara ef tekið er tillit til þeirra fordóma og misréttis sem þær geta orðið fyrir. Eitt af meginmarkmiðum Stígamóta hefur alltaf verið að ná til fjölbreytts hóps brotaþola og þess vegna var mjög spennandi að fara í samstarf við Eflingu, stærsta félag verkafólks á Íslandi, með meira en helming félagsfólks af erlendu bergi brotið. Efling lætur sig velferð aðflutts fólks í íslensku samfélagi miklu varða og er þeirrar afstöðu að verkalýðsfélög eigi að taka virkan þátt í að vinna gegn ofbeldi. Samtökin ganga út frá því að kynferðisofbeldi sé ekki einkamál brotaþola heldur samfélagslegt vandamál sem þurfi að takast á við á kerfisbundinn hátt og með samvinnu allra sem geta lagt af mörkum. Það er grundvallaratriði í fjölþjóðlegu samfélagi að mikilvægar upplýsingar séu aðgengilegar öllu fólki, ekki síst upplýsingar er varða líf og heilsu.

Í bæklingnum er að finna mikilvægar upplýsingar og skilaboð fyrir brotaþola kynferðisofbeldis á tíu tungumálum: Arabísku, ensku, íslensku, lettnesku, litháísku, pólsku, rússnesku, spænsku, tælensku og víetnömsku. Þar kemur meðal annars fram að þjónusta Stígamóta sé ókeypis og að viðtöl bjóðist á íslensku og ensku, auk þess sem boðið sé upp á túlkajónustu án endurgjalds sé þörf á. Þegar bæklingurinn kom út var hann kynntur með greina-skrifum, kynningarmyndböndum á öllum tungumálunum, og dreifingu á bæklingnum á samfélagsmiðlum. Einnig var eintökum af bæklingnum dreift á verkalýðsfélög, ýmis samtök og stofnanir.



Ljósmynd: Kristinn Ingvarsson

Hjálmar sat í pallborði á Jafnréttisdögum háskólanna í málstofu sem bar yfirskriftina Finding the right balance: Engaging men and boys in the prevention of gender-based violence. Á myndinni með Hjálmar eru Arnar Gíslason og Svandís Anna Sigurðardóttir.

[illegible][illegible]

Обязательно по возможности после завершения текущего учебного периода желательно посетить для клиентов конференцию-семинар, посвященную вопросам профессионального поведения, этики, законодательства, бухгалтерии и бухгалтерского учета.

Согласно ст. 10 этого положения для каждой профессии утверждены свои стандарты, требования к знаниям, умениям и навыкам. Эти стандарты являются основой для разработки программы обучения.

Если вы хотите получить дополнительное профессиональное образование по специальности в аккредитованной школе, вам необходимо:

- 1. Проверить соответствие вашей специальности требованиям к образованию в аккредитованной школе.
- 2. Проверить соответствие вашей специальности требованиям к образованию в аккредитованной школе.
- 3. Проверить соответствие вашей специальности требованиям к образованию в аккредитованной школе.

В аккредитованной школе вы сможете получить:

- 1. Дополнительное профессиональное образование.
- 2. Дополнительное профессиональное образование.
- 3. Дополнительное профессиональное образование.

Если вы не хотите получать дополнительное образование, вы можете:

- 1. Проверить соответствие вашей специальности требованиям к образованию в аккредитованной школе.
- 2. Проверить соответствие вашей специальности требованиям к образованию в аккредитованной школе.
- 3. Проверить соответствие вашей специальности требованиям к образованию в аккредитованной школе.

В аккредитованной школе вы сможете получить:

- 1. Дополнительное профессиональное образование.
- 2. Дополнительное профессиональное образование.
- 3. Дополнительное профессиональное образование.

Если вы не хотите получать дополнительное образование, вы можете:

- 1. Проверить соответствие вашей специальности требованиям к образованию в аккредитованной школе.
- 2. Проверить соответствие вашей специальности требованиям к образованию в аккредитованной школе.
- 3. Проверить соответствие вашей специальности требованиям к образованию в аккредитованной школе.

В аккредитованной школе вы сможете получить:

- 1. Дополнительное профессиональное образование.
- 2. Дополнительное профессиональное образование.
- 3. Дополнительное профессиональное образование.

Если вы не хотите получать дополнительное образование, вы можете:

- 1. Проверить соответствие вашей специальности требованиям к образованию в аккредитованной школе.
- 2. Проверить соответствие вашей специальности требованиям к образованию в аккредитованной школе.
- 3. Проверить соответствие вашей специальности требованиям к образованию в аккредитованной школе.

Samstarf og samráð

Stígamót taka þátt í reglulegu samstarfi og samráði við stjórnvöld, félagasamtök og aðra aðila um málefni sem tengjast kynferðisofbeldi. Má þar nefna að Stígamót hafa setið í Ofbeldisvarnarnefnd Reykjavíkurborgar um árabil, sem og Jafnréttisráði sem nú hefur verið leyst af hólmi með *Samráðsvettvangi um jafnréttismál*. Þá eiga Stígamót aðild að norrænu hreyfingunni *Nordiske Kvinner Mot Vold*, evrópsku hreyfingunni *Wave – Women Against Violence Europe* og hinum alþjóðlegu samtökum *CAP – Coalition for the Abolition of Prostitution*.



Starfshópur um eflingu kynfræðslu í skólum

Í lok árs 2020 var skipaður starfshópur um eflingu kynfræðslu í skólum eftir mikinn þrýsting ungs fólks og aktivista á samfélagsmiðlum. Aktivistinn Sólborg Guðbrandsdóttir hafði hvatt fólk til að gera kröfur til menntamálaráðherra um betri fræðslu fyrir ungmenni og var hún svo skipaður formaður hópsins. Stígamót fengu sæti í hópnum ásamt ýmsum fagaðilum í málaflokknum, en skipan hópsins var gagnrýnd fyrir að taka ekki tillit til ýmissa hópa sem hafa hagsmuni af því að taka þátt í starfinu. Hópurinn lagði gríðarmikla vinnu í að móta tillögur sínar og hittist 13 sinnum á vormánuðum á mislöngum fundum. Að endingu var tillögum skilað til ráðherra í 11 liðum þar sem var sérstaklega lögð áhersla á að fræðsla um kynlíf, sambönd og ofbeldi færi með skýrum hætti inn í aðalnámskrár allra skólastiga og að gerð yrði gangskör í þjálfun kennara og annars starfsfólks innan skólakerfisins við kennslu efnisins.

Réttarstaða brotaþola

Á árinu lagði dómsmálaráðherra fram frumvarp um bætta réttarstöðu brotaþola ofbeldis. Stígamót skiluðu inn umsögn um frumvarpið, ásamt sjö öðrum jafnréttis-samtökum, þar sem því var fagnað að málefnið væri til umræðu á Alþingi en það gagnrýnt að frumvarpið gengi alls ekki nógu langt. Minnt var á fjölda niðurfellinga og þau ný mál sem lágu fyrir Mannréttindadómstól Evrópu. Talskona Stígamóta fylgdi umsögninni svo eftir á fundi allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis í maí. Ekki náðist að ljúka málinu fyrir þinglok og kosningar. Ný ríkisstjórn var svo mynduð síðla árs þar sem fram kom í stjórnarsáttmála að frumvarpið yrði tekið til endurskoðunar og efnistöð þess bætt.

Á árinu sendu Stígamót, ásamt Öryrkjabandalagi Íslands og Þroskahjálpi, einnig frá sér yfirlýsingu þar sem meðferð dómstóla á máli einhverfs brotaþola kynferðisofbeldis var harðlega gagnrýnd. Landsréttur hafði sagt í dómi sínum að fötlun þolandans torveldi mjög möguleika á að meta trúverðugleika framburðar hans. Í yfirlýsingu Stígamóta og samstarfsaðila kom þetta fram: „Má af þessu draga þá ályktun að einhverfur einstaklingur eigi ekki tilkall til réttlætis ef hæfni hans til frásagnar fellur ekki inn í þann þrönga ramma sem dómstólar ákvarða og séu því frásagnir þeirra oftast eða jafnvel alltaf tortryggðar.“ Skorað var á dómsmálaráðherra og dómstólasýsluna að gera án tafar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að dómarmar, saksóknarar og réttarkerfið allt, fengju viðeigandi fræðslu og þjálfun um aðstæður, þarfir



og réttindi fatlaðs fólks, til að tryggð verði að það þurfi ekki að þola mismunun hvað varðar aðgang að dómskerfinu og vernd réttarkerfisins.

Vinnuhópur fyrir KSÍ

Stígamót voru beðin um að skipa fulltrúa í nefnd á vegum KSÍ sem fékk það hlutverk að móta tillögur varðandi vinnulag, viðhorf og menningu þegar kemur að kynferðisbrotum og öðru ofbeldi í tengslum við knattspyrnuhreyfinguna. Forsaga málsins var sú að valdhafar KSÍ brugðust ekki við sögum um ofbeldi af hendi landsliðsmanna í fótbolta, reyndu að þagga málið þegar þeir voru krafðir svara og formaður sagði ósatt í viðtali við Kastljós um mál sem borist hefðu KSÍ. Svo fór að formaður og stjórn KSÍ naut ekki lengur trausts og sagði af sér, en áður en til þess kom var þessi starfshópur skipaður. Í fyrstu var hópnum ætlað að rýna í verklag og vinnuferla KSÍ í ofbeldismálum, auk þess að skoða viðhorf og menningu innan sambandsins. Að endingu varð hlutverk starfshópsins ekki jafn víðtækt þar sem þrír aðrir starfshópar tóku til starfa á vegum ÍSÍ, KSÍ og samskiptaráðgjafa íþróttar- og æskulýðsstarfs sem fjölluðu ítarlegar um einstök atriði. Starfshópurinn hittist 6 sinnum í september og október, og skilaði svo af sér tillögum í byrjun nóvember. Tillögurnar eru fjórar og þeim fylgja nokkrar leiðir til að ná markmiði hverrar fyrir sig. Jafnframt var sambandið hvatt til þess að taka sér forystuhlutverk í málaflokknum sem stærsta íþróttasamband landsins með flesta iðkendur.

Baráttan gegn stafrænu ofbeldi

Nýtt og framsækið lagaákvæði um stafrænt ofbeldi var samþykkt í febrúar undir yfirskriftinni *kynferðisleg friðhelgi*. Starfshópur Stígamóta fékk kynningu á frumvarpinu og aðgerðaáætlun gegn stafrænu ofbeldi frá

Maríu Rún Bjarnadóttur, doktorsnema og sérfræðingi hjá Ríkislögreglustjóra. Hún setti Stígamót einnig í samband við Facebook sem var að þróa töl til að stöðva útbreiðslu kynferðislegra mynda í óleyfi. Undir lok árs urðu Stígamót formlega að aðilum verkefnisins og geta leiðbeint brotapolum um það hvernig hægt er að virkja þessa þjónustu Facebook sem virkar á öllum miðlum fyrirtækisins. Þá hafði TikTok samband á árinu en sá miðill er einnig að styrkja varnir sínar gagnvart ofbeldi og Stígamót eru nú þar á lista sem úrræði fyrir brotþola.

Baráttan gegn mansali

Stígamót eiga sæti í mansalsteymi á vegum dómsmálaráðuneytisins sem hittist reglulega til að ræða stefnumótun í málaflokknum. Þá situr fulltrúi Stígamóta sem sérfræðingur í mansalsteymi Bjarkarhlíðar sem hefur það hlutverk að samræma þjónustu við brotþola mansals. Nokkur mál komu til kasta Bjarkarhlíðar og teymisins á árinu en flest tengdust þau vinnumansali.

Á árinu beittu Stígamót sér einnig fyrir betri umfjöllun um mál umsækjenda um alþjóðlega vernd sem einnig eru þolendur mansals. Anna Bentína Hermansen og Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir birtu grein á Vísí þann 4. febrúar þar sem stjórnvöld voru gagnrýnd fyrir að senda mansalsfórnarlömb aftur í fyrri aðstæður, annað hvort í móttökulandi í Evrópu eða í upprunalandi, gjarnan í Afríku. Stuttu síðar var sama málefni tekið upp á fundi allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, þar sem fulltrúi Stígamóta kom sömu sjónarmiðum á framfæri. Í lok árs tóku Stígamót svo þátt í samstöðufundi á Austurvelli ásamt ýmsum öðrum samtökum með afrískum fórnarlömbum mansals sem átti að brottvísa frá Íslandi.

Bjarkarhlíð

Stígamót eru einn af stofnaðilum Bjarkarhlíðar - miðstöðvar fyrir þolendur ofbeldis. Hugmyndin er að þangað geti brotabolar leitað og fengið aðstoð margra aðila á sama stað. Eftir greiningarviðtal hjá starfsfólki Bjarkarhlíðar býðst brotabólum að hitta fulltrúa frá Stígamótum, Drekaflóð, Kvennaathvarfinu, Kvennaráðgjöfinni, Mannréttindaskrifstofu Íslands og/eða lögreglu svo eitthvað sé nefnt. Stígamót voru með viðveru tvo daga í mánuði og hittu þar 52 brotabola á árinu. Eftir eitt viðtal í Bjarkarhlíð er þjónustupegur svo boðið að halda áfram í viðtölum á Stígamótum. Þá sat fulltrúi Stígamóta í bæði framkvæmdastjórn og stjórn Bjarkarhlíðar. Á árinu kom stjórn og starfsfólk Bjarkarhlíðar saman á sérstökum stefnumótunardeg og ræddi framtíð miðstöðvarinnar.

Umræðufundir með starfsfólki Stígamóta

Starfsfólk Stígamóta fær reglulega til sín fólk sem vinnur í málaflokknum til að kynna störfum þeirra og viðra hugmyndir. Á árinu hittum við Maríu Rún Bjarnadóttur, sérfræðing í stafrænu ofbeldi eins og áður segir. Þá kom Erla Dögg Guðmundsdóttir, lögreglukona í Bjarkarhlíð,

og fór yfir ferli kynferðisbrotamála hjá lögreglu og svaraði spurningum hópsins. Sálfræðingarnir hjá hinu nýja úrræði *Taktu skrefið* komu og áttu góðan fund um úrræði fyrir gerendur kynferðisofbeldis.

Ýmiskonar samráð um jafnréttismál

Talskona Stígamóta tók þátt í undirbúningi ráðstefnunnar og aktívistafundarins Reykjavík Dialogue sem haldinn var í Hörpu í ágúst. Á þeim grasrótarfundi komu saman þolendur og samtök sem vinna gegn ofbeldi, en verkefnið var styrkt af forsætisráðuneytinu og Reykjavíkurborg.

Í júlí tóku Stígamót þátt í málþingi í Veröld í tengslum við verkefni UN Women; *Kynslóð jafnréttis*, þar sem skuldbindingar Íslands í baráttunni gegn ofbeldi voru kynntar. Stígamót skiluðu í nóvember skuggaskýrslu til Grevio – eftirlitsnefndar með innleiðingu Ístanbulssáttmálans – ásamt Kvenréttindafélagi Íslands, Mannréttindaskrifstofu Íslands og Samtökum um kvennaathvarf. Í desember hittist svo kvennahreyfingin á Stígamótum og ræddi nýframkominn stjórnarsáttmála og hvað betur mætti fara þar til að tryggja jafnrétti.

Jákvæð Karlmennska

Stígamót tóku þátt í verkefninu *Jákvæð Karlmennska*, sem Þorsteinn Einarsson skipulagði í samstarfi við okkur, UN Women á Íslandi, Píeta samtökin og námsbraut í kynjafræði við Háskóla Íslands. Átakið stóð í tvær vikur og var hugsað til að vekja athygli á jákvæðri karlmennsku og undirstrika að öll umræða um jákvæða karlmennsku er mótsvar við skaðlegum karlmennskuímyndum. Slík umræða styður við réttlátari heim án ofbeldis, tekur afstöðu gegn kynbundnu ofbeldi, gerir gerendur ábyrga og stendur með brotabólum. Stígamót tóku þátt í að dreifa efni átaksins á samfélagsmiðlum, ásamt því að mæta í fjölmiðla til að fjalla um átakið.



Nokkur sýnishorn af þeim þeim sem tekin voru fyrir í áttinu *Jákvæð karlmennska*.

Skipulag Stígamóta

Starfsfólk:

Anna Bentína Hermansen, ráðgjafi
Anna Þóra Kristinsdóttir, ráðgjafi
Björg Guðrún Gísladóttir, ráðgjafi
Eva Bryndís Pálsdóttir, ráðgjafi
Eygló Árnadóttir, verkefnastýra fræðslu og forvarna
Guðrún Gísladóttir, ráðgjafi
Hjálmar Gunnar Sigmarsson, ráðgjafi
Hrafnhildur Sigmarsdóttir, ráðgjafi
Ingigerður Fanney Heiðarsdóttir, ritari
Jóhanna Lind Jónsdóttir, ráðgjafi
Karen Bjarnadóttir, ráðgjafi
Karen Linda Eiríksdóttir, ráðgjafi
Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir, talskona
Þóra Björt Sveinsdóttir, verkefnastýra
Þórunn Þórarinsdóttir, ráðgjafi

Sumar- og hlutastarfsfólk:

Agnes Hrund Guðbjartsdóttir, hópstjóri götukynna
Elsa Ósk Alfreðsdóttir, ráðgjafi
Hanna Björg Vilhjálmsdóttir, ráðgjafi
Heiðrún Fivelstad, verkefnastýra
Oddný Jónsdóttir, ráðgjafi
Telma Bergmann Jónsdóttir, ráðgjafi
Vala Höskuldsdóttir, ráðgjafi

Framkvæmdahópur:

Í framkvæmdahópi í lok árs sátu:
Eva Bryndís Pálsdóttir
Gyða Margrét Pétursdóttir
Hildur Fjóla Antonsdóttir
Margrét Steinarsdóttir
Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir

Leiðbeinendur og aðstoðarleiðbeinendur sjálfshjálparhópa:

Elsa Ósk Alfreðsdóttir
Eva Dís Þórðardóttir
Hanna Björg Vilhjálmsdóttir
Hulda Haraldsdóttir
Kristel Dögg Vilhjálmsdóttir
Lilja Hrönn Einarsdóttir
Sigrún Bragadóttir
Sigrún Júlía Hansdóttir
Tanja Andersen Valdimarsdóttir

Önnur hlutverk

Handleiðsla starfshóps: Elísabet Lorange, listmeðferðarfræðingur
Bókhald: Guðrún Inga Bjarnadóttir
Tölvumál: Sigurbrandur Dagbjartsson
Innsláttur tölfraeðigagna: Ólafía Laufey Steingrímsdóttir

Framkvæmdahópur

Framkvæmdahópur er hin eiginlega stjórn Stígamóta og hittist í hverjum mánuði. Hópurinn tekur ákvarðanir í stefnumarkandi málum og hefur yfirsýn yfir og stjórn á fjármálum Stígamóta. Í framkvæmdahópi sitja tveir fulltrúar úr starfshópi Stígamóta og þrír fulltrúar með mikla þekkingu og reynslu af störfum á sviði kynferðisofbeldis, valdir með samþykki framkvæmdahóps og í samstarfi við starfshóp.



Hluti af starfshópnum árið 2021, myndin er tekin á afmælisdegi samtakanna 8. mars, alþjóðlegum baráttudegi kvenna.

Starfshópur

Á árinu byrjuðu fimm nýjar starfskonur í fullu starfi; í ráðgjöf, í fræðsluverkefni og í starf ritara. Einnig var sú nýjung á árinu að ráða ráðgjafa í sumarafleysingar og hlutastörf. Starfsfólk Stígamóta er allt háskólamenntað og kemur úr ýmsum áttum. Starfshópurinn hefur menntun í félagsráðgjöf, sálfræði, jákvæðri sálfræði, fjölskyldumeðferð, uppeldis- og menntunarfræði, listmeðferð, kynjafræði, guðfræði, bókmenntafræði, náms- og starfsráðgjöf, mannfræði, kennslufræði, jógakennslu, ritstjórn og alþjóðasamskiptum. Ábyrgð á daglegu starfi deilir starfsfólk jafnt en þó hefur verkaskipting innan starfshópsins aukist á síðustu árum. Helstu verkefni eru ráðgjöf, fræðsla, pólitískt starf og fjáröflun.

Lögð er áhersla á að starfsfólk leggi stund á endurmenntun og sjálfsvinnu. Starfsfólk sem sinnir kjarnahlutverki Stígamóta, sem er að binda endi á kynferðisofbeldi með samfélagsvakningu og þjónustu fyrir brotaþola, hittist í hóphandleiðslu aðra hverja viku, auk þess sem allt starfsfólk hefur aðgang að 10 tímum á ári í einkahandleiðslu. Jafnframt eru Stígamót með samstarfssamning við Heilsuvernd um uppbyggilega vinnustaðamenningu.

Tölulegar upplýsingar

Tölulegar upplýsingar í ársskýrslu Stígamóta eru mikilvægt tæki til að lýsa þeim hliðum íslensks samfélags sem birtast í starfsemi Stígamóta. Með söfnun tölulegra upplýsinga í 32 ár búum við yfir mikilli þekkingu um kynbundið ofbeldi, birtingarmyndir þess og afleiðingar, fólkið sem er beitt ofbeldinu og ofbeldismennina. Hér fara á eftir þær skilgreiningar á sífjaspellum, nauðgunum, nauðgunartilraunum, klámi (klámefni), vændi, kynferðislegri áreitni og stafrænu kynferðisofbeldi sem til viðmiðunar eru við tölfræðilega úrvinnslu í þessari skýrslu.

Sífjaspell skilgreinum við sem allt kynferðislegt atferli milli einstaklinga, sem tengdir eru tengslum trausts, og þar sem annar aðilinn vill ekkert með slíkt atferli, en er undirgefinn og háður ofbeldismanninum á einhvern máta.

Nauðgun eða nauðgunartilraun skilgreinum við sem kynferðisofbeldi þar sem einhver hefur eða gerir tilraun til að hafa samræði eða önnur kynferðismök við manneskju gegn vilja hennar og brýtur þar með sjálfsákvörðunarrétt og sjálfstjórn hennar á bak aftur.

Klámefni er beitt sem kynferðisofbeldi þegar einhver notar klámefni til að misbjóða manneskju á einhvern hátt. Eða þegar klámnotkun einhvers misbjóður manneskju á einhvern hátt.

Vændi/mansal skilgreinum við sem kynferðisofbeldi þar sem einstaklingur eða þriðji aðili þiggur einhverskonar greiða eða greiðslu í skiptum fyrir kynferðislega athöfn/athafnir.

Kynferðislega áreitni skilgreinum við sem kynferðisofbeldi þar sem einhver sýnir manneskju kynferðislega hegðun sem er særandi og er gegn vilja hennar. Kynferðisleg áreitni getur verið líkamleg, orðbundin eða táknað.

Stafrænt kynferðisofbeldi skilgreinum við sem kynferðisofbeldi þar sem einhver birtir, dreifir eða geymir eða hótar að birta, dreifa eða geyma texta og/eða myndefni; til dæmis ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilegt efni þar sem manneskja er sýnd nakin eða á kynferðislegan hátt gegn vilja hennar.

Grunnupplýsingar

Eins og í ársskýrslum síðustu ára eru allar tölfræðilegar upplýsingar í þessari skýrslu unnar út frá spurningalistum sem notendur þjónustunnar fylltu sjálfir út. Spurningalistarnir eru þrennskonar og fylla notendur þjónustunnar út lista þegar þeir koma í fyrsta skipti í viðtal á Stígamót. Í fyrsta lagi eru sérstakir spurningalistar sem brotaþolar svara. Í öðru lagi eru sérstakir spurningalistar sem brotaþolar svara um þá ofbeldismenn sem hafa beitt þá kynferðisofbeldi. Í þriðja lagi eru sérstakir spurningalistar sem aðstandendur brotaþola svara. Ef spurningar á spurningalistunum hafa breyst frá fyrri árum er þess getið í texta ársskýrslunnar.

Hér fyrir neðan er gerð grein fyrir tölfræðilegum upplýsingum um brotaþola sem leituðu í fyrsta skipti til Stígamóta árið 2021.

Á árinu 2021 leituðu 952 einstaklingar til Stígamóta, af þeim voru 465 einstaklingar sem leituðu aðstoðar vegna eigin mála í fyrsta skipti. Þá leituðu 96 nýir aðstandendur til Stígamóta ár árinu og þar af var 41 með upplýsingar um mál sem ekki voru þekkt hjá Stígamótum. Þær tölulegu upplýsingar sem hér fara á eftir varðandi árið 2021 miðast við fjölda skýrsla sem fyrir liggja um hvern hóp fyrir sig, þ.e. brotaþola, ofbeldismenn og aðstandendur.

Í þau 32 ár sem liðin eru frá stofnun Stígamóta hafa 10.122¹ einstaklingar leitað aðstoðar hjá Stígamótum. Jafnframt má geta þess að ofbeldismennirnir teljast vera 14.385 en eru væntanlega nokkuð færri þar sem einhverjir þeirra hafa beitt fleiri en einn einstakling ofbeldi.

Það vekur athygli að ofbeldismennirnir eru miklu fleiri en þeir sem beittir eru ofbeldi. Sami einstaklingurinn er stundum beittur kynferðisofbeldi af fleiri en einum ofbeldismanni á lífsleiðinni. Einnig getur það gerst að sami ofbeldismaðurinn beitir fleiri en einn einstakling kynferðisofbeldi.

Í þeim tölulegu upplýsingum sem hér fara á eftir er annars vegar fjallað um starfsárið 2021 og hins vegar er að finna í nokkrum tilvikum samanburð við fyrri starfsár. Upplýsingar um starfsemina á fyrri starfsárum má nálgast hjá Stígamótum og á vefsíðunni www.stigamot.is.


1 Heildarfjöldi einstaklinga frá stofnun Stígamóta er fenginn með því að leggja heildarfjölda nýrra brotaþola og heildarfjölda nýrra aðstandanda árið 2021 við heildarfjölda einstaklinga frá stofnun Stígamóta sem fram kemur í Ársskýrslu Stígamóta árið 2020. Árið 2021 höfðu hins vegar 9 af nýjum brotaþolum komið á Stígamót áður sem aðstandendur, því dragast 9 einstaklingar frá í tölunni hér fyrir ofan. Einnig höfðu 7 aðstandendur komið áður á Stígamót sem brotaþolar og dragast þeir því líka frá tölunni hér að ofan.

Tafla 1. Fjöldi viðtala og einstaklinga árið 2021

Ný mál - brotapolar komu sjálfir ²	465
Upplýsingar um ný mál gegnum aðstandendur ³	41
Heildarfjöldi ofbeldismanna ⁴	700
Fjöldi nýrra aðstandenda ⁵	96
Heildarfjöldi einstaklinga sem komu í viðtöl	952
Heildarfjöldi viðtala	3381

Árið 2021 voru 465 ný mál þar sem brotapolar komu sjálfir með mál sín til Stígamóta. Þetta er um 55% aukning slíkra mála frá árinu 2020. Árið 2020 voru ný mál brotþola 299 talsins. Þegar lítið er lengra aftur kemur fram að aldrei hafa fleiri einstaklingar leitað til Stígamóta í fyrsta skipti vegna sinna mála frá stofnun samtakanna.

Ofbeldismenn eru nú 700 talsins, sem er um 38% aukning frá árinu 2020 en þá voru ofbeldismenn 505. Þá leituðu 96 nýir aðstandendur til Stígamóta árið 2021 en það er um 33% aukning frá árinu 2020 þegar aðstandendur voru 72 talsins. Hafa ber þó í huga að Covid faraldurinn hafði töluverð áhrif á starfsemi Stígamóta árið 2020, svo gera má ráð fyrir að færri hafi fengið þjónustu það árið en hefðu annars gert.




Mynd 1. Fjöldi nýrra brotþola sem sótti viðtöl hvert ár á tímabilinu 1991 til 2021

Mynd 1 sýnir fjölda nýrra brotþola sem kom ár hvert til Stígamóta undanfarin 32 ár. Þess ber að geta að upplýsingar vantar um heildarfjölda nýrra brotþola sem sótti þjónustu Stígamóta á árunum 1990 og 2007 og því eru þessi ár ekki með á mynd 1.


Mynd 1 og tafla 1 sýna að árið 2021 voru nýir brotapolar 465, sem er 166 brotþolum fleiri en árið 2020 en þá voru nýir brotapolar 299. Nýir brotapolar hafa ekki verið fleiri frá upphafi Stígamóta.

- Heildarfjöldi nýrra mála var 465 en 18 skýrslur voru ekki fylltar út og því ómarktækar. Þess vegna byggir öll tölfraeðiúrvinnsla um brotþola á þeim 447 skýrslum sem fylltar voru út. Hins vegar lágu fyrir upplýsingar um kyn og í hvaða mánuði brotþoli kom í fyrsta skipti í þessum 18 skýrslum sem ekki voru fylltar út, þess vegna er heildarfjöldi einstaklinga hærri en 447 í mynd 4 og töflu 5.
- Þess ber að geta að upplýsingar um ný mál í gegnum aðstandendur gætu verið færri þar sem ekki er alltaf hægt að vita með vissu hvort fleiri en einn aðstandandi hafi komið vegna sama brotþola.
- Samanlagður fjöldi ofbeldismanna er 700, bæði ný mál og upplýsingar um ný mál frá aðstandendum. Eins og fram hefur komið vantaði 18 komuskýrslur og þá um leið allar upplýsingar um ofbeldismenn í þeim málum en hér er miðað við einn ofbeldismann fyrir hverja glataða skýrslu (sem er lágmarkstalning). Ekki liggja fyrir upplýsingar um ofbeldismenn þegar ný mál komu til Stígamóta í gegnum aðstandendur, en hér er talinn einn ofbeldismaður fyrir hvert nýtt mál sem upplýsingar fást um hjá aðstandendum (sem er lágmarkstalning). Því er hægt að segja með vissu að ofbeldismennirnir hafi verið 700 en hins vegar byggja tölfraeðilegar upplýsingar í ársskýrslu þessari á 641 skýrslu sem lá fyrir um ofbeldismenn. Þess ber að geta að í einhverjum tilfellum gáfu brotþolar ekki upplýsingar um alla ofbeldismenn. Ástæða þess gat til dæmis verið að þeir vissu ekki hve margir þeir voru eða það átti ekki við.
- Heildarfjöldi nýrra aðstandenda var 96 en 9 skýrslur voru ekki fylltar út og því ómarktækar. Þess vegna byggir öll tölfraeðiúrvinnsla um brotþola á þeim 87 skýrslum sem fylltar voru út. Hins vegar lágu fyrir upplýsingar um kyn brotþola og hvort brotþoli sjálfur væri eða hefði verið í viðtölum á Stígamótum í þessum 9 skýrslum sem ekki voru fylltar út, þess vegna er heildarfjöldi einstaklinga hærri en 96 í töflu 40 og 42.



Mynd 2. Heildarfjöldi einstaklinga sem sótti viðtöl hvert ár fyrir tímabilið 1990 til 2021

Mynd 2 sýnir heildarfjölda þeirra einstaklinga sem sóttu viðtöl á Stígamótum á hverju ári frá árinu 1990 til ársins 2021. Heildarfjöldi einstaklinga samanstendur af einstaklingum sem voru að koma í fyrsta skipti til Stígamóta, sem og einstaklingum sem hafa fylgt Stígamótum á milli ára. Þarna eru allir einstaklingar sem sótt hafa viðtöl á Stígamótum á tilteknu ári, bæði brotapolar og aðstandendur brotapöla. Þess ber að geta að upplýsingar vantar um heildarfjölda allra einstaklinga sem sótti þjónustu Stígamóta á árunum 1991 til ársins 1993 og því eru þessi ár ekki með á mynd 2. Mynd 2 sýnir hversu stórum hópi Stígamót veita þjónustu á hverju ári. Heildarfjöldi einstaklinga sem kom í viðtöl til Stígamóta árið 2021 var 952, sem er um 24,4% fleiri en árið 2020. Heildarfjöldi einstaklinga hefur aðeins einu sinni verið hærri en árið 2021, en það var árið 2017.



Mynd 3. Heildarfjöldi viðtala sem veitt voru á hverju ári á Stígamótum 1990 til 2021

Mynd 3 sýnir umfang þjónustu Stígamóta á hverju ári frá því Stígamót hófu starfsemi sína, það er hversu mörg viðtöl voru veitt brotapolum og aðstandendum þeirra á hverju ári frá upphafi Stígamóta. Þess ber að geta að upplýsingar vantar um heildarfjölda viðtala á árinu 1997 og því er það ár ekki með á mynd 3. Heildarfjöldi viðtala árið 2021 var 3.381, sem er um 20% aukning frá árinu 2020. Heildarfjöldi viðtala sem veitt voru á einu ári hafa ekki verið hærri frá stofnun Stígamóta.

Ef ofangreindar upplýsingar eru dregnar saman fyrir árið 2021 kemur fram að heildarfjöldi nýrra brotapöla og nýrra mála hafa aldrei verið hærri. Heildarfjöldi allra einstaklinga sem komu í viðtal hefur ekki verið hærri síðan árið 2017 en þá var metár í fjölda einstaklinga. Heildarfjöldi viðtala á einu ári hefur ekki verið hærri frá stofnun Stígamóta.

Þessar niðurstöður eru meðal annars tilkomnar vegna þess að ráðnir voru inn tímabundið 4 ráðgjafar í fullt starf yfir sumarmánuði ársins 2021, með það að markmiði að minnka eða eyða biðlista. Á haustmánuðum og til enda ársins voru einnig ráðnir tímabundið inn 2 ráðgjafar í hlutastarf til að minnka biðlista eftir viðtölum.

Í júlí 2020 var tekinn upp í fyrsta skipti biðlisti hjá Stígamótum vegna mikillar aðsóknar í viðtöl og hefur biðlistinn því miður verið til staðar síðan. Í enda árs 2020 voru 52 einstaklingar á biðlistanum og bættust nýir einstaklingar á biðlistann í hverjum mánuði ársins 2021. Í heildina bættust 943 einstaklingar á biðlistann yfir allt árið 2021, og í enda ársins biðu 200 einstaklingar eftir viðtali í byrjun árs 2022. Árið 2021 voru 216 einstaklingar af biðlistanum sem afþökkuðu boð um viðtal af ýmsum ástæðum. Af þessu má sjá að þrátt fyrir að reynt hafi verið að minnka eða eyða biðlista með því að ráða inn tímabundið nýja ráðgjafa var biðlisti eftir viðtölum enn til staðar og var hann nærri fjórfalt hærri í byrjun árs 2021 en hann var í byrjun árs 2020.

Gera má ráð fyrir að þessi mikla ásókn í þjónustu Stígamóta á árinu tengist aukinni samfélagsumræðu um kynferðisofbeldi en vorið 2021 fór aftur af stað #metoo bylgja á Íslandi. Fyrri #metoo hreyfing náði útbreiðslu árið 2017 þegar mikill fjöldi brotþola um víða veröld steig opinberlega fram með reynslu sína af kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni á samfélagsmiðlum undir áður nefndu myllumerki. Sú bylting hratt af stað vitundarvakningu um umfang ofbeldis og kerfisbundins kynjamisréttis, sem tengja má við þann metfjölda sem leitaði til Stígamóta árið 2017. Á vormánuðum 2021 stigu aftur hundruð íslenskra kvenna fram með sögu sína, í kjölfar ásakana tveggja kvenna á hendur þjóðþekktum fjölmiðlamanni. Brotþolum blöskraði sú gerendameðvirkni og þolendaskömmun sem einkenndi umræðu um málið og ný #metoo bylgja skall á með miklum þunga. Hana einkenndu vonbrigði með hversu litlu fyrri bylgjan hafði breytt til frambúðar og trega gerenda til að taka ábyrgð á brotum sínum. Sú breyting varð nú frá fyrri bylgju að brotþolar nafngreindu gerendur sína og þrýst var á að þeir fengju minna rými í fjölmiðlum og samfélaginu öllu.


Aftur varð mikil aðsókn á Stígamót í kjölfar #metoo bylgju, enda vakti hávær afstaða með gerendum erfiðar tilfinningar hjá mörgum brotþolum. Umræðan vatt upp á sig í sumarlok 2021 með aðsendri blaðagrein um þöggun KSÍ á ofbeldisbrotum landsliðsmanna innan knattspyrnuhreyfingarinnar. Greinin vakti mikla athygli og úr varð að úttekt var gerð á viðbrögðum og málsmeðferð KSÍ vegna slíkra mála. Niðurstöður úttektarinnar lágu fyrir í desember og kom þar fram að sambandið hefði þekkt til ofbeldismálanna, þvert á yfirlýsingar þáverandi formanns. Sá steig af stóli strax um sumarið vegna ásakana um þöggun, og var fljótlega kjörin til formanns fyrsta konan í sögu KSÍ og raunar knattspyrnufélaga í allri Evrópu.

Tafla 2. Fjöldi brotþola sem kom í fyrsta skipti í viðtal á Stígamót eða í Bjarkarhlíð, skipt eftir árum

	2017		2018		2019		2020		2021	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Brotþoli kom í viðtal á Stígamót	403	89,0%	325	84,2%	325	84,4%	239	79,9%	395	88,4%
Brotþoli kom í viðtal í Bjarkarhlíð	50	11,0%	61	15,8%	60	15,6%	60	20,1%	52	11,6%
Alls	453	100%	386	100%	385	100%	299	100%	447	100%

Tveir ráðgjafar frá Stígamótum veittu hvor um sig mánaðarlega viðtöl fyrir þolendur kynferðisofbeldis í Bjarkarhlíð árið 2021. Eins og tafla 2 sýnir sóttu 52 einstaklingar, af þeim 447 (eða 11,6%) sem komu til Stígamóta í fyrsta skipti árið 2021, fyrsta viðtal til ráðgjafa Stígamóta í Bjarkarhlíð. Þetta er lægra hlutfall borið saman við árin 2018 til 2020 en svipað og var árið 2017. Einn af þeim 96 aðstandendum sem leituðu í fyrsta skipti til Stígamóta árið 2021 kom í fyrsta viðtal til Stígamóta í Bjarkarhlíð.

Öll tölfraðileg úrvinnsla um brotþola í myndum og töflum hér fyrir neðan byggir á þeim 447 brotþolum sem komu í fyrsta skipti til Stígamóta árið 2021 og svöruðu spurningalista um brotþola. Öll tölfraðileg úrvinnsla um ofbeldismenn á myndum og töflum hér fyrir neðan byggir á 641 skýrslu sem þessir 447 brotþolar svöruðu einnig um þá ofbeldismenn sem beittu þá kynferðisofbeldi. Átján brotþolar sem komu í fyrsta skipti til Stígamóta árið 2021 svöruðu ekki spurningalistunum og eru því ekki með í þessari úrvinnslu. En upplýsingar um þessa 18 einstaklinga eru með á mynd 4 og í töflu 5, þar sem þær upplýsingar lágu fyrir.



Mynd 4. Fjöldi nýrra viðtala eftir mánuðum árið 2021

Aðsókn í viðtöl er breytileg á milli ára og mánaða, og því erfitt að segja fyrir um vinnuálag ársins. Mynd 4 sýnir að fjöldi nýrra viðtala var mestur í júní (94 viðtöl) og næstmestur í október (55 viðtöl). Fjöldi nýrra viðtala var minnstur í janúar (21 viðtöl) og desember (10 viðtöl). Mikill fjöldi viðtala í júní er líklega tilkominn vegna ráðgjafa sem ráðnir voru tíma-bundið inn yfir sumarmánuðina til að stytta biðlista.

Þess má einnig geta að lítil fjöldi viðtala í desember er líklega tilkominn vegna jólafría.

Tafla 3. Ástæður þess að leitað var til Stígamóta árið 2021

	Fjöldi	Hlutfall
Síðjaspell	149	33,3%
Nauðgun	301	67,3%
Nauðgunartilraun	92	20,6%
Klám	26	5,8%
Vændi	19	4,3%
Kynferðisleg áreitni	243	54,4%
Stafrænt kynferðisofbeldi	95	21,3%
Annað	16	3,6%
Alls	447	

Tafla 3 sýnir ástæður þess að einstaklingar leituðu til Stígamóta árið 2021. Það fólk sem nýtir sér þjónustu Stígamóta kemur gjarnan til að vinna úr gömlum áföllum og þau geta verið fleiri en eitt. Þess vegna eru ástæður komu sem nefndar eru fleiri en einstaklingarnir (447).

Tafla 3 er sett upp með öðrum hætti nú en fyrri ár. Hlutföll í töflu 3 eru miðuð við heildarfjölda einstaklinga (447) en ekki heildarfjölda tilvika eins og gert er í sambærilegum töflum fyrri ára.

Tveir þriðju brotþola nefndu nauðgun sem ástæðu komu til Stígamóta (eða 67,3%), rúmlega helmingur nefndi kynferðislega áreitni (eða 54,4%) og þriðjungur nefndi síðjaspell (eða 33,3%).

Tafla 3 sýnir einungis fjölda þeirra einstaklinga sem nefndu vændi sem ástæðu komu og sóttu í fyrsta skipti viðtöl á Stígamót á árinu 2021, en þeir voru 19. Til viðbótar koma fram upplýsingar um þolendur vændis þegar skoðað er hvaða afleiðingar brotþolar eru að glíma við (sjá mynd 12) en 2 þeirra sem nefndu vændi sem afleiðingu nefndu vændi ekki sem ástæðu komu.

Það eru því 21 nýir brotapolar sem nefndu að þeir væru þolendur vændis.

Á Stígamótum hefur það sama sýnt sig og hjá erlendum systursamtökum að langan tíma tekur að vinna úr þeirri ofbeldisreynslu sem vændi er. Mikilvægt er að hafa í huga við túlkun niðurstaðna að vændi er oft falið vandamál og oft koma upplýsingarnar um það ekki í ljós fyrr en eftir margra mánaða viðtöl. Skráningar fara hins vegar fram eftir fyrsta viðtal og upplýsingar um vændi vantar því í einhverjum tilvikum.

Til að fá skýrari mynd af heildarfjölda allra einstaklinga sem eru þolendur vændis og sóttu viðtöl á Stígamótum árið 2021 var upplýsingum safnað um hversu margir þeirra sem voru í viðtölum á Stígamótum á árinu, en komu ekki í fyrsta viðtal það ár, hefðu verið í vændi og/eða klámiðnaði. Vitað er að árið 2021 voru einnig í viðtölum um 18 einstaklingar (allt konur) sem höfðu verið í vændi og/eða klámiðnaði og leituðu í fyrsta skipti til Stígamóta fyrir árið 2021.

Því er hægt að segja að vitað sé að í heildina hafi 39 af þeim 952 einstaklingum sem sóttu viðtöl á Stígamótum árið 2021 hafi verið þolendur vændis og/eða klámiðnaðs.

Tafla 4. Stafrænt kynferðisofbeldi og ólíkar birtingarmyndir stafræns kynferðisofbeldis

	Hefur brotapoli verið beittur eða hótað að vera beittur einhverskonar stafrænu kynferðisofbeldi?		Myndefni (ljósmyndir, kvikmyndir eða annað myndefni): Hefur brotapoli verið beittur stafrænu kynferðisofbeldi sem felst í að myndefni þar sem hann er sýndur nakinn eða á kynferðislegan hátt hefur verið birt, dreift eða geymt gegn vilja brotþola eða því hótað?		Texti: Hefur brotapoli verið beittur stafrænu kynferðisofbeldi sem felst í að texti þar sem talað er um hann á kynferðislegan hátt hefur verið birtur, dreift eða geymdur gegn vilja brotþola eða því hótað?	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
já	125	28,0%	87	19,5%	44	9,8%
nei	322	72,0%	341	76,3%	376	84,1%
Upplýsingar vantar	-	-	19	4,3%	27	6,0%
Alls	447	100%	447	100%	447	100%

Tafla 4 sýnir hvort brotapoli hafi verið beittur (eða hótað að vera beittur) einhverskonar stafrænu kynferðisofbeldi. Tafla 4 sýnir einnig hvort brotapoli hafi verið beittur stafrænu kynferðisofbeldi, þar sem annarsvegar myndefni (það er ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilegt efni) og hinsvegar texti hafði verið birtur, dreift eða geymdur gegn vilja brotþola eða því hótað. Þessar upplýsingar eru ekki frekar aðgreindar. Fram kemur í töflu 4 að 28% brotþola (eða 125 brotapolar) nefndu að þeir hefðu verið beittir einhverskonar stafrænu kynferðisofbeldi eða verið hótað slíku ofbeldi. Um 19,5% brotþola (eða 87 brotapolar) höfðu verið beittir stafrænu kynferðisofbeldi þar sem myndefni sem sýndi þá nakta eða á kynferðislegan hátt hafði verið birt, dreift eða geymt gegn vilja þeirra eða því hótað. Tafla 4 sýnir einnig að 9,8% brotþola (eða 44 brotapolar) nefndu að þeir hefðu verið beittir stafrænu kynferðisofbeldi þar sem texti þar sem talað var um þá á kynferðislegan hátt hafði verið birtur, dreift eða geymdur gegn vilja þeirra eða því hótað. Þetta eru hærri hlutföll en fram komu í ársskýrslu ársins 2020. Í ársskýrslu 2020 nefna 22,7% brotþola að þeir hefðu verið beittir (eða hótað að vera beittir) einhverskonar stafrænu kynferðisofbeldi. Um 17,7% brotþola höfðu þá verið beittir stafrænu kynferðisofbeldi þar sem myndefni hafði verið birt, dreift, geymt eða því hótað, og 7,7% brotþola verið beittir stafrænu kynferðisofbeldi þar sem texti þar sem talað var um þá á kynferðislega hátt hafði verið birtur, dreift eða geymdur eða því hótað.

Hafa verður í huga að einstaklingur getur tilgreint annað ofbeldi sem ástæðu komu (sjá töflu 3) en svo er merkt við að hann hafi verið beittur stafrænu ofbeldi í töflu 4. Skýringin á því er sú að einstaklingur getur talið ástæðu fyrir komu til Stígamóta vera aðra, en þegar spurt er frekar um stafrænt kynferðisofbeldi svarar viðkomandi að hann hafi verið beittur slíku ofbeldi. Einnig gæti einstaklingur hafa tilgreint stafrænt kynferðisofbeldi sem ástæðu komu en ekki svarað frekari spurningum um stafrænt kynferðisofbeldi hér að ofan þar sem spurt er nánar um ólíkar birtingarmyndir stafræns kynferðisofbeldis. Því er ekki samræmi í fjölda einstaklinga sem nefna stafrænt kynferðisofbeldi sem ástæðu komu og fjölda þeirra sem tilgreina að þeir hafi verið beittir stafrænu kynferðisofbeldi.

Lýðupplýsingar um brotaþola

Tafla 5. Skipting einstaklinga eftir kyni

	Fjöldi	Hlutfall
Kona	410	88,2%
Karl	52	11,2%
Skilgreinir kyn á annan hátt	3	0,6%
Alls	465	100%

Tafla 5 sýnir fjölda og hlutfall einstaklinga skipt eftir kyni. Eins og árin á undan leituðu fleiri konur en karlar til Stígamóta árið 2021. Þrír einstaklingar skilgreindu kyn sitt á annan hátt árið 2021.

Tafla 6. Þjóðerni brotaþola

	Fjöldi	Hlutfall
Íslendingur	409	91,5%
Blandað þjóðerni	11	2,5%
Frá öðrum löndum	25	5,6%
Upplýsingar vantar	2	0,4%
Alls	447	100%

Tafla 6 sýnir að flestir þeirra sem komu til Stígamóta árið 2021 voru íslenskir eða um 91,5%. Þetta er svipað hlutfall og árin 2008 til 2020.

Tafla 7a/b. Aldur fólks þegar aðstoðar var leitað og þegar ofbeldið var framið árið 2021


Tafla 7a. Aldur er aðstoðar var leitað

	Fjöldi	Hlutfall
11 - 17 ára	11	2,5%
18 - 29 ára	235	52,6%
30 - 39 ára	99	22,1%
40 - 49 ára	47	10,5%
50 - 59 ára	26	5,8%
60 ára og eldri	22	4,9%
Upplýsingar vantar	7	1,6%
Alls	447	100%

Tafla 7b. Aldur er ofbeldi var framið

	Fjöldi	Hlutfall
0 - 4 ára	18	4,0%
5 - 10 ára	101	22,6%
11 - 17 ára	178	39,8%
18 - 29 ára	107	23,9%
30 - 39 ára	10	2,2%
40 - 49 ára	5	1,1%
50 - 59 ára	2	0,4%
60 ára og eldri	1	0,2%
Ekki viss	13	2,9%
Upplýsingar vantar	12	2,7%
Alls	447	100%

Tafla 7a sýnir aldur fólks þegar það leitaði til Stígamóta og tafla 7b sýnir aldur þess þegar ofbeldið hófst eða þegar það var fyrst beitt ofbeldi. Um 74,7% þeirra sem nýttu sér þjónustu Stígamóta árið 2021 voru á aldrinum 18 til 39 ára, en ofbeldið hófst hins vegar fyrir 18 ára aldur hjá 66,4% brotaþola. Þetta er í samræmi við úttektir sem gerðar voru á einstaklingum sem leituðu til Stígamóta annars vegar á árunum 2009 til 2011⁶ og hins vegar á árunum 2016 til 2018⁷ en í báðum úttektum kom fram að tæplega 70% einstaklinga voru yngri en 18 ára þegar þeir voru fyrst beittir kynferðisofbeldi. Á árunum 2009 til 2011 voru það 68,5% einstaklinga, en á árunum 2016 til 2018 voru það 64,8%.



Mynd 5. Samanburður á aldri einstaklinga þegar aðstoðar var leitað árið 2021 og aldri þeirra þegar ofbeldi var fyrst framið

Það er eftirtektarvert að nokkur tími líður frá því að kynferðisofbeldi á sér stað þar til fólk leitar sér hjálpar vegna þess (sjá mynd 5). Samskonar niðurstöður koma fram í tölum Stígamóta frá fyrri árum. Ein af þeim áskorunum sem Stígamót standa frammi fyrir er að vinna að því að stytta tímann sem fólk lætur líða frá því að brotið er gegn því og þar til það leitar sér hjálpar. Jafnframt sýnir þessi mynd að megnið af fólkinu sem leitar til Stígamóta var fyrst beitt kynferðisofbeldi fyrir 18 ára aldur, þ.e. meðan það var enn á barns- og unglingsaldri.

Tafla 8. Brotaþoli býr við einhverja af eftirtöldum skerðingum: þroskahömlun, hreyfihömlun, blindu/sjónskerðingu, geðsjúkdóm, einhverfu, heyrnarskerðingu eða aðra skerðingu, skipt eftir örorku

	Fjöldi	Hlutfall
Býr ekki við neina skerðingu	211	47,2%
Býr við skerðingu/ar en er ekki metinn til örorku vegna hennar/þeirra	127	28,4%
Býr við skerðingu/ar og er metinn til örorku vegna hennar/þeirra	33	7,4%
Býr við skerðingu/ar en ekki er vitað hvort viðkomandi er metinn til örorku vegna hennar/þeirra	31	6,9%
Upplýsingar vantar	45	10,1%
Alls	447	100%

Tafla 8 sýnir að um 42,7% einstaklinga sem leituðu til Stígamóta í fyrsta skipti árið 2021 bjuggu við einhverja af ofangreindum skerðingum, óháð því hvort þeir voru metnir til örorku vegna hennar/þeirra eða ekki. Tafla 8 sýnir einnig að 7,4% þeirra sem komu í fyrsta skipti til Stígamóta árið 2021 og bjuggu við einhverja af ofangreindum skerðingum, voru metnir til örorku vegna hennar/þeirra. Hlutfall þeirra sem bjuggu við einhverja af ofangreindum skerðingum, óháð því hvort þeir voru metnir til örorku vegna hennar/þeirra eða ekki, er lægra en fram kom í árs-skýrslu ársins 2020 (þá var hlutfallið 46,5%). Hlutfall þeirra sem bjuggu við skerðingar og voru metin til örorku vegna hennar/þeirra var einnig lægra en fram kom í ársskýrslu ársins 2020 (en þá var hlutfallið 11%).

6 Anna Þ. Kristinsdóttir. (2013). *Samantæki á afleiðingum hjá þeim sem upplifðu kynferðisofbeldi fyrst fyrir 18 ára aldur og þeim sem upplifðu kynferðisofbeldið fyrst 18 ára eða eldri*. Óútgefin skýrsla.

7 Anna Þ. Kristinsdóttir. (2019). *Upplýsingar um einstaklinga sem leituðu til Stígamóta í fyrsta skipti á árunum 2016 til 2018 og höfðu verið beittir kynferðislegu ofbeldi fyrir 18 ára aldur*. Óútgefin skýrsla.


Tafla 9. Skerðing skipt eftir hvort brotaþoli var metinn til örorku vegna hennar

	Metin til örorku		Ekki metin til örorku og óvíst		Alls	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Proskahömlun	1	3,0%	-	-	1	0,5%
Hreyfihömlun	4	12,1%	2	1,3%	6	3,1%
Blinda/sjónskerðing	-	-	6	3,8%	6	3,1%
Geðsjúkdómur	19	57,6%	145	91,8%	164	85,9%
Einhverfa	2	6,1%	5	3,2%	7	3,7%
Heyrnarleysi/-skerðing	1	3,0%	4	2,5%	5	2,6%
Annað	10	30,3%	12	7,6%	22	11,5%
Fjöldi einstaklinga	33		158		191	

Hlutfallið í töflu 9 miðast annars vegar við 33 einstaklinga sem búa við skerðingu og eru metnir til örorku vegna hennar, og hins vegar við 158 einstaklinga sem nefndu að þeir byggju við skerðingu en væru ekki metnir til örorku vegna hennar eða óvíst hvort þeir væru metnir til örorku vegna skerðingar. Í töflu 9 byggir fjöldi brotaþola með skerðingar eingöngu á því þegar upplýsingar liggja fyrir um skerðingar og örorku vegna þeirra. Hér eru því ekki með brotaþolar þar sem ekki fengust upplýsingar um annað hvort skerðingar eða örorku. Hafa ber þetta í huga við túlkun upplýsinga.

Tafla 9 sýnir að flestir þeirra sem leituðu til Stígamóta árið 2021 og bjuggu við skerðingu bjuggu við geðsjúkdóm (eða 85,9%). Þetta er svipað hlutfall og kom fram í ársskýrslu ársins 2020, en þá var hlutfallið einnig um 85%.


Markmiðið með þessum tveimur ofangreindu töflum er að fá betri mynd af því hversu vel Stígamót ná til fólks með skerðingar og að fá skýrari mynd af þeim hópum sem reyna þarf að ná betur til og auka aðgengi fyrir. Stígamót leggja ríka áherslu á að auka aðgengi fyrir fólk sem býr við einhverskonar skerðingar.



Mynd 6. Búseta þeirra sem leituðu til Stígamóta árið 2021


Á mynd 6 má sjá búsetu fólks þegar það leitaði til Stígamóta á árinu, en um 75% þeirra einstaklinga bjuggu á höfuðborgarsvæðinu. Í ársbyrjun 2021 bjuggu 64,1% landsmanna á höfuðborgarsvæðinu en það er fyrst og fremst sá hópur sem hefur verulegt gagn af starfi Stígamóta. Úr þessum hópi eru flest þeirra sem nýta sér viðtöl í langan tíma og hafa möguleika á að taka þátt í starfi sjálfshjálparhópanna. Þó er einnig boðið upp á símaviðtöl eða viðtöl í gegnum annan fjarfundabúnað sem fólk utan höfuðborgarsvæðisins hefur nýtt sér. Verkefnið „Stígamót á staðinn“ opnaði möguleika fyrir þá sem búa á Egilsstöðum og nágrenni, og Ísafirði og nágrenni, að nýta sér þjónustu Stígamóta á sínu heimasvæði. Ráðgjafar á Stígamótum fóru reglulega með viðtalsþjónustu til Egilsstaða frá árinu 2012 og allt til ársins 2019, en þá var þeirri þjónustu hætt. Þess ber þó að geta að ráðgjafi frá Stígamótum hefur á árunum 2020 og 2021 boðið upp á fjarviðtöl (í gegnum síma eða annan fjarfundarbúnað) fyrir þá sem sóttu viðtöl á Egilsstöðum. Ráðgjafi frá Stígamótum fer reglulega og veitir viðtöl á Ísafirði og hefur svo verið frá september 2016.

Um ofbeldisverkin



Mynd 7. Hve lengi stóðu sífjaspellin?

Hlutfallið á mynd 7 miðast við þá 143 einstaklinga sem beittir höfðu verið sífjaspellum og svöruðu spurningu um hve lengi sífjaspellin stóðu yfir. Tölum um hve lengi sífjaspellin stóðu yfir ber að taka með varúð. Það reynist fólki oft erfitt að tímasetja ofbeldið nákvæmlega og þær tölur um tímalengd sem hér eru nefndar eru varlega áætlaðar. Ljóst er að sífjaspell er ofbeldi sem er oft viðvarandi í mörg ár. Mynd 7 sýnir að í um 42,7% tilfella stóðu sífjaspellin yfir í eitt ár eða lengur. Ársskýrslur fyrri ára sýna að þetta hlutfall hefur verið á bilinu 40% til um 70%.



Mynd 8. Mismunandi birtingarmyndir nauðgana/nauðgunartilrauna

Mynd 8 sýnir birtingarmyndir nauðgana og nauðgunartilrauna. Hlutfallið á myndinni miðast við heildarfjölda þeirra tilvika þar sem greint var frá mismunandi birtingarmyndum nauðgana/nauðgunartilrauna eða 427 tilvik. Á mynd 8 er greint frá birtingarmyndum bæði nauðgana og nauðgunartilrauna og þess vegna verður fjöldinn meiri en í fjölda ástæðna fyrir komu á Stígamót. Þá svöruðu ekki allir sem merktu við nauðgun og/eða nauðgunartilraun sem ástæðu fyrir komu spurningunni um mismunandi birtingarmyndir.

Í mynd 8 vísar svarmöguleikinn annað til nauðgana/nauðgunartilrauna sem falla undir aðrar skilgreiningar nauðgunar/nauðgunartilraunar en þær sem settar eru fram í myndinni.

Mynd 8 sýnir að í hlutfallslega flestum tilvikum nauðgana/nauðgunartilrauna upplifði brotaþoli ekki byrlun, hópnauðgun eða að meðvitundarleysi þeirra væri nýtt (eða um 56,7%). Þetta er lægra hlutfall en kemur fram í ársskýrslu frá árinu 2020 (þá var hlutfallið 59,8%). Um 22% nauðgana/nauðgunartilrauna (eða í 94 tilvikum) áttu sér stað þegar meðvitundarleysi brotaþola vegna áfengis eða lyfja var nýtt. Þetta er svipað hlutfall og kemur fram í ársskýrslu ársins 2020 (þá var hlutfallið 22,7%). Mynd 8 sýnir að í 7,5% tilvika (eða í 32 tilvikum) var um byrlun að ræða, sem er ögn lægra en í ársskýrslu frá árinu 2020 en þá var hlutfallið um 8%. Mynd 8 sýnir einnig að í 31 tilviki (eða 7,3%) þeirra nauðgana/nauðgunartilrauna sem nefndar voru, var um hópnauðgun að ræða. Þetta eru talsvert fleiri tilvik en í ársskýrslu frá árinu 2020 (þá voru það 15 tilvik). Í átta tilfellum hópnauðgana/nauðgunartilrauna voru tveir ofbeldismenn og í sex tilfellum voru ofbeldismennirnir þrír. Í 17 tilfellum vantaði upplýsingar um fjölda ofbeldismanna.

Rétt er að ítreka að þrátt fyrir ólíkar birtingarmyndir nauðgana/nauðgunartilrauna er sá sem beitir ofbeldinu alltaf ábyrgur fyrir ofbeldinu.

Tafla 10. Brotapola var byrjað lyf þegar ofbeldið var framið, skipt eftir tegund ofbeldis

	Sifjaspell		Nauðgun		Nauðgunar-tilraun		Klám		Vændi		Kynferðisleg áreitni		Annað	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Nei	128	85,9%	202	67,1%	45	48,9%	9	34,6%	10	52,6%	127	52,3%	3	18,8%
Já	-	-	28	9,3%	9	9,8%	1	3,8%	-	-	5	2,1%	1	6,3%
Í sumum tilvikum	-	-	13	4,3%	1	1,1%	-	-	1	5,3%	1	0,4%	-	-
Já grunar það	-	-	14	4,7%	3	3,3%	1	3,8%	-	-	2	0,8%	-	-
Ekki viss	4	2,7%	21	7,0%	5	5,4%	-	-	-	-	4	1,6%	2	12,5%
Upplýsingar vantar	17	11,4%	23	7,6%	29	31,5%	15	57,7%	8	42,1%	104	42,8%	10	62,5%
Alls	149	100%	301	100%	92	100%	26	100%	19	100%	243	100%	16	100%

Tafla 10 greinir frá hvort einstaklingi hafi verið byrjað lyf þegar ofbeldið átti sér stað, skipt eftir brotaflokk. Hlutfallið í töflunni miðast við hvern brotaflokk og fjölda þeirra einstaklinga sem nefndu að þeir hefðu orðið fyrir slíku broti.

Í 9,3% tilfella þegar um nauðgun var að ræða var brotapola byrjað lyf, en í engum tilfellum þegar um sifjaspell var að ræða.

Árið 2020 nefndu 19 einstaklingar sem höfðu verið beittir nauðgun að þeim hefði verið byrjað lyf en árið 2021 voru þeir 28 (sjá töflu 10). Þegar mynd 8 er borin saman við töflu 10 kemur í ljós að í 32 tilfellum nauðgana/nauðgunartilrauna var lyfjum byrjað samkvæmt mynd 8, en tafla 10 sýnir aftur á móti 28 tilvik þar sem lyfjum var byrjað þegar um nauðgun var að ræða og 9 tilvik þar sem um nauðgunartilraun var að ræða. Hafa ber í huga að einstaklingur getur tilgreint að um lyfja-nauðgun hafi verið að ræða þegar hann svarar hverjar birtingarmyndir nauðgunar/nauðgunartilraunar voru en ekki tilgreint eða svarað spurningu um hvort honum hafi verið byrjað lyf, eða öfugt. Því er ekki alltaf samræmi í fjölda tilvika þar sem um lyfjanauðgun/nauðgunartilraun var að ræða (sem mynd 8 sýnir) og fjölda tilvika þar sem lyfjum var byrjað (sem tafla 10 sýnir).

Um 14,5% (65 einstaklingar) þeirra 447 brotapola sem komu í fyrsta skipti til Stígamóta árið 2021 nefndu að þeim hefði verið byrjað lyf þegar þeir voru beittir kynferðisofbeldi.

Mikilvægt er að taka það fram að oft er erfitt að átta sig á því að byrlun hafi átt sér stað og lyf eru oft fljót að fara úr líkam-anum. Því fæst sjaldan staðfesting á því að byrlun hafi átt sér stað og án efa eru hér einhverjar skuggatölur.

Tafla 11. Landsvæði þar sem ofbeldið átti sér stað, skipt eftir tegund ofbeldis

	Sifjaspell	Nauðgun	Nauðgunar-tilraun	Klám	Vændi	Kynferðisleg áreitni	Annað
Reykjavík	34,2%	41,4%	39,7%	52,6%	54,5%	40,3%	33,3%
Annað höfuðborgarsvæði	18,4%	17,6%	15,4%	26,3%	13,6%	19,5%	22,2%
Utan höfuðborgarsvæðis	32,9%	24,1%	23,1%	10,5%	13,6%	26,8%	22,2%
Erlendis	8,6%	14,4%	17,9%	10,5%	18,2%	11,7%	11,1%
Ekki viss	5,9%	2,5%	3,8%	-	-	1,7%	11,1%
Alls (Fjöldi tilvika)	100% (152)	100% (353)	100% (78)	100% (19)	100% (22)	100% (231)	100% (9)

Í töflu 11 er greint frá hvar ólíkar tegundir ofbeldis áttu sér stað. Í hverjum brotaflokkum fyrir sig geta staðirnir sem nefndir eru verið fleiri en einstaklingarnir sem orðið hafa fyrir ofbeldinu. Skýringin á þessu er sú að ofbeldi var beitt á fleiri en einum stað hjá sumum einstaklingum. Hlutfallið í töflu 11 miðast við heildarfjölda tilvika þar sem ofbeldi átti sér stað í hverjum brotaflokkum. Tafla 11 sýnir að kynferðisofbeldi á sér ekki landfræðileg mörk. Hæsta hlutfall tilfella í öllum tilgreindum brotaflokkum er á höfuðborgarsvæðinu. Þetta er í samræmi við það að flestir sem leita til Stígamóta búa á höfuðborgarsvæðinu.

Þess ber að geta að brotaflokkurinn *stafrænt kynferðisofbeldi* er ekki tekinn með í töflu 11 vegna þess að stafrænt kynferðisofbeldi er í eðli sínu ekki staðbundið.

Tafla 12. Hvar kynferðisofbeldið átti sér stað, skipt eftir tegund ofbeldis

	Sifjaspell		Nauðgun		Nauðgunar-tilraun		Klám		Vændi		Kynferðisleg áreitni		Annað	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Á sameiginlegu heimili	51	27,7%	53	13,1%	12	13,6%	4	21,1%	1	3,7%	31	7,6%	3	27,3%
Á heimili ofbeldismanns	60	32,6%	145	35,9%	17	19,3%	8	42,1%	9	33,3%	65	16%	1	9,1%
Á heimili brotaþola	26	14,1%	79	19,6%	12	13,6%	1	5,3%	4	14,8%	37	9,1%	-	-
Í heimahúsi	6	3,3%	65	16,1%	17	19,3%	1	5,3%	2	7,4%	41	10,1%	-	-
Á vinnustað	3	1,6%	6	1,5%	3	3,4%	-	-	1	3,7%	39	9,6%	1	9,1%
Á eða við skemmtistað	1	0,5%	11	2,7%	6	6,8%	-	-	-	-	58	14,3%	1	9,1%
Á útihátíð	1	0,5%	10	2,5%	4	4,5%	-	-	-	-	22	5,4%	1	9,1%
Í tómstundum eða íþróttastarfi	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	10	2,5%	-	-
Á opinberri stofnun	3	1,6%	3	0,7%	1	1,1%	-	-	1	3,7%	12	2,9%	-	-
Utandyra	16	8,7%	16	4,0%	9	10,2%	1	5,3%	4	14,8%	35	8,6%	-	-
Á Internetinu	2	1,1%	-	-	-	-	2	10,5%	1	3,7%	37	9,1%	-	-
Annað	10	5,4%	14	3,5%	6	6,8%	2	10,5%	2	7,4%	17	4,2%	2	18,2%
Ekki viss	5	2,7%	2	0,5%	1	1,1%	-	-	2	7,4%	3	0,7%	2	18,2%
Alls	184	100%	404	100%	88	100%	19	100%	27	100%	407	100%	11	100%


Tafla 12 greinir frá því hvar ólíkar tegundir ofbeldis áttu sér stað. Í hverjum brotaflokkum fyrir sig geta þeir staðir verið fleiri en einstaklingarnir sem orðið hafa fyrir ofbeldinu. Skýringin á þessu er sú að ofbeldi var beitt á fleiri en einum stað hjá sumum einstaklingum. Hlutfallið í töflu 12 miðast við heildarfjölda tilvika þar sem ofbeldi átti sér stað í hverjum brotaflokkum.

Í töflu 12 kemur fram að sifjaspell á sér oftast stað á heimili ofbeldismanns, á heimili þess sem er beittur ofbeldinu eða á sameiginlegu heimili brotaþola og ofbeldismann (samtals í um 74,4% tilfella). Þessar niðurstöður

eru í samræmi við ársskýrslu frá árinu 2020 en þar kemur fram að sífjaspell á sér oftast stað á áðurnefndum stöðum í um 80% tilvika. Nauðganir og nauðgunartilraunir eiga sér oftast stað á heimili ofbeldismanns, á heimili þess sem er beittur ofbeldinu, sameiginlegu heimili brotaþola og ofbeldismanns og í heimahúsi (nauðganir í um 84% tilvika og nauðgunartilraunir í um 65% tilvika). Þessar niðurstöður eru í samræmi við ársskýrslu frá árinu 2020 en þar kemur fram að nauðganir eiga sér stað á áðurnefndum stöðum í um 78,9% tilvika og nauðgunartilraunir í um 63% tilvika. Athyglisvert er að kynferðisleg áreitni á sér stað utan heimila í um 52% tilvika, sem er svipað hlutfall og fram kemur í ársskýrslu frá árinu 2020 (þá var það í 54% tilvika). Eftirtektarvert er að í um 59% tilvika átti vændi sér stað á sameiginlegu heimili, heimili ofbeldismanns, heimili brotaþola eða í heimahúsi.

Í dálkinum *annað* getur verið um að ræða staði eins og bifreiðar eða á stöðum sem ekki falla undir aðrar skilgreiningar í töflunni.

Þess ber að geta að brotaflokkurinn *stafrænt kynferðisofbeldi* var ekki tekinn með í töflu 12 og mynd 9 vegna þess að stafrænt kynferðisofbeldi verður ekki staðsett í þessari merkingu.



Mynd 9. Hvar kynferðisofbeldið átti sér stað

Mynd 9 greinir frá því hvar ólíkar tegundir ofbeldis áttu sér stað, þegar búið er að sameina alla brotaflokkka í eina heild. Í hverjum brotaflokki fyrir sig geta staðirnir sem nefndir eru verið fleiri en einstaklingarnir sem orðið hafa fyrir ofbeldinu, vegna þess að ofbeldi var beitt á fleiri en einum stað hjá sumum einstaklingum. Hlutfallið á mynd 9 miðast við heildarfjölda tilvika þar sem ofbeldi átti sér stað (að undanskildu stafrænu kynferðisofbeldi), en heildarfjöldi tilvika var 1.140.


Fram kemur á mynd 9 að kynferðisofbeldi á sér oftast stað á heimili ofbeldismanns, á heimili þess sem er beittur ofbeldinu, á sameiginlegu heimili brotþola og ofbeldismanns eða í heimahúsi (samtals í um 65,9% tilfella). Þetta eru sömu niðurstöður og fram koma í ársskýrslu frá árinu 2020 (þá um 65,8%).

Tafla 13. Hverjum hefur brotþoli sagt frá, skipt eftir tegund ofbeldis

	Sifjaspell		Nauðgun		Nauðgunar- tilraun		Klám		Vændi		Kynferðisleg áreitni		Stafrænt kyn- ferðisofbeldi		Annað	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Engum sagt frá ofbeldinu	12	8,1%	16	5,3%	5	5,4%	2	7,7%	3	15,8%	14	5,8%	2	2,1%	2	12,5%
Maka sagt frá ofbeldinu	60	40,3%	118	39,2%	22	23,9%	4	15,4%	3	15,8%	60	24,7%	8	8,4%	3	18,8%
Fyrirverandi maki sagt frá ofbeldinu	32	21,5%	52	17,3%	17	18,5%	1	3,8%	3	15,8%	26	10,7%	6	6,3%	2	12,5%
Móður sagt frá ofbeldinu	59	39,6%	104	34,6%	18	19,6%	2	7,7%	2	10,5%	52	21,4%	8	8,4%	5	31,3%
Föður sagt frá ofbeldinu	35	23,5%	67	22,3%	12	13,0%	1	3,8%	-	-	35	14,4%	5	5,3%	3	18,8%
Öðrum í fjöl- skyldunni sagt frá ofbeldinu	50	33,6%	83	27,6%	19	20,7%	1	3,8%	3	15,8%	52	21,4%	9	9,5%	2	12,5%
Vinkonu/ vini sagt frá ofbeldinu	83	55,7%	191	63,5%	47	51,1%	5	19,2%	8	42,1%	97	39,9%	23	24,2%	4	25,0%
Sponsor í 12 spora sam- tökum sagt frá ofbeldinu	15	10,1%	17	5,6%	3	3,3%	-	-	2	10,5%	14	5,8%	2	2,1%	-	-
Öðrum sagt frá ofbeldinu	5	3,4%	19	6,3%	5	5,4%	2	7,7%	1	5,3%	12	4,9%	3	3,2%	-	-
Óvíst hverjum hefur verið sagt frá ofbeldinu	4	2,7%	17	5,6%	2	2,2%	1	3,8%	-	-	8	3,3%	-	-	-	-
Upplýsingar vantar	16	10,7%	27	9,0%	30	32,6%	16	61,5%	7	36,8%	95	39,1%	66	69,5%	8	50,0%
Fjöldi einstaklinga	149		301		92		26		19		243		95		16	

Tafla 13 greinir frá því hverjum brotþoli hefur áður sagt frá ofbeldinu. Hlutfallið í töflunni miðast við hvern brotaflokk og fjölda þeirra einstaklinga sem nefndu að þeir hefðu orðið fyrir slíku broti. Þannig er samanlagður fjöldi í töflu 13 hærri en fjöldi einstaklinga í hverjum brotaflokki, þar sem hver einstaklingur gat merkt við fleiri en eitt atriði.

Eins og sést í töflu 13 hefur yfir helmingur einstaklinga sem beittir hafa verið sifjaspelli, nauðgun og nauðgunartilraun sagt vinkonu/vini frá ofbeldinu.



Mynd 10. Hverjum brotaþoli hefur sagt frá árið 2021

Mynd 10 sýnir hvaða aðila brotaþoli hafði áður sagt frá kynferðisofbeldinu, óháð brotaflokkum. Hlutfallið á mynd 10 miðast við heildarfjölda einstaklinga (447) en upplýsingar vantar frá 34 (7,6%). Þá er mikilvægt að taka fram að samantlagður fjöldi í mynd 10 er hærri en fjöldi einstaklinga þar sem hver einstaklingur gat merkt við fleiri en eitt atriði.


Á mynd 10 sést að um 64,9% höfðu sagt vinkonu/vini frá ofbeldinu og um 42,1% höfðu sagt maki frá ofbeldinu. Þetta eru svipaðar niðurstöður og koma fram í ársskýrslu ársins 2020, en þá höfðu um 70,2% sagt vinkonu/vini frá ofbeldinu og 39,1% sagt maki frá.

Tafla 14. Fagaðilar sem ofbeldið hafði verið rætt við þegar komið var til Stigamóta árið 2021, skipt eftir tegund ofbeldis

	Sifjaspell		Nauðgun		Nauðgunar-tilraun		Klám		Vændi		Kynferðisleg áreitni		Stafrænt kynferðisofbeldi		Annað	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Enginn fagaðili	38	25,5%	86	28,6%	23	25,0%	7	26,9%	5	26,3%	57	23,5%	14	14,7%	3	18,8%
Læknir	7	4,7%	17	5,6%	3	3,3%	-	-	2	10,5%	4	1,6%	2	2,1%	1	6,3%
Starfsfólk geðdeildar	3	2,0%	14	4,7%	1	1,1%	-	-	1	5,3%	3	1,2%	-	-	-	-
Geðlæknir	8	5,4%	19	6,3%	2	2,2%	-	-	4	21,1%	4	1,6%	-	-	1	6,3%
Hjúkrunarfræðingur	7	4,7%	18	6,0%	3	3,3%	-	-	-	-	3	1,2%	-	-	-	-
Sjúkraliði	-	-	1	0,3%	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
Félagsráðgjafi	15	10,1%	28	9,3%	3	3,3%	1	3,8%	3	15,8%	7	2,9%	-	-	1	6,3%
Félagsþjónusta	4	2,7%	5	1,7%	-	-	-	-	1	5,3%	2	0,8%	1	1,1%	-	-
Sálfræðingur	56	37,6%	107	35,5%	21	22,8%	1	3,8%	2	10,5%	37	15,2%	8	8,4%	2	12,5%
Fagaðili í vímuefnaeðferð	7	4,7%	10	3,3%	-	-	-	-	2	10,5%	3	1,2%	2	2,1%	-	-
Prestur	4	2,7%	4	1,3%	1	1,1%	-	-	1	5,3%	4	1,6%	-	-	-	-
Skólastarfsmaður	4	2,7%	5	1,7%	2	2,2%	1	3,8%	-	-	4	1,6%	-	-	-	-
Lögreglufulltrúi	9	6,0%	25	8,3%	2	2,2%	1	3,8%	-	-	8	3,3%	1	1,1%	-	-
Kvennaathvarf	2	1,3%	1	0,3%	-	-	-	-	-	-	1	0,4%	-	-	-	-
Neyðarmóttaka	1	0,7%	16	5,3%	-	-	-	-	-	-	1	0,4%	-	-	-	-
Barnahús	11	7,4%	4	1,3%	1	1,1%	-	-	-	-	2	0,8%	1	1,1%	-	-
Annar fagaðili	8	5,4%	12	4,0%	5	5,4%	1	3,8%	3	15,8%	15	6,2%	1	1,1%	-	-
Ekki viss	4	2,7%	18	6,0%	2	2,2%	-	-	-	-	9	3,7%	-	-	-	-
Upplýsingar vantar	23	15,4%	46	15,3%	38	41,3%	17	65,4%	5	26,3%	110	45,3%	68	71,6%	8	50,0
Fjöldi einstaklinga	149		301		92		26		19		243		95		16	

Tafla 14 greinir frá því hvort brotapolí hafi rætt ofbeldið við fagaðila og þá hverskonar, skipt eftir brotaflokk. Hlutfallið í töflunni miðast við hvern brotaflokk og fjölda þeirra einstaklinga sem nefndu að þeir hefðu orðið fyrir slíku broti. Þá er mikilvægt að taka fram að samanlagður fjöldi í töflu 14 getur verið hærri en fjöldi einstaklinga í hverjum brotaflokk, þar sem hver einstaklingur gat merkt við fleiri en eitt atriði.


Um 25,5% þeirra sem beittir höfðu verið sifjaspelli og um 28,6% þeirra sem beittir höfðu verið nauðgun höfðu ekki rætt við neinn fagaðila um ofbeldið. Í ársskýrslu frá árinu 2020 kemur fram að svipað hlutfall þeirra sem beittir höfðu verið nauðgun höfðu ekki rætt við neinn fagaðila um ofbeldið (26,6%) en aðeins hærri hlutfall þeirra sem beittir höfðu verið sifjaspelli (eða 34,8%). Yfir 20% þeirra sem beittir höfðu verið nauðgunartilraun, klámi, vændi eða kynferðislegri áreitni höfðu ekki rætt við neinn fagaðila um ofbeldið (sjá töflu 14). Athyglisvert er að yfir þriðjungur þeirra sem beittir höfðu verið sifjaspelli og nauðgunum höfðu rætt við sálfræðing um ofbeldið. Um 22% þeirra sem beittir hafa verið nauðgunar-tilraun höfðu rætt við sálfræðing um ofbeldið.



Mynd 11. Hjá hvaða fagaðilum hefur ofbeldið verið rætt þegar komið var til Stígamóta árið 2021

Mynd 11 sýnir við hvaða fagaðila brotaþoli hafði rætt þegar komið var til Stígamóta, óháð brotaflokkum. Hlutfallið á myndinni miðast við heildarfjölda einstaklinga (447) en upplýsingar vantar frá 53 (11,9%). Þá er mikilvægt að taka fram að samanlagður fjöldi á mynd 11 er hærri en heildarfjöldi einstaklinga, þar sem hver einstaklingur gat merkt við fleiri en eitt atriði. Um 32,7% höfðu ekki rætt við neinn fagaðila um ofbeldið og er þetta svipað hlutfall og fram kemur í ársskýrslu frá árinu 2020 (32,1%). Einnig er athyglisvert að um 37,4% höfðu rætt við sálfræðing um ofbeldið (sjá mynd 11) og er þetta aðeins lægra hlutfall en fram kom í ársskýrslu frá árinu 2020 (42,1%).

Afleiðingar kynferðisofbeldis




Mynd 12. Erfiðustu afleiðingar kynferðisofbeldis

Á mynd 12 eru sýndar þær afleiðingar kynferðisofbeldis sem oftast eru nefndar í viðtölum. Hlutfallið á myndinni miðast við heildarfjölda einstaklinga (447) en upplýsingar um afleiðingar vantar frá 15 manns (3,4%) af

heildarfjölda einstaklinga. Í súluritinu er getið um svipmyndir. Hér getur verið um að ræða myndir eða minningar tengdar kynferðisofbeldinu sem skjótast skyndilega og án fyrirvara upp í hugann og valda viðkomandi miklu hugarangri.

Mynd 12 sýnir að hlutfallslega flestir nefndu kvíða, skömm, depurð, lélega sjálfsmynd og sektarkennd. Í ársskýrslum fyrri ára kemur einnig fram að hátt hlutfall brotaþola nefna depurð, lélega sjálfsmynd og sektarkennd sem afleiðingu kynferðisofbeldis, og frá því byrjað var að spyrja um skömm og kvíða hefur hlutfall þess alltaf verið hátt.



Mynd 13. Neysla eða athafnir sem eru afleiðingar kynferðisofbeldis og skerða lífsgæði og trufla daglegt líf
Hlutfallið á mynd 13 miðast við heildarfjölda einstaklinga (447), af þeim vantaði upplýsingar frá 33 (7,4%).

Mynd 13 sýnir að hlutfallslega flestir nefndu að áfengi hefði skert lífsgæði eða truflað daglegt líf, eða 32,7%. Um og yfir 20% einstaklinga töldu að neysla annarra vímuefna og mats hefðu skert lífsgæði þeirra og truflað daglegt líf. Um 23,5% einstaklinga töldu að ekkert af ofangreindu hefði skert lífsgæði eða truflað daglegt líf. Ársskýrslur frá árunum 2012 til 2020 sýna einnig að hlutfallslega flestir þeirra sem nefna að neysla eða athafnir hafi skert lífsgæði nefndu áfengi, önnur vímuefni og mat.

Tafla 15. Sjálfsvígstílaunir

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	315	70,5%
Já	103	23,0%
Upplýsingar vantar	29	6,5%
Alls	447	100%

Tafla 16. Sjálfsvígstílaunir, fleiri ár


	2017	2018	2019	2020	2021
Já	20,7%	26,7%	28,0%	23,1%	23,0%
Nei	70,4%	69,1%	68,5%	70,6%	70,5%
Fjöldi*	379	344	355	280	418

Tafla 15 sýnir að 103 einstaklingar eða 23% af þeim sem leituðu til Stígamóta árið 2021 höfðu gert eina eða fleiri tilraunir til sjálfsvígs. Eins og sést í töflu 16 hér fyrir ofan hefur hlutfall þeirra sem gert hafa eina eða fleiri tilraunir til sjálfsvígs verið á bilinu 20 til 28% á árunum 2017 til 2021.

Tafla 17. Viðbrögð brotaþola þegar ofbeldið átti sér stað, skipt eftir tegund ofbeldis

	Sifjaspell		Nauðgun		Nauðgunar-tilraun		Kynferðisleg áreitni	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Ég barðist á móti með líkamlegu afli eða orðum	23	15,4%	114	37,9%	35	38,0%	56	23,0%
Ég flúði eða reyndi að flýja	11	7,4%	27	9,0%	19	20,7%	27	11,1%
Ég fraus / mér fannst líkami minn lamast	57	38,3%	173	57,5%	16	17,4%	51	21,0%
Ég gerði ekkert	70	47,0%	92	30,6%	9	9,8%	70	28,8%
Ég lét sem ekkert væri	37	24,8%	66	21,9%	9	9,8%	51	21,0%
Ég þóttist vera sofandi	27	18,1%	33	11,0%	10	10,9%	11	4,5%
Ég brást ekki við þar sem ég var sofandi	5	3,4%	35	11,6%	1	1,1%	4	1,6%
Ég brást ekki við þar sem ég var sofandi vegna áfengis og/eða annarra vímuefna/lyfja	2	1,3%	80	26,6%	6	6,5%	4	1,6%
Ég brást við með öðrum hætti	11	7,4%	14	4,7%	2	2,2%	4	1,6%
Ekki viss	10	6,7%	12	4,0%	1	1,1%	8	3,3%
Upplýsingar vantar	17	11,4%	18	6,0%	29	31,5%	96	39,5%
Fjöldi einstaklinga	149		301		92		243	

8 Athuga verður að fjöldi einstaklinga nær eingöngu til þeirra sem svöruðu með já eða nei en ekki þegar svarið var óvíst eða upplýsingar vantar. Hlutfallið miðast hins vegar við heildarfjölda einstaklinga.



Mynd 14. Viðbrögð brotþola þegar annars vegar nauðgun og hins vegar sifjaspell átti sér stað

Tafla 17 greinir frá því hver viðbrögð brotþola voru þegar ofbeldið átti sér stað, skipt eftir brotaflokk. Hlutfallið í töflu 17 miðast við hvern brotaflokk og fjölda þeirra einstaklinga sem nefndu að þeir hefðu orðið fyrir slíku broti. Mynd 14 greinir frá viðbrögðum brotþola, annars vegar þeirra sem beittir höfðu verið nauðgun og hins vegar sifjaspelli. Mikilvægt er að taka fram að samanlagður fjöldi í töflu 17 og á mynd 14 er hærri en fjöldi einstaklinga í hverjum brotaflokk, þar sem hver einstaklingur gat merkt við fleiri en eitt atriði.

Tafla 17 og mynd 14 sýna að meirihluti þeirra sem beittir höfðu verið nauðgun greindu frá að þeir hefðu frosið eða fundist líkami sinn lamast (eða 57,5%). Einnig kom fram að 30,6% þeirra sem beittir höfðu verið nauðgun gerðu ekkert og 21,9% létu sem ekkert væri. Þá kemur fram á mynd 14 og töflu 17 að hæsta hlutfall einstaklinga sem beittir höfðu verið sifjaspelli gerðu ekkert (eða 47%), næsthæsta hlutfall hafði frosið eða fundist líkami sinn lamast (38,3%) og þriðja hæsta hlutfallið sagðist hafa látið sem ekkert væri (eða um 24,8%). Tafla 17 sýnir að flestir þeirra sem beittir höfðu verið nauðgunartilraun og greindu frá viðbrögðum við ofbeldinu höfðu barist á móti, næstflestir greindu frá því að þeir hefðu flúið eða reynt að flýja, og þriðja hæsta hlutfallið greindi frá því að þeir hefðu frosið eða fundist líkami sinn lamast. Tafla 17 sýnir einnig að flestir þeirra sem beittir höfðu verið kynferðislegri áreitni greindu frá því að þeir hefðu ekkert gert, næstflestir greindu frá því að þeir hefðu barist á móti og þriðja hæsta hlutfallið greindi frá því að þeir hefðu frosið, fundist líkami sinn lamast eða látið sem ekkert væri.

Þegar tafla 17 og mynd 14 eru bornar saman við samskonar töflur og myndir í ársskýrslum frá árunum 2018, 2019 og 2020 sést að öll árin nefndu hlutfallslega flestir sem beittir voru nauðgunum eftirfarandi viðbrögð: 1) að þeir hefðu frosið eða þeim hafi fundist líkami sinn lamast, 2) að þeir hefðu barist móti, eða 3) að þeir gerðu ekkert. Einnig sýna niður-

stöður frá þessum árum að hlutfallslega flestir sem beittir voru sífjaspellum nefndu eftirfarandi: 1) að þeir gerðu ekkert, 2) að þeir hefðu frosið eða þeim hafi fundist líkami sinn lamast, eða 3) að þeir létu sem ekkert væri.

Þessar niðurstöður sýna að algeng viðbrögð við kynferðisofbeldi eru að frjósa eða finnast líkami sinn lamast, gera ekki neitt, eða berjast á móti með líkamlegu afli eða orðum. Allt eru þetta eðlileg viðbrögð við þeim óeðlilegu aðstæðum sem kynferðisofbeldi er. Levine (1997)⁹ talar um að viðbrögð einstaklinga, líkt og dýra, geti verið þrenns konar þegar einstaklingur upplifir áfall eða mikinn ótta. Einstaklingar geta frosið, reynt að flýja eða barist á móti. Allt eru þetta viðbrögð sem geta hjálpað okkur að lifa af erfiðar aðstæður. Á Stígamótum lítum við svo á að það að frjósa eða gera ekki neitt séu eðlileg viðbrögð við kynferðisofbeldi, líkt og það að flýja eða berjast á móti. Stundum er besta leiðin til að lifa af að gera ekki neitt eða frjósa.

Tafla 18. Hefur brotapolí verið hræddur um að eiga eftir að beita aðra kynferðisofbeldi?

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	374	83,7%
Já	22	4,9%
Ekki viss	21	4,7%
Upplýsingar vantar	30	6,7%
Alls	447	100%

Tafla 18 sýnir að meirihluti brotapóla er ekki hræddur um að eiga eftir að beita aðra kynferðisofbeldi (eða 83,7%) en 4,9% brotapóla nefndu að þeir væru hræddir um að eiga eftir að beita aðra kynferðisofbeldi. Samkvæmt ársskýrslu frá árinu 2020 nefndi þá svipað hlutfall brotapóla að óttast það ekki að eiga eftir að beita kynferðisofbeldi (eða um 82,6%), en aðeins hærra hlutfall brotapóla nefndi þá að þeir væru hræddir um að eiga eftir að beita kynferðisofbeldi (eða um 6,4%). Rétt er að ítreka að það að vera hræddur um að eiga eftir að beita aðra kynferðisofbeldi er eðlileg afleiðing af kynferðisofbeldi og jafngildir ekki því að slíkt muni gerast. Meirihluti brotapóla beitir ekki aðra kynferðisofbeldi jafnvel þótt þeir upplifi ótta um að eiga eftir að beita slíku ofbeldi. Eins og sést í töflu 19 hér fyrir neðan hefur meirihluti brotapolu (eða 87,9%) ekki beitt aðra kynferðisofbeldi.

Tafla 19. Hefur brotapolí beitt aðra kynferðisofbeldi?

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	393	87,9%
Já	9	2,0%
Ekki viss	24	5,4%
Upplýsingar vantar	21	4,7%
Alls	447	100%

Lífseig goðsögn segir að þeir sem beittir eru kynferðisofbeldi beiti síðar á ævinni aðra slíku ofbeldi. Frá 87% til 93% þeirra sem komu til Stígamóta árin 2008 til 2021 höfðu þó ekki beitt aðra kynferðisofbeldi. Þó er mikilvægt að muna að spurningar um hvort brotapolí sé hræddur um að eiga eftir að beita aðra kynferðisofbeldi eða hafi beitt aðra kynferðisofbeldi (tafla 18 og 19) eru erfiðar spurningar og án efa eru einhverjar skuggatölur hér. Þessar niðurstöður gefa ákveðnar vísbendingar þótt ekki sé hægt að alhæfa út frá þeim.

⁹ Levine, P.A. (1997). Waking the tiger: Healing trauma. Berkeley California: North Atlantic Books.

Kynjamunur á kynferðis- ofbeldi og afleiðingum þess fyrir brotþola

Rétt er að ítreka að aðeins þrír einstaklingar á árinu skilgreindu kyn sitt ekki sem karl eða kona heldur á annan hátt. Vegna smæðar þess hóps og út frá sjónarmiðum persónuverndar eru þeir ekki hafðir með í samanburði á kyni í töflum og myndum hér fyrir neðan.

Tafla 20. Ástæður þess að leitað var til Stígamóta árið 2021, skipt eftir kyni

	Kona		Karl	
	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %
Sifjaspell	127	32,4%	21	40,4%
Nauðgun	278	70,9%	21	40,4%
Nauðgunartilraun	85	21,7%	4	7,7%
Klám	22	5,6%	4	7,7%
Vændi	17	4,3%	2	3,8%
Kynferðisleg áreitni	216	55,1%	24	46,2%
Stafrænt kynferðisofbeldi	90	23,0%	5	9,6%
Annað	13	3,3%	3	5,8%
Fjöldi einstaklinga	392		52	

Hlutfallið í töflu 20 miðast við þá 52 karla og 392 konur sem nefndu að þau hefðu orðið fyrir tilteknu broti. Þá byggir fjöldi einstaklinga eingöngu á því þegar upplýsingar liggja fyrir um bæði kyn brotþola og tegund ofbeldis. Ef upplýsingar vantar um annað hvort þessara atriða teljast þeir einstaklingar ekki með í þessari töflu. Ber að hafa þetta í huga við túlkun upplýsinga.

Það fólk sem nýtir sér þjónustu Stígamóta kemur gjarnan til að vinna úr gömlum áföllum og þau geta verið fleiri en eitt. Þess vegna eru ástæður komu fleiri en sá fjöldi karla og kvenna sem tilgreindur er í töflunni. Tafla 20 sýnir að meðal þeirra karla sem leituðu til Stígamóta á árinu kom hæsta hlutfall þeirra vegna kynferðislegrar áreitni og næsthæsta hlutfall vegna sífjaspells eða nauðgunar. Þetta er ekki í samræmi við ársskýrslur árána 2014 til 2020. Árin 2014, 2015, 2017, 2018 og 2020 nefndu karlar í flestum tilvikum sífjaspell sem ástæðu fyrir komu til Stígamóta, og árin 2016 og 2019 var nauðgun oftast nefnd sem ástæða fyrir komu.

Af þeim konum sem leituðu til Stígamóta á árinu nefndi meirihluti nauðgun sem ástæðu fyrir komu, og eru það sambærilegar niðurstöður og koma fram í ársskýrslum 2014 til 2020.

Tafla 21. Mismunandi birtingarmyndir nauðgana/nauðgunartilrauna árið 2021, skipt eftir kyni

	Kona		Karl	
	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %
Nauðgun/nauðgunartilraun	225	78,1%	14	66,7%
Nauðgun/nauðgunartilraun þar sem meðvitundarleysi brotþola vegna áfengis og/eða lyfja var nýtt	92	31,9%	-	-
Lyfjanauðgun (nauðgun/nauðgunartilraun þar sem brotþola voru einnig byrðuð lyf)	30	10,4%	2	9,5%
Hópnauðgun/-nauðgunartilraun	26	9,0%	4	19,0%
Annað	12	4,2%	1	4,8%
Ekki viss	13	4,5%	2	9,5%
Fjöldi einstaklinga	288		21	

Hlutfallið í töflu 21 miðast við þann 21 karl og 288 konu sem nefndu að þau hefðu orðið fyrir tiltekinni nauðgun eða nauðgunartilraun. Þá byggir fjöldi einstaklinga eingöngu á því þegar upplýsingar liggja fyrir um bæði kyn brotþola og tegund ofbeldis. Ef upplýsingar vantar um annað hvort, teljast þeir aðilar ekki með í þessari töflu. Heildarfjöldi mismunandi birtingarmynda nauðgana/nauðgunartilrauna er ekki 301 líkt og fjöldi nauðgana í ástæðum þess að leitað var til Stígamóta, þar sem einstaklingur getur merkt við fleiri en eina tegund nauðgunar. Í töflu 21 er einnig greint frá birtingarmyndum bæði nauðgana og nauðgunartilrauna, og þess vegna verður fjöldinn hærri en í ástæðum fyrir komu til Stígamóta. Þess má einnig geta að þeir sem merktu við nauðgun og/eða nauðgunartilraun sem ástæðu komu, svöruðu ekki allir spurningunni um mismunandi birtingarmyndir nauðgana/nauðgunartilrauna.


Tafla 21 sýnir að í hlutfallslega flestum tilvikum nauðgana/nauðgunartilrauna upplifðu brotþolar af báðum kynjum ekki byrlun, hópnauðgun eða að meðvitundarleysi þeirra væri nýtt. Athygli vekur að næsthæsta hlutfall kvenna nefndi að þær hefðu orðið fyrir nauðgun/nauðgunartilraun þar sem meðvitundarleysi þeirra vegna áfengis og/eða lyfja var nýtt. Þetta eru sambærilegar niðurstöður og fram koma í ársskýrslum frá árunum 2018, 2019 og 2020.

Eins er athyglisvert að enginn karl nefndi að hann hefði orðið fyrir nauðgun/nauðgunartilraun þar sem meðvitundarleysi hans vegna áfengis og/eða lyfja var nýtt. Þessar niðurstöður eru ólíkar niðurstöðum ársskýrslna árána 2018 til 2020 þar sem fram kemur að næsthæsta hlutfall karla hafði orðið fyrir nauðgun/nauðgunartilraun þar sem meðvitundarleysi þeirra vegna áfengis og/eða lyfja var nýtt.

Þá nefndu 30 konur og 2 karlar að þeim hefði verið byrðuð lyf, og 26 konur og 4 karlar að þau hefðu orðið fyrir hópnauðgun/-nauðgunartilraun (sjá töflu 21).

Tafla 22. Erfiðustu afleiðingar kynferðisofbeldis, skipt eftir kyni

	Kona		Karl	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Kvíði	336	88,4%	44	89,8%
Skömm	327	86,1%	39	79,6%
Depurð	326	85,8%	33	67,3%
Léleg sjálfsmynd	314	82,6%	39	79,6%
Sektarkennd	304	80,0%	32	65,3%
Svipmyndir	289	76,1%	35	71,4%
Ótti	282	74,2%	31	63,3%
Reiði	275	72,4%	38	77,6%
Tilfinningalegur doði	273	71,8%	32	65,3%
Erfiðleikar með svefn	266	70,0%	31	63,3%
Erfið tengsl við maka/vini	250	65,8%	31	63,3%
Erfitt með einbeitingu	227	59,7%	30	61,2%
Einangrun	225	59,2%	30	61,2%
Kynlíf erfitt	200	52,6%	20	40,8%
Erfiðleikar í öðrum félagslegum samskiptum	189	49,7%	26	53,1%
Sjálfsvígshugleiðingar	178	46,8%	26	53,1%
Átröskun	131	34,5%	8	16,3%
Líkamlegir verkir	128	33,7%	17	34,7%
Sjálfsköðun	119	31,3%	15	30,6%
Kynferðisleg hegðun	109	28,7%	15	30,6%
Hegðunarerfiðleikar	104	27,4%	17	34,7%
Efasemdir um kynhneigð	78	20,5%	8	16,3%
Vændi	16	4,2%	1	2,0%
Annað	2	0,5%	-	-
Ekki viss	-	-	1	2,0%
Fjöldi einstaklinga	380		49	



Mynd 15. Erfiðustu afleiðingar kynferðisofbeldis, skipt eftir kyni

Hlutfallið í töflu 22 og á mynd 15 miðast við þá 49 karla og 380 konur sem tilgreindu hvaða afleiðingar þau hafa glímt við. Einstaklingar greina oftast frá fleiri en einni afleiðingu í kjölfar kynferðisofbeldis, og þess vegna er fjöldi tilgreindra afleiðinga hærri en sá fjöldi karla og kvenna sem tilgreindur er.


Við lestur og túlkun á töflu 22 og mynd 15 er mikilvægt að hafa í huga að fjöldi karla er aðeins 49. Fram kemur að karlar og konur nefna svipaðar afleiðingar; um og yfir 80% kvenna og karla nefna kvíða, skömm og lélega sjálfsmynd. Einnig er athyglisvert að aðeins herra hlutfall karla en kvenna nefnir reiði, eða 77,6% karla borið saman við 72,4% kvenna. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður úr ársskýrslum frá árunum 2014 til 2020 og rannsókn sem Særún Ómarsdóttir (2014)¹⁰ gerði á gögnum Stígamóta frá árunum 2011 til 2013. Þar kemur fram að karlar og konur glíma við svipaðar afleiðingar í kjölfar ofbeldis og nefna 80% bæði kvenna og karla skömm, lélega sjálfsmynd og depurð; en karlar nefna reiði oftar en konur.

Athyglisvert er að samkvæmt töflu 22 og mynd 15 nefnir herra hlutfall karla en kvenna sjálfsvígshugleiðingar, kvíða, erfiðleika í öðrum félagslegum samskiptum, erfiðleika með einbeitingu, einangrun, líkamlega verki, kynferðislega hegðun og hegðunarerfiðleika.

¹⁰Særún Ómarsdóttir. (2014). Afleiðingar kynferðisofbeldis; Alvarleiki, tengsl við geranda, tímalengd, tíðni, aldur og kyn þolenda. MA ritgerð í félagsráðgjöf: Háskóli Íslands.

Tafla 23. Neysla eða athafnir sem eru afleiðingar kynferðisofbeldis og skerða lífsgæði og trufla daglegt líf, skipt eftir kyni

	Kona		Karl	
	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %
Áfengi	120	33,1%	26	53,1%
Önnur vímuefni/lyf	69	19,1%	14	28,6%
Matur	118	32,6%	4	8,2%
Vinna	77	21,3%	4	8,2%
Kynlíf	63	17,4%	8	16,3%
Klám	12	3,3%	12	24,5%
Íþróttaiðkun	32	8,8%	1	2,0%
Fjárhættuspil/tölvuleikir	7	1,9%	5	10,2%
Annað	15	4,1%	1	2,0%
Ekkert af þessu	93	25,7%	12	24,5%
Ekki viss	38	10,5%	3	6,1%
Fjöldi einstaklinga	362		49	




Mynd 16. Neysla eða athafnir sem eru afleiðingar kynferðisofbeldis og skerða lífsgæði og trufla daglegt líf, skipt eftir kyni

Hlutfallið í töflu 23 og á mynd 16 miðast við þá 49 karla og 362 konur sem tilgreindu hvaða neysla eða athafnir hefðu skert lífsgæði þeirra. Einstaklingar greina oft frá mörgum atriðum sem skerða lífsgæði í kjölfar kynferðisofbeldis og þess vegna er fjöldi tilgreindra skerðinga hærri en sá fjöldi karla og kvenna sem tilgreindur er.

Hærra hlutfall kvenna en karla nefnir að ekkert af ofangreindu hafi skert lífsgæði þeirra. Athygli vekur að hærra hlutfall karla nefnir að áfengi, önnur vímuefni/lyf, klám eða fjárhættuspil/tölvuleikir hafi skert lífsgæði þeirra, borið saman við konur. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður úr ársskýrslum frá árunum 2014 til 2020. Athyglisvert er að hærra hlutfall kvenna en karla nefnir að matur hefði skert lífsgæði þeirra. Mikilvægt er þó að hafa í huga við túlkun og lestur á töflu 23 og mynd 16 að fjöldi karla er aðeins 49 en kvenna 362.

Tafla 24. Sjálfsvígstilraunir, skipt eftir kyni

	Kona		Karl	
	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %
Nei	281	77,0%	33	66,0%
Já	84	23,0%	17	34,0%
Fjöldi einstaklinga	365	100%	50	100%




Mynd 17. Sjálfsvígstilraunir, skipt eftir kyni

Hlutfallið í töflu 24 og á mynd 17 miðast við þá 50 karla og 365 konur sem tilgreindu hvort þau hefðu gert tilraun til sjálfsvígs.

Eins og sést í töflu 24 og á mynd 17 tilgreindi hærra hlutfall karla en kvenna að þeir hefðu gert tilraun til sjálfsvígs. Þessar niðurstöður eru sambærilegar niðurstöður úr ársskýrslum frá árunum 2015 til 2020. Mikilvægt er þó að hafa í huga við túlkun og lestur á töflu 24 og mynd 17 að karlar eru aðeins 50 en konur 365.

Tafla 25. Er brotaþoli hræddur um að eiga eftir að beita aðra kynferðisofbeldi, skipt eftir kyni

	Kona		Karl	
	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall %
Nei	340	92,4%	32	69,6%
Já	15	4,1%	7	15,2%
Ekki viss	13	3,5%	7	15,2%
Fjöldi einstaklinga	368	100%	46	100%



Mynd 18. Er brotaþoli hræddur um að eiga eftir að beita aðra kynferðisofbeldi, skipt eftir kyni

Hlutfallið í töflu 25 og á mynd 18 miðast við þá 46 karla og 368 konur sem tilgreindu hvort þau væru hrædd um að eiga eftir að beita aðra kynferðisofbeldi.

Eins og sést í töflu 25 og á mynd 18 tilgreindi um og yfir 70% bæði karla og kvenna að þau væru ekki hrædd um að eiga eftir að beita kynferðisofbeldi. Hærra hlutfall karla en kvenna tilgreindi að vera hræddur um að eiga eftir að beita aðra kynferðisofbeldi. Þessar niðurstöður eru sambærilegar við ársskýrslur árána 2018, 2019 og 2020. Mikilvægt er þó að hafa í huga við túlkun og lestur á töflu 25 og mynd 18 að karlar eru aðeins 46 en konur 368 talsins. Rétt er að ítreka að það að vera hræddur um að eiga eftir að beita aðra kynferðisofbeldi er eðlileg afleiðing af kynferðisofbeldi. Meirihluti brotaþola beitir þó ekki aðra kynferðisofbeldi, jafnvel þótt þeir upplifi ótta um að eiga eftir að beita slíku ofbeldi (sjá töflu 19).

Upplýsingar um þá einstaklinga sem beittu kynferðisofbeldi

Árið 2021 var heildarfjöldi ofbeldismanna 700. Eins og fram hefur komið eru sumir ofbeldismennirnir mögulega taldir oftari en einu sinni. Hér ber að ítreka að þar sem ekki liggja fyrir upplýsingar um alla þá ofbeldismenn sem taldir voru á árinu, byggja eftirfarandi upplýsingar á þeirri 641 skýrslu um ofbeldismenn sem fyllt var út af brotapolum.

Tafla 26. Kyn ofbeldismanna

	Fjöldi	Hlutfall
Karl	613	95,6%
Kona	28	4,4%
Alls	641	100%

Langflestir ofbeldismennirnir eru karlar eða 95,6% og er það í samræmi við niðurstöður úr ársskýrslum fyrri ára.

Tafla 27. Kyn ofbeldismanna, skipt eftir tegund ofbeldis

	Karl		Kona		Alls
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi
Sifjaspell	131	94,2%	8	5,8%	139
Nauðgun	363	97,6%	9	2,4%	372
Nauðgunartilraun	52	94,5%	3	5,5%	55
Klám	12	92,3%	1	7,7%	13
Milliganga um vændi	8	88,9%	1	11,1%	9
Kynferðisleg áreitni	147	94,2%	9	5,8%	156
Stafrænt kynferðisofbeldi	41	91,1%	4	8,9%	45
Annað kynferðisofbeldi	9	90,0%	1	10,0%	10
Ekki viss	2	100,0%	-	-	2

Í töflu 27 koma fram upplýsingar um kyn ofbeldismanna, skipt eftir brotaflokkum. Fjöldi ofbeldisbrota í töflu 27 er ekki sam-
bærilegur ástæðum þess að leitað var til Stígamóta (tafla 3), þar sem þær upplýsingar byggja á komuskýrslum brotaþola
(447) en í töflu 27 eru upplýsingar fengnar úr skýrslum um ofbeldismenn (641). Eins og fram kemur í töflu 27 er meiri-
hluti ofbeldismanna í öllum brotaflokkum karlar. Þessar niðurstöður eru í samræmi við niðurstöður úr ársskýrslum frá
árunum 2018, 2019 og 2020.

Tafla 28. Kyn ofbeldismanna og brotaþola

			Kyn ofbeldismanns				
			Karl	Kona	Kyn annað	Margir ofbeldismenn af fleiri en einu kyni	Samtals
Kyn brotaþola	Karl	Fjöldi	34	10	-	3	47
		Hlutfall %	72,3%	21,3%	-	6,4%	100%
	Kona	Fjöldi	319	3	-	10	332
		Hlutfall %	96,1%	0,9%	-	3,0%	100%

Tafla 28 sýnir að kyn ofbeldismanna var tilgreint hjá 379 brotaþolum en upplýsingar vantar um kyn ofbeldismanns hjá 65 brotaþolum. Þrír brotaþolar skilgreindu kyn sitt sem annað og er þeim sleppt í þessari töflu til að tryggja að gögnin séu ekki persónugreinanleg. Tafla 28 sýnir að meirihluti bæði karla og kvenna var beittur ofbeldi af körlum. Hærra hlutfall karla (eða um 21,3%) voru beittir ofbeldi af konu, borið saman við hlutfall kvenna sem beittar voru ofbeldi af konu (um 0,9% kvenna). Þessar niðurstöður eru í samræmi við ársskýrslur frá árunum 2014 til 2020 sem og niðurstöður Særúnar Ómarsdóttur (2014)¹¹ sem einnig sýndu að meirihluti karla og kvenna eru beitt ofbeldi af körlum, og að hærra hlutfall karla en kvenna eru beittir ofbeldi af konu.

¹¹ Særún Ómarsdóttir. (2014). Afleiðingar kynferðisofbeldis; Alvarleiki, tengsl við geranda, tímalengd, tíðni, aldur og kyn þolenda. MA ritgerð í félagsráðgjöf: Háskóli Íslands.

Tafla 29a/b. Aldur ofbeldismanna og brotaþola þegar kynferðisofbeldið var fyrst framið árið 2021

Tafla 29a. Aldur ofbeldismanna

	Fjöldi	Hlutfall
10 ára eða yngri	4	0,6%
11 - 13 ára	20	3,1%
14 - 17 ára	107	16,7%
18 - 29 ára	263	41,0%
30 - 39 ára	93	14,5%
40 - 49 ára	47	7,3%
50 - 59 ára	23	3,6%
60 - 69 ára	11	1,7%
70 - 79 ára	3	0,5%
80 ára eða eldri	1	0,2%
Ekki viss	51	8,0%
Upplýsingar vantar	18	2,8%
Alls	641	100%

Tafla 29b. Aldur brotaþola

	Fjöldi	Hlutfall
17 ára eða yngri	335	52,3%
18 ára eða eldri	274	42,7%
Ekki viss	6	0,9%
Upplýsingar vantar	26	4,1%
Alls	641	100%

Tafla 29a sýnir aldur ofbeldismanna þegar þeir beittu kynferðisofbeldi í fyrsta skipti. Í töflunni kemur fram að rúmlega helmingur ofbeldismanna var á aldrinum 18-39 ára (eða um 55,5%). Árið 2021 var 131 ofbeldismaður undir 18 ára aldri (eða 20,4%). Ársskýrslur frá árunum 2009 til 2020 sýna svipaðar niðurstöður; að um eða yfir helmingur ofbeldismanna sé á aldrinum 18 til 39 ára.

Tafla 29b sýnir aldur brotaþola þegar ofbeldismaður beitti hann í fyrsta skipti kynferðisofbeldi. Taflan sýnir að rúmlega helmingur brotaþola var undir 18 ára aldri þegar ofbeldismaður beitti þá kynferðisofbeldi í fyrsta skipti. Ársskýrslur áranna 2018 og 2020 sýna sömu niðurstöðu eða að rúmlega helmingur brotaþola var yngri en 18 ára við fyrstu upplifun af kynferðisofbeldi.

Tafla 30. Þjóðerni ofbeldismanna

	Fjöldi	Hlutfall
Íslenskur	521	81,3%
Frá Evrópu	46	7,2%
Utan Evrópu	35	5,5%
Blandað þjóðerni	13	2,0%
Óvíst	26	4,1%
Alls	641	100%


Eins og sést í töflu 30 eru flestir ofbeldismennirnir íslenskir eða 81,3%. Óvíst var um þjóðerni ofbeldismanna í um 4,1% tilfella. Þetta eru svipaðar niðurstöður og fram koma í ársskýrslum frá árunum 2008 til 2020. Goðsögnin um að íslenskum konum stafi mest hættu af erlendum mönnum sem koma hingað til lands fær því ekki staðist.

Tafla 31. Fjöldi ofbeldismanna fyrir hvern brotþola

	Fjöldi	Hlutfall
1 ofbeldismaður	232	51,9%
2 ofbeldismenn	85	19,0%
3 ofbeldismenn	39	8,7%
4 ofbeldismenn	14	3,1%
5 ofbeldismenn	5	1,1%
6 ofbeldismenn	3	0,7%
7 ofbeldismenn	1	0,2%
8 ofbeldismenn	2	0,4%
Upplýsingar vantar	66	14,8%
Alls	447	100%

Tafla 31 sýnir hve margir ofbeldismenn höfðu beitt brotþola ofbeldi. Eins og sjá má var í um 33% tilfella um fleiri en einn ofbeldismann að ræða. Ársskýrslur árána 2008 til 2020 sýna einnig að í um og yfir 30% tilfella er um fleiri en einn ofbeldismann að ræða.


Í töflu 31 kemur fram að í 11 tilfellum eru 5 til 8 ofbeldismenn sem hafa beitt sama einstakling ofbeldi. Stundum getur verið um að ræða að tveir eða fleiri beiti ofbeldi á sama tíma eða tímabili, en stundum geta það verið aðskilin atvik og/ eða tímabil sem um ræðir.



Mynd 19. Tengsl við ofbeldismenn


Mynd 19 sýnir tengsl einstaklinga sem orðið hafa fyrir ofbeldi við ofbeldismennina. Tölur og hlutföll á myndinni miðast við fjölda ofbeldismanna (641 talsins). Ástæða er til að vekja athygli á því að aðeins 14,5% ofbeldismannanna sem nefndir voru árið 2021 voru ókunnugir þeim sem þeir beittu ofbeldinu, en um 74% ofbeldismannanna voru tengdir brotapolum fjölskylduböndum eða voru vinir eða kunningjar þeirra (sjá mynd 19). Þegar litið er til ársskýrslna frá árunum 2010 til 2020 kemur einnig fram að um og yfir 70% ofbeldismanna voru tengdir þeim sem þeir beittu ofbeldinu fjölskylduböndum eða voru vinir eða kunningjar þeirra. Goðsögnin um að einstaklingum stafi mest hættu af kynferðisofbeldi af hendi ókunnugra fær því ekki staðist.

Mikilvægt er að taka hér fram að fjöldi ofbeldisbrota á myndum 20 og 21 hér fyrir neðan er ekki sambærilegur við ástæður þess að leitað er til Stígamóta (tafla 3) þar sem þær upplýsingar byggja á komuskýrslum brotþola (447) en á þessum myndum eru upplýsingar fengnar úr skýrslum um ofbeldismenn (641). Til dæmis getur verið að brotþoli haki við nauðgun sem ástæða þess að leitað var til Stígamóta og telst það sem ein ástæða, en viðkomandi brotþoli hefur kannski verið nauðgað af tveimur ofbeldismönnum og teljast þær þá sem tvær nauðganir á mynd 21. Þá byggir fjöldi ofbeldismanna á myndum 20 og 21 eingöngu á því þegar upplýsingar liggja fyrir um bæði tengsl og tegund ofbeldis. Ef upplýsingar vantar um annaðhvort tegund ofbeldis og/eða tengsl ofbeldismanns við brotþola, teljast þeir ekki með í þessum myndum.



Mynd 20. Tengsl brotþola við ofbeldismenn sem beittu þá sífjaspellum

Hlutfallið á mynd 20 miðast við þá 139 ofbeldismenn sem vitað er að beittu sífjaspellum og upplýsingar lágu fyrir um tengsl þeirra við þá sem þeir brutu á. Eins og sést á mynd 20 voru um 65% ofbeldismanna sem beittu sífjaspellum tengdir þeim sem þeir beittu ofbeldinu fjölskylduböndum. Þetta er svipað hlutfall og fram koma í ársskýrslum áranna 2019 og 2020 (en þá var hlutfallið um 69% bæði árin).



Mynd 21. Tengsl brotaþola við ofbeldismenn sem beittu þá nauðgunum

Hlutfallið á mynd 21 miðast við þá 369 ofbeldismenn sem vitað var að beittu nauðgunum og upplýsingar lágu fyrir um tengsl þeirra við þá sem þeir brutu á. Eins og sést á mynd 21 voru um 69% ofbeldismanna sem beittu nauðgunum makar, fyrrverandi makar, vinir eða kunningjar þeirra sem þeir beittu ofbeldinu. Þetta eru svipað hlutföll og fram koma í ársskýrslu frá árinu 2020 (en þá var hlutfallið um 66%).

Tafla 32. Hefur brotaþoli rætt ofbeldið við ofbeldismanninn?

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	443	69,1%
Já	146	22,8%
Óvíst	27	4,2%
Upplýsingar vantar	25	3,9%
Alls	641	100%

Tafla 32 sýnir að fáir brotaþolar höfðu rætt ofbeldið við ofbeldismanninn, eða við 22,8% þeirra. Þetta er svipað hlutfall og fram kemur í ársskýrslu frá árinu 2020, en þá höfðu brotaþolar rætt ofbeldið við 20,5% ofbeldismanna.

Tafla 33. Svör ofbeldismanna

	Fjöldi	Hlutfall
Viðurkenndi ofbeldið	36	28,6%
Hafnaði ofbeldinu	41	32,5%
Kenndi mér um ofbeldið	16	12,7%
Ekkert af þessu	5	4,0%
Ekki viss	11	8,7%
Annað	17	13,5%
Alls	126	100%

Tafla 33 sýnir að í 45,2% tilfella, þar sem brotapolí hafði rætt ofbeldið við ofbeldismanninn og gefið svar við því hvernig ofbeldismaður brást við, kenndi ofbeldismaður brotapolanum um ofbeldið eða hafnaði því alfarið. Þetta er lægra hlutfall en fram kemur í ársskýrslu ársins 2020 en þá var hlutfallið 51,3%.

Tafla 34. Fjöldi ofbeldismanna undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna þegar ofbeldið var framið, skipt eftir tegund ofbeldis

	Allt kynferðisofbeldi		Sifjaspell		Nauðgun	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Nei	218	34,0%	80	58,4%	81	22,9%
Já	174	27,1%	11	8,0%	132	37,3%
Stundum	72	11,2%	9	6,6%	53	15,0%
Óvíst	152	23,7%	37	27,0%	88	24,9%
Upplýsingar vantar	25	3,9%	-	-	-	-
Alls	641	100%	137	100%	354	100%

Í töflu 34 sést að um 34% allra ofbeldismanna, sem skýrslur voru fylltar út fyrir árið 2021, voru ekki undir áhrifum áfengis/vímuefna og að 11,2% voru það stundum og stundum ekki (í slíkum tilfellum beitti ofbeldismaðurinn brotapóla ofbeldi oftast en einu sinni). Þetta eru svipaðar niðurstöður og fram koma í ársskýrslu frá árinu 2020, en þá voru 35,1% ofbeldismanna ekki undir áhrifum áfengis/vímuefna og um 12,5% voru það stundum og stundum ekki.

Tafla 34 sýnir einnig að 8% þeirra ofbeldismanna sem beittu sifjaspellum voru undir áhrifum vímuefna og 6,6% voru það stundum. Þetta eru lægri hlutföll en fram koma í ársskýrslu frá árinu 2020, en þá var hlutfall þeirra sem beittu sifjaspellum og voru undir áhrifum vímuefna 11,3%, og 13% þeirra voru stundum undir áhrifum vímuefna. Tafla 34 sýnir að af þeim sem nauðguðu voru 37,3% undir áhrifum vímuefna. Þetta er hærra hlutfall en fram kemur í ársskýrslu frá árinu 2020, en þá var hlutfallið 33,7%. Tafla 34 sýnir að af þeim sem nauðguðu voru 15% stundum undir áhrifum vímuefna. Þetta er svipað hlutfall og í ársskýrslu ársins 2020, en þá var hlutfallið 14,9%. Fjöldi ofbeldismanna sem annað hvort beittu nauðgunum eða sifjaspellum í töflu 34 byggir eingöngu á þeim upplýsingum sem liggja fyrir um bæði tegund ofbeldis og


hvort ofbeldismaður var undir áhrifum þegar hann framdi ofbeldið. Ef upplýsingar vantar um annað hvort tegund ofbeldis (hvort ofbeldismaður beitti sifjaspellum eða nauðgunum) og/eða hvort ofbeldismaður var undir áhrifum þegar hann framdi ofbeldið teljast þeir einstaklingar ekki með í þessari töflu.

Tafla 35. Hefur ofbeldismaðurinn beitt aðra kynferðisofbeldi?

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	13	2,0%
Já	152	23,7%
Óvíst	453	70,7%
Upplýsingar vantar	23	3,6%
Alls	641	100%


Eitt af því sem spurt er um í spurningalistanum um ofbeldismenn er hvort brotapolí viti til þess að ofbeldismaður hafi beitt aðra kynferðisofbeldi. Eins og gefur að skilja eru margir sem ekki geta svarað þeirri spurningu. Þó er vitað að 23,7% ofbeldismanna hafa beitt aðra kynferðisofbeldi. Þetta er í samræmi við upplýsingar sem liggja fyrir um að hluti kynferðisbrotamanna beiti fleiri en eina manneskju kynferðisofbeldi (sjá fyrri ársskýrslur).

Í myndum 22 til 26 hér fyrir neðan er sérstaklega skoðað hvaða aðferðir ofbeldismenn nota þegar þeir beita brotþola kynferðisofbeldi. Rétt er að ítreka það að ofbeldismenn eru einir ábyrgir fyrir því kynferðisofbeldi sem þeir beita, óháð þeim aðferðum sem þeir nota til að beita ofbeldinu.




Mynd 22. Þvingunaraðferðir við beitingu ofbeldis

Á mynd 22 er yfirlit yfir það hvort og þá hvaða þvingunaraðferðum ofbeldismaður beitti við ofbeldið. Þessi mynd á við um allar birtingarmyndir kynferðisofbeldis og hlutfallið á myndinni miðast við heildarfjölda ofbeldismanna (641). Upplýsingar um hvaða þvingunaraðferðum var beitt vantar hjá 45 ofbeldismönnum (7%). Mynd 22 sýnir að í 41,5% tilfella var engum af ofangreindum þvingunaraðferðum beitt. Einnig má sjá að 35,7% ofbeldismanna beittu andlegu ofbeldi, 22,3% beittu líkamsmeiðingum og 17,9 % beittu hótunum. Þetta eru svipuð hlutföll og koma fram í ársskýrslu frá árinu 2020 en þá hafði hæsta hlutfall þeirra ofbeldismanna sem beittu einhverri af ofangreindum þvingunaraðferðum beitt andlegu ofbeldi (eða 29,4%). Næsthæsta hlutfall ofbeldismanna beittu líkamsmeiðingum (eða 25,3%) og þriðja hæsta hlutfall ofbeldismanna beittu hótunum (eða um 24,2%) samkvæmt ársskýrslu frá árinu 2020. Þessar niðurstöður sýna að hluta til alvarleika brotanna en um leið er rétt að ítreka að kynferðisofbeldi er í sjálfu sér ofbeldi og þvingun, og er mjög alvarlegt þótt hér séu gefnar upplýsingar um sérstakar þvingunaraðferðir sem stundum er beitt til viðbótar við sjálft kynferðisofbeldið.



Mynd 23. Hvað gerði ofbeldismaðurinn til að tryggja þögn brotaþola?


Mynd 23 sýnir hvað ofbeldismenn gerðu til að tryggja þögn brotaþola og á við um allar birtingarmyndir kynferðisofbeldis. Hlutfallið á við fjölda ofbeldismanna (641) en samanlagt hlutfall verður hærra en 100%, þar sem stundum var merkt við fleiri en eitt atriði. Af hinum 641 ofbeldismanni sem miðað er við í mynd 23 vantar upplýsingar frá 33 (5,1%). Athyglisvert er að um 12,6% ofbeldismanna notuðu hótanir en þetta er lægra hlutfall en kemur fram í ársskýrslu frá árinu 2020 (þá var hlutfallið 14,4%). Mynd 23 sýnir einnig að 15,1% ofbeldismanna kenndu brotaþola um ofbeldið og er þetta svipað hlutfall og í ársskýrslu frá árinu 2020 (15%).



Mynd 24. Samanburður milli nauðgana og sifjaspella


Mynd 24 sýnir annarsvegar hvað ofbeldismenn sem beittu nauðgunum gerðu til að tryggja þögn brotaþola og hinsvegar þeir ofbeldismenn sem beittu sifjaspellum. Hlutfallið á mynd 24 miðast annarsvegar við þá 135 sem beittu sifjaspellum og merkt var við hvað þeir gerðu til að tryggja þögn brotaþola, og þá 347 sem beittu nauðgunum og merkt var við hvað þeir gerðu til að tryggja þögn brotaþola. Þessar upplýsingar byggja á skýrslum um ofbeldismenn og er ekki hægt að bera þessar tölur saman við ástæður þess að leitað var til Stígamóta.

Mynd 24 sýnir að nokkur munur er á aðferðum ofbeldismanna við að tryggja þögn brotaþola. Þar ber sérstaklega að nefna að hærra hlutfall þeirra sem beittu sífjaspellum notaði gjafir eða mútur, borið saman við þá sem beittu nauðgunum. Hærra hlutfall þeirra sem nauðguðu kenndu brotaþola um ofbeldið eða beittu líkamlegu ofbeldi, borið saman við hlutfall þeirra sem beittu sífjaspellum (sjá mynd 24). Niðurstöður úr ársskýrslum frá árunum 2017, 2018, 2019 og 2020 sýna svipuð hlutföll en þar kemur einnig fram að hærra hlutfall þeirra ofbeldismanna sem beittu sífjaspellum gáfu gjafir eða mútuðu, borið saman við þá sem beittu nauðgunum. Einnig sýna ársskýrslur frá árunum 2017, 2018, 2019 og 2020 að hærra hlutfall þeirra ofbeldismanna sem beittu nauðgunum kenndu brotaþola um ofbeldið eða beittu líkamlegu ofbeldi, borið saman við þá sem beittu sífjaspellum.



Mynd 25. Gerði ofbeldismaður eitthvað til að undirbúa og/eða viðhalda kynferðisofbeldinu fyrir, á meðan eða eftir að ofbeldið átti sér stað?

Hlutfallið á mynd 25 miðast við fjölda ofbeldismanna (641) en samanlagt hlutfall verður hærra en 100% þar sem stundum var merkt við fleiri en eitt atriði. Af hinum 641 ofbeldismanni sem miðað er við á mynd 25 vantar upplýsingar frá 53 (8,3%). Mynd 25 sýnir að um 39,6% ofbeldismanna höfðu unnið sér inn traust brotaþola og um 31,4% ofbeldismanna byggðu upp tilfinningaleg tengsl við brotaþola til að undirbúa eða viðhalda kynferðisofbeldinu. Þessar niðurstöður eru svipaðar í ársskýrslum frá árunum 2018, 2019 og 2020 þar sem fram kemur að 30% ofbeldismanna byggðu upp tilfinningaleg tengsl. Af þessu má sjá að ofbeldismenn hafa oft gert eitthvað til að undirbúa og/eða viðhalda því kynferðisofbeldi sem þeir beita (þetta er oft nefnt „grooming“ á ensku). Á Stígamótum lítum við svo á að kynferðisofbeldi sé alltaf og alfarið á ábyrgð þess sem beitir því.



Mynd 26. Gerði ofbeldismaður eitthvað til að undirbúa og/eða viðhalda kynferðisofbeldinu, skipt eftir tegund ofbeldis

Mynd 26 sýnir hvort ofbeldismenn sem beita sifjaspelli annarsvegar og nauðgunum hinsvegar geri eitthvað til að undirbúa og/eða viðhalda kynferðisofbeldinu. Hlutfallið á mynd 26 miðast annarsvegar við þá 134 sem beittu sifjaspellum og merkt var við hvort þeir gerðu eitthvað til að undirbúa og/eða viðhalda kynferðisofbeldinu, og hinsvegar þá 337 sem beittu nauðgunum og merkt var við hvort þeir gerðu eitthvað til að undirbúa og/eða viðhalda kynferðisofbeldinu. Þessar upplýsingar byggja á skýrslum um ofbeldismenn og er ekki hægt að bera þessar tölur saman við ástæður þess að leitað var til Stígamóta.

Mynd 26 sýnir að í báðum brotaflokkum byggja um og yfir þriðjungur ofbeldismanna upp tilfinningaleg tengsl við brotaþola til að undirbúa og/eða viðhalda ofbeldinu. Athyglisvert er að hærri hlutfall þeirra sem beittu sifjaspellum unnu sér inn traust og gáfu gjafir til að undirbúa og/eða viðhalda ofbeldinu, borið saman við þá ofbeldismenn sem beittu nauðgunum. Þessar niðurstöður eru svipaðar þeim sem fram koma í ársskýrslum frá árunum 2018, 2019 og 2020, en þar kemur fram að um og yfir 30% ofbeldismanna í báðum brotaflokkum byggðu upp tilfinningaleg tengsl. Einnig kemur fram í ársskýrslum frá árunum 2018, 2019 og 2020 að hærri hlutfall þeirra sem beittu sifjaspellum hafði unnið sér inn traust og gefið gjafir.

Kærð mál

Tafla 36. Kynferðisofbeldi sem kært var til lögreglu, skipt eftir tegund ofbeldis

	Allt kynferðisofbeldi		Sifjaspell		Nauðgun	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Nei	501	78,2%	117	92,1%	295	87,3%
Já	64	10,0%	10	7,9%	36	10,7%
Óvíst	7	1,1%	-	-	7	2,1%
Upplýsingar vantar	69	10,8%	-	-	-	-
Alls	641	100%	127	100%	338	100%

Af öllum þeim málum sem til Stígamóta bárust árið 2021 (og upplýsingar voru um þá sem beittu ofbeldinu) vitum við að 10% mála komust til opinberra aðila (sjá töflu 36). Í ársskýrslum fyrir árin 1992 til 2020 kemur fram að um 4% til 17% mála hvert ár voru kærð til lögreglu. Í töflu 36 er einnig hægt að sjá upplýsingar um þau mál þar sem vitað var að ofbeldismaður beitti sifjaspelli eða nauðgun, og upplýsingar um hvort mál hefðu verið kærð til lögreglu lágu fyrir. Hafa ber í huga við túlkun niðurstaðna að ef ekki liggja fyrir upplýsingar um hvort nauðgun eða sifjaspell voru kærð til lögreglu eru þau mál ekki með í ofangreindri töflu. Hærra hlutfall nauðgana hafði verið kært til lögreglu (eða 10,7%) borið saman við hlutfall sifjaspella (7,9%). Í ársskýrslu ársins 2020 kemur einnig fram að aðeins hærra hlutfall nauðgana var kært til lögreglu (eða um 15%) borið saman við hlutfall sifjaspella (8,9%).

Tafla 36 sýnir að meirihluti allra mála í öllum brotaflokkum sem greint er frá í töflunni voru ekki kærð til lögreglu. Ástæðurnar fyrir því að mál eru ekki kærð eru margar. Mál eru t.d. oft fyrnd þegar þau berast Stígamótum. Algengt er líka að fólk treysti sér ekki í gegnum yfirheyrslur og hafi ekki trú á að það nái fram rétti sínum fyrir dómstólum, enda eru brotapolar ekki aðilar að eigin máli fyrir dómi. Enn önnur skýring, og e.t.v. algengari en marga grunar, er að þau sem beitt eru kynbundnu ofbeldi eru svo þjökuð af skömm, sektarkennd og lélegri sjálfsmynd að þau treysta sér ekki til þess að kæra og finnst þau jafnvel bera ábyrgð á ofbeldinu sjálf, annaðhvort að hluta til eða alfarið.

Þannig kom fram í könnun sem gerð var af Hildigunni Magnúsdóttur og Katrínu Erlingsdóttur (2007)¹² að um 85% þeirra sem leituðu til Stígamóta nefndu skömm sem ástæðu fyrir að kæra ekki og að 75% kvenna sem hafði verið nauðgað litu svo á að nauðgunin hefði verið þeim sjálfum að kenna.

¹² Hildigunnur Magnúsdóttir og Katrín Erlingsdóttir. (2007). Íslenskir kynferðisbrotamenn: greining út frá svörum brotþola. Lokaritgerð í félagsráðgjöf: Háskóli Íslands.

Tafla 37. Var ofbeldismaður ákærður?

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	7	10,9%
Já	15	23,4%
Málið var felld niður	17	26,6%
Málið er í vinnslu	20	31,3%
Ekki viss	5	7,8%
Alls	64	100%

Tafla 38. Hvernig var dæmt í málinu í héraðsdómi?

	Fjöldi	Hlutfall
Dómur ekki fallinn	1	6,7%
Sýknun	2	13,3%
Skilorð	1	6,7%
Fangelsi	10	66,7%
Ekki viss	1	6,7%
Alls	15	100%

Tafla 39. Hvernig var dæmt í málinu í Hæstarétti?

	Fjöldi	Hlutfall
Ekki vísað til Hæstaréttar	1	7,7%
Dómur ekki fallinn	1	7,7%
Héraðsdómur þyngdur	1	7,7%
Ekki viss	10	76,9%
Alls	13	100%

Töflur 37, 38 og 39 gefa til kynna hvernig þeim kynferðisbrotamálum sem bárust Stígamótum og kærð voru til lögreglu reiddi af í dómskerfinu. Eins og sjá má í töflu 37 enduðu 23,4% þeirra mála sem kærð voru til lögreglu með ákæru og 26,6% málanna voru felld niður. Aftur á móti voru 31,3% málanna enn í vinnslu. Af þeim 15 málum sem fóru fyrir Héraðsdóm enduðu um 73% með fangelsisdómi eða skilorði (sjá töflu 38). Þetta er hærra hlutfall en fram kemur í ársskýrslu frá árinu 2020 (var þá 53,3%). Af þeim 13 málum þar sem dómur hafði fallið hjá Héraðsdómi var 1 máli (7,7%) ekki vísað til Hæstaréttar, í 1 máli (7,7%) var dómur ekki fallinn og í 1 máli var Héraðsdómur þyngdur (7,7%). Í 10 málum (76,9%) var ekki vitað hvort málunum hafði verið vísað til Hæstaréttar (sjá töflu 39). Af þessu sést að aðeins lítill hluti þeirra kynferðisbrotamála sem kærð eru til lögreglu enda með dómi. Þessar niðurstöður eru í samræmi við ársskýrslur fyrir árin 2013 til ársins 2020.

Aðstandendur

Öll tölfræðileg úrvinnsla um aðstandendur í myndum og töflum hér fyrir neðan byggir á þeim 87 aðstandendum sem komu í fyrsta skipti til Stígamóta árið 2021 og svöruðu spurningalista um aðstandendur. Níu aðstandendur sem komu í fyrsta skipti til Stígamóta árið 2021 svöruðu ekki spurningalistanum og eru því ekki með í þessari úrvinnslu. Upplýsingar um þessa 9 aðstandendur eru þó með í töflu 40 og 42, þar sem þær upplýsingar liggja fyrir.

Tafla 40. Er brotapolí sjálfur í viðtölum hjá Stígamótum eða hefur hann verið í viðtölum hjá Stígamótum?

	Fjöldi	Hlutfall
Nei	41	42,7%
Já	40	41,7%
Ekki viss	15	15,6%
Alls	96	100%

Í töflu 40 sést að í 42,7% tilfella þar sem aðstandendur leituðu til Stígamóta í fyrsta skipti á árinu höfðu brotapolarnir sjálfir ekki leitað aðstoðar hjá Stígamótum en í 41,7% tilfella höfðu brotapolarnir sjálfir leitað til Stígamóta. Þessar niðurstöður eru ekki í samræmi við ársskýrslu frá árinu 2020 þar sem fram kemur að í 25% tilfella þar sem aðstandendur leituðu til Stígamóta í fyrsta skipti höfðu brotapolarnir sjálfir ekki leitað til Stígamóta en leitað til Stígamóta í 63,9% tilfella.

Tafla 41a/b. Aðstandandi hvers kom í viðtal og hvernig eru tengslin?

Tafla 41a. Aðstandandi

	Fjöldi	Hlutfall
Brotapola	70	80,5%
Ofbeldismanns	4	4,6%
Bæði brotapola og ofbeldismanns	13	14,9%
Alls	87	100%

Tafla 41b. Tengsl aðstandanda

	Aðstandandi brotaþola		Aðstandandi ofbeldismanns	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Foreldri	54	65,1%	3	17,6%
Maki	19	22,9%	3	17,6%
Fyrrverandi maki	1	1,2%	2	11,8%
Systkini	1	1,2%	2	11,8%
Barn (afkomandi)	5	6,0%	2	11,8%
Frænka/frændi	1	1,2%	3	17,6%
Önnur tengsl	2	2,4%	2	11,8%
Alls	83	100%	17	100%

Í töflu 41a sést að um 95,4% nýrra aðstandenda eru tengdir brotaþola og 19,5% eru tengdir ofbeldismanni. Tafla 41b sýnir annarsvegar tengsl aðstandanda við brotaþola og hinsvegar tengsl aðstandanda við ofbeldismann. Í töflu 41b sést að meirihluti þeirra nýju aðstandenda sem tengdust brotaþola voru foreldrar, makar eða fyrrverandi makar brotaþola (eða um 89,2%). Um 88,2% nýrra aðstandenda sem tengdust ofbeldismanni voru tengdir ofbeldismanni fjölskylduböndum; sem foreldri, maki, fyrrverandi maki, systkini, barn eða frænka/frændi ofbeldismanns. Þetta eru svipuð hlutföll og fram koma í ársskýrslu frá árinu 2020 en þá var hæsta hlutfall aðstandenda brotaþola maki hans eða foreldri (eða um 72,7%). Einnig kom fram í ársskýrslu frá árinu 2020 að meirihluti aðstandenda ofbeldismanns tengdust honum fjölskylduböndum (eða um 90,5%).

Tafla 42. Kyn aðstandenda

	Fjöldi	Hlutfall
Karl	34	35,4%
Kona	62	64,6%
Alls	96	100%

Í töflu 42 kemur fram að meirihluti nýrra aðstandenda sem leituðu til Stígamóta árið 2021 voru konur (eða 64,6%). Þetta eru svipaðar niðurstöður og koma fram í ársskýrslum frá árunum 2008 til 2020 en öll árin var meirihluti aðstandenda konur.

